ÁSGEIR ELÍASSON
*Hlaupandi kraftaverk*
heilsa
allt Í MIÐJU BLAÐSINS




HALLUR HELGASON
*Vann Golf í norsku skafmiðahappdrætti*
Ætlar að selja bílinn án þess að prófa hann
FÓLK 42



GUNNAR AÐALBJÖRNSSON
*Bauð 350 manns í fiskisúpu á Dalvík*
Fiskidagurinn mikli heppnaðist með eindæmum vel
FÓLK 32



FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT

15. ágúst 2006 — 217. tölublað — 6. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

**Frímann aftur á skjáinn**



Tökur eru hafnar á annarri þáttaröð Sigtisins með Gunnari Hanssyni og félögum. Þættirnir verða á dagskrá Skjás eins í vetur. FÓLK 42

**Leikhús í gömlum frystiklefa**

Frú Norma frumsýnir í kvöld leikrit sitt Nátthrafna, en þetta er eini starfandi atvinnuleikhópurinn á Austurlandi. Leikritið verður sýnt á Egilsstöðum næstu þrjú kvöld. TÍMAMÓT 26

**Slær í gegn á vefnum**



Rebekka Guðleifsdóttir er ungur ljósmyndari sem hefur slegið í gegn á netinu. Hún vinnur nú að gerð samnings við bílaframleiðandann Toyota. MENNING 30

**Eiði leið illa**



Ástæðan fyrir því að Eiður Smári Guðjohnsen verður ekki með í landsleik Íslands og Spánar í kvöld er að honum leið illa í gærmorgun að sögn Eyjólfs Sverrissonar landsliðsþjálfara. Ákveðið var því að „þvæla" honum ekki hingað til lands. ÍÞRÓTTIR 36

**VEÐRIÐ Í DAG**




**SÓLIN SKÍN** - Í dag verður stíf norðanátt á Austfjörðum og austast á Suðausturlandi annars mun hægari. Léttskýjað sunnan og vestan til en skýjað og þurrt að kalla á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 10-17 stig, hlýjast suðaustan til.

# Níu af tólf vildu Jón í formannsstólinn

**Mikill meirihluti þingmanna Framsóknarflokksins var tilbúinn til þess að lýsa yfir stuðningi við Jón Sigurðsson í júní. Jón kom í veg fyrir að undirskriftasöfnun færi af stað. Siv, Guðni og Kristinn lýstu ekki yfir stuðningi við Jón.**

**FRAMSÓKN** Jón Sigurðsson, iðnaðarráðherra og frambjóðandi í formannskjörinu á flokksþingi Framsóknarflokksins um næstu helgi, kom í veg fyrir að undirskriftasöfnun færi af stað innan þingflokksins þar sem þingmenn lýstu yfir stuðningi við hann sem næsta formann Framsóknarflokksins. Þetta staðfesti Hjálmar Árnason, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, og Jón sjálfur í samtali við Fréttablaðið í gær. „Þetta var könnun innan þingsflokksins, sem síðan varð ekki opinber þar sem Jón sjálfur vildi ekki að einstakir þingmenn væru að opinbera stuðning sinn við sig með þessum hætti. Það var víðtæk samstaða með framboð Jóns Sigurðssonar og miðað við þessa könnun þá hefur Jón afgerandi stuðning innan þingflokksins," sagði Hjálmar.

Níu af tólf þingmönnum Framsóknarflokksins voru tilbúnir til þess að styðja Jón þegar stuðningur við hann var kannaður í júní síðastliðnum, en Guðni Ágústsson og Siv Friðleifsdóttir voru ekki tilbúin til þess að lýsa yfir stuðningi við Jón. Þá var hugur Kristins H. Gunnarssonar ekki kannaður, að sögn hans sjálfs. „Mér var ekki boðið að skrifa undir þennan lista, sem Jónína Bjartmarz og Hjálmar Árnason stóðu að," sagði Kristinn.

Jón staðfestir að hann hafi komið í veg fyrir að undirskriftalisti hefði farið af stað innan þingflokksins. „Mér fannst verra ef menn ætluðu sér að lýsa yfir stuðningi með þessum hætti. Ég sagði fólki að mér fyndist þetta óheppilegt þar sem ég var ekki búinn að gera upp hug minn á þessum tíma. Ég sagði að flokksmenn yrðu að fá að fara yfir þessi mál á sínum forsendum, þegar tilkynnt yrði um framboð á hverjum tíma."

Ekki náðist í Siv Friðleifsdóttur eða Guðna Ágústsson í gær. **- mh**



**SPÁNVERJARNIR KOMNIR TIL LANDSINS** José Reina, markvörður enska knattspyrnuliðsins Liverpool, sést hér gefa ungum íslenskum aðdáanda sínum eiginhandaráritun þegar spænska landsliðið skráði sig inn á Hotel Nordica um þrjú leytið í gær. Margar stórstjörnur leika með spænska landsliðinu og því má búast við erfiðum leik þegar íslenska landsliðið í knattspyrnu tekur á móti Spánverjum á Laugardalsvelli klukkan átta í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Flokksþing Framsóknarflokks:

## Fjögur í framboði til ritara

**FRAMSÓKN** Sæunn Stefánsdóttir og Kristinn H. Gunnarsson verða í framboði til ritara Framsóknarflokksins á flokksþinginu um næstu helgi. Sæunn, sem hefur lýst yfir stuðningi við Jón Sigurðsson í formannskjörinu í flokknum, segist tilbúin til þess að láta verkin tala í forystuhlutverki innan Framsóknarflokksins. „Ég tel að það sé hægt að leysa krafta úr læðingi, með því að efla innra starf flokksins, sem verði til þess fallnir að efla Framsóknarflokkinn og snúa þannig vörn í sókn."



KRISTINN H. GUNNARSSON



SÆUNN STEFÁNSDÓTTIR

Kristinn segist finna fyrir miklum stuðningi við framboð sitt, en hann hefur ekki gefið út hverja hann styðji í önnur embætti sem kosið verður í. „Ég trúi því að ég geti orðið að gagni fyrir flokkinn. Starf ritara er mikil ábyrgðarstaða hjá Framsóknarflokknum, þar sem ritari stýrir innra starfi flokksins." **- mh /** **sjá síðu 10**

Eftirlit á Keflavíkurflugvelli:

## Öryggiseftirlit hert í Leifsstöð

**ÖRYGGISEFTIRLIT** Ekki er leyfilegt að hafa meðferðis vökva í handfarangri á flugleiðum til Bretlands og Bandaríkjanna frá og með deginum í dag. Þá þurfa allir farþegar sem fljúga til fyrrgreindra landa að fara úr skóm, sem verða gegnumlýstir við vopnaleit.

Undanþegið þessu banni er matur og mjólk fyrir ungabörn, og nauðsynleg lyf að hámarki 240 millilítrum.

Þessar breytingar eru gerðar vegna hertustigs sem ennþá er fyrir hendi vegna ógnar sem stafar af hryðjuverkum í Bretlandi og Bandaríkjunum. Mælt er með því að farþegar á þessum flugleiðum lágmarki handfarangur sinn eins og kostur er. **- mh**

Átök Ísraelshers og Hizbollah-meðlima í Líbanon:

# Langþráð vopnahlé í Líbanon

**LÍBANON, AP** Vopnahlé komst á milli Ísraelshers og Hizbollah-liða í Líbanon klukkan fimm að íslenskum tíma í gærmorgun, en þá höfðu átökin staðið í 34 daga. Forystumenn stríðandi fylkinga, þeir Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, og Hassan Nasrallah, leiðtogi Hizbollah, sögðu hvor fyrir sig að vopnahléið væri sigur fyrir sinn málstað. Olmert lýsti yfir ánægju sinni með vopnahléið á ísraelska þinginu og sagði að valdajafnvægi á svæðinu hefði verið breytt, Ísraelsríki í hag. Hann harmaði hins vegar að stríðið hefði verið háð á „ófullnægjandi" máta. „Barátta Zíonistahreyfingarinnar gegn hryðjuverkum [...] er langtímabarátta," sagði forsætisráðherrann og lofaði að taka fulla ábyrgð á mistökum í stríðinu. Staða Olmerts á þinginu hefur veikst til muna eftir að átökin hófust og hafa þau stefnt í hættu áætlun hans um að leggja endanleg landamæri Ísraelsríkis, en það er eitt meginatriða á stefnuskrá Kadima-flokks forsætisráðherrans. Ísraelsher mun ekki yfirgefa Líbanon fyrr en alþjóðleg friðargæslusveit kemur þangað.

Hassan Nasrallah, leiðtogi Hizbollah-hreyfingarinnar, talaði um „sögulegan sigur" hreyfingarinnar á Ísraelsmönnum. Hann sagði ekki tímabært að ræða afvopnun liðsmanna sinna, en að það yrði gert í leynilegum viðræðum við ríkisstjórn Líbanons, þegar landið telst varið á viðunandi máta fyrir hugsanlegum árásum Ísraelsmanna. Hann kvað alþjóðlegt gæslulið ekki vera vandanum vaxið enn um sinn. „Helsta markmið Ísraela hefur verið að afvopna Hizbollah, en það næst ekki með því að leggja heimili í rúst heldur næst það einungis með viðræðum," sagði Nasrallah í sjónvarpsávarpi.

Vopnahléið er talið ákaflega viðkvæmt, en þó flykktust þúsundir Líbana aftur til síns heima, þrátt fyrir ferðabann sem Ísraelsher setti á. **- smk/ - kóþ** **sjá síðu 18**








## SPURNING DAGSINS

*Guðjón, ykkur hefur ekki langað að taka annan hring?*

„Nei takk, ekki nema KB Banki heiti því að stofna útibú í Tógó og borga öllum sömu laun þar og þeir gera hér.“

Guðjón Heiðar Valgarðsson hjólaði hringinn í kringum landið ásamt tveimur félögum sínum til að styrkja Spes-samtökin sem vinna að því að koma upp og reka heimili fyrir munaðarlaus börn í þróunarlöndum.

Viðbúnaðarstig vegna hryðjuverkahættu lækkað í Bretlandi:

# Handfarangur heimilaður á ný

**BRETLAND, AP** Yfirvöld í Bretlandi lækkuðu í gær viðbúnaðarstigið vegna yfirvofandi hryðjuverkahættu lítillega. Ákvörðunin veitir langþreyttum flugfarþegum kærkomnar tilslakanir frá þeim hámarksöryggisráðstöfunum sem gripið var til er upp komst fyrir helgi um áform um að granda allt að tíu farþegaþotum í flugi milli Bretlands og Bandaríkjanna.

Tilslakanirnar voru þó ekki miklar og ferðalangar þurftu enn að sætta sig við langa bið við öryggishlið og innritun, auk þess sem miklar tafir urðu á mörgum flugleiðum og um einni af hverjum tíu áætlunarflugferðum var aflýst.



**LÖNG BIÐ** Flugfarþegar á Heathrow-flugvelli bíða eftir innritun í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rannsóknin á hryðjuverkasamsærinu beindist í gær meðal annars að velgjörðarsamtökum í Pakistan, sem sagt var að gætu hafa átt þátt í að fjármagna áformin. Var líkum að því leitt að féð væri komið úr sjóðum sem ætlaðir voru til að standa straum af neyðaraðstoð vegna jarðskjálftanna miklu í Pakistan. Dómstóll í Lundúnum framlengdi gæsluvarðhald yfir þeim 23 sakborningum sem í haldi eru, grunaðir um aðild að samsærinu.

Lækkun viðbúnaðarstigsins þýðir það að flugfarþegum á breskum flugvöllum er nú heimilt að taka með sér eina litla tösku í handfarangur. Fartölvur, vasadiskó og bækur voru einnig heimilaðar á ný. - aa

Tölur frá Fiskistofu:

## Kolmunnaafli meiri en í fyrra

**SJÁVARÚTVEGUR** Samkvæmt tölum Fiskistofu um úthafsveiðar í júlí komu 34.312 lestir af norsk-íslenskri síld á land í júlímánuði og fékkst stærsti hluti þess afla innan færeyskrar lögsögu.

Meira hefur aflast af kolmunna í ár heldur en í fyrra, þrátt fyrir að kolmunnaafli í júlí síðastliðnum hafi verið helmingi minni en í fyrra. Kolmunnaaflinn frá áramótum er kominn í 287.729 lestir en á sama tíma fyrir ári var búið að landa 251.385 af kolmunna. Svipað magn veiddist af úthafskarfa í síðasta mánuði og í júlí í fyrra, en úthafskarfinn í júlí var 4.024 tonn. -rsg

# Hvalur 9 tekinn í slipp síðar í vikunni

**Eitt hvalveiðiskipanna fjögurra sem legið hafa í Reykjavíkurhöfn undanfarin ár fer í slipp síðar í þessari viku, í fyrsta sinn í sautján ár. Framkvæmdastjóri Hvals hf., kveðst bjartsýnn á að hvalveiðar í atvinnuskyni hefjist fljótlega.**

**HVALVEIÐAR** Hvalur 9, eitt hvalveiðiskipanna sem legið hafa við Ægisgarð í Reykjavíkurhöfn undanfarin ár, fer í slipp síðar í þessari viku í fyrsta sinn í sautján ár eða síðan 1989, að því gefnu að pláss losni hjá Stálsmiðjunni í Reykjavíkurhöfn.

Kristján Loftsson, framkvæmdastjóri Hvals hf., sem er eigandi skipanna, segir engin rök til fyrir því að hefja ekki hvalveiðar í atvinnuskyni hér við land. „Stofninn hér við land er í miklu betra ásigkomulagi núna heldur en þegar við vorum að veiða,“ segir Kristján. „Það er hægt að veiða hval hér við land til eilífðar ef veiðunum er stjórnað skynsamlega.“ Að sögn Kristjáns er stór markaður fyrir hvalkjöt erlendis, bæði í Japan og Noregi. Hann segir að ýmsir fyrirvarar sem settir voru fyrir inngöngu Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðið séu runnir út og því sé ekkert því til fyrirstöðu að leyfa hvalveiðar hér við land í atvinnuskyni, og því var ákveðið að ráðast í að kanna ástand hvalveiðiflotans.

„Þegar skip eru búin að liggja svona lengi þarf heilmikið að gera eins og gefur að skilja,“ segir Kristján. „Skipið hefur ekki farið í slipp síðan 1989, eða í sautján ár, og við viljum sjá í hvaða ástandi skipið er þessa stundina.“

Til þess að fá haffæri þarf skipið að fara í klössun, þar sem botninn er yfirfarinn, þykktarmældur og þar fram eftir götunum. Skip þarf öllu jöfnu að fara í klössun á fjögurra ára fresti, en eins og áður segir eru sautján ár frá því að skipið fór upp á þurrt land. „Þetta er heilmikil vinna. Það þarf að öxuldraga og taka stýrið niður og annað slíkt til að koma því í horfið og það má vel reikna með að skipið verði rúmar þrjár vikur í slipp,“ segir Kristján.



**KRISTJÁN LOFTSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI HVALS HF.** Hvalveiðiskipið Hvalur 9 fer í fyrsta skiptið í sautján ár í slipp í vikunni. Kristján er vongóður um að hvalveiðar í atvinnuskyni hefjist á næstunni. Hvalur 9 er skipið í bakgrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kristján segist ekki hafa gert upp hug sinn hvort eða hvenær hin hvalveiðiskipin fari í slipp, hann segist ætla að bíða og sjá í hvernig ástandi Hvalur 9 er, en skipið er yngst skipanna fjögurra, smíðað 1952 og er því 54 ára gamalt.

Kostnaðurinn við að halda flotanum í skikkanlegu ásigkomulagi yfir árin hefur verið verulegur að sögn Kristjáns. „Ég er búinn að eyða óhemju fjármunum í þennan rekstur og myndi örugglega bilast ef ég færi að velta því fyrir mér. Það kostar auðvitað að halda þessu við eins og allt annað hér á landi,“ segir Kristján. „Það kostar allt hér á landi nema víxileyðublöðin í bankanum,“ segir Kristján og hlær.

Að sögn Kristjáns hefur hann ekki fengið vilyrði fyrir kvóta.

aegir@frettabladid.is



**FERÐAMENN** Ferðamenn frá fleiri löndum verða taldir sérstaklega.

Meiri flokkun ferðamanna:

## Fjórum löndum bætt við

**FERÐAMENN** Frá næstu áramótum verður farið að telja ferðamenn frá fleiri löndum en áður hefur verið gert.

Nú eru taldir sérstaklega ferðamenn frá sextán löndum og aðrir flokkaðir undir „önnur lönd“. Frá áramótum verður fjórum löndum bætt við og er Kína þar á meðal.

Magnús Oddson ferðamálastjóri segir fá, ef nokkur lönd, hafa jafn nákvæman gagnagrunn um erlenda ferðamenn og Ísland. Magnús segir þennan gagnagrunn mikilvægan í allri markaðs- og kynningarvinnu ferðaþjónustunnar á erlendum mörkuðum. -hs

Bandarísk móðir:

## Lánaði kærastanum dótturina

**BANDARÍKIN, AP** Bandarísk kona sem óttaðist að kærastinn myndi yfirgefa hana á meðan hún lá veik, tók til þess ráðs að lána honum fimmtán ára gamla dóttur sína til afnota í rúminu. Parið og stúlkan skrifuðu undir samning þess efnis, en í staðinn átti stúlkan að fá föt og líkamsgötun.

Upp komst um málið eftir að stúlkan sagði frá samningnum, en þá hafði kærasti móður hennar haft mök við hana um 20 sinnum.

Konan og kærastinn, sem er 37 ára, hafa verið ákærð fyrir grófa misnotkun á stúlkunni. Móðirin hefur verið leyst úr haldi, en maðurinn situr inni fyrir aðild sína að málinu. - smk

Offita vandi samfélagsins:

## Feitir þurfa betri þjónustu

**HEILBRIGÐISMÁL** Það er mikilvægt að veita þeim aðstoð sem farnir eru að líða vegna ofþyngdar sinnar að mati Laufeyjar Steingrímsdóttur, næringarfræðings og sviðsstjóra rannsókna hjá Lýðheilsustöð.



**LAUFEY STEINGRÍMSDÓTTIR**

Í Fréttablaðinu í gær var sagt frá því að tæplega 400 manns biðu innlagnar á næringarsvið Reykjalundar og teldust þeir allir lífshættulega feitir.

Laufey segir mikilvægt að bæta þjónustu við þennan hóp enn frekar og segir það stundum gleymast í umræðunni að offita sé ekki einungis vandi einstaklinganna heldur einnig vandi samfélagsins. - hs

Reglum um farangur breytt:

## Farangur má nú vega 23 kíló

**FLUGSAMGÖNGUR** Icelandair hefur ákveðið að breyta reglum um hámarksþyngd farangurs á áætlunarleiðum félagsins. Tilmælum er þó enn beint til farþega að takmarka handfarangur eins og auðið er.

Kílóafjöldinn sem hver farþegi má ferðast með hefur verið aukinn úr 20 kílóum í 23 kíló og farþegi borgar nú 750 krónur fyrir hvert aukakíló umfram heimildina. Flugfélagið vekur athygli á að um tímabundna lækkun gjalda er að ræða.

Fyrir sérfarangur eins og golfsett, reiðhjól, skíði og annan íþróttafarangur sem fer yfir 23 kíló, greiðist eitt gjald, 2.500 krónur. - æþe

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Eftirför stöðvuð** Lögreglan stöðvaði för tveggja bíla á Miklubraut í fyrrinótt. Í þeim voru góðkunningjar lögreglu. Menn í öðrum bílnum töldu sig eiga sitthvað óuppgert við þá í hinum og veittu þeim því eftirför.




OPIÐ HÚS

Söngskólinn Domus vox

Opið hús í nýju húsnæði að Laugavegi 116, 2. hæð kl. 17:30 – 19:00

Allir velkomnir

Innritun hefst 21. ágúst – 1. september alla virka daga frá kl. 13:00-18:00

Domus vox Laugavegi 116, 105 Reykjavík sími 511-3737, GSM 893-8060, www.domusvox.is,domusvox@domusvox.is


Buðust til að frelsa fólk úr fjötrum samkynhneigðar í blaðaauglýsingu:

# Ekki í anda þjóðkirkjunnar

**TRÚARBRÖGÐ** Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, verkefnisstjóri upplýsingasviðs Biskupsstofu, segir að auglýsing sem birtist í Morgunblaðinu á laugardag á vegum óháðra trúfélaga sé ekki í anda þeirrar vinnu sem fer fram innan þjóðkirkjunnar um samkynhneigð. Hvítasunnukirkjurnar á Íslandi, Krossinn, Vegurinn og Betanía stóðu á bak við heilsíðuauglýsinguna, en í henni voru samkynhneigðir hvattir til að leita sér hjálpar til að „losna úr viðjum samkynhneigðar“.

„Það er alveg ljóst af ályktun kenningarnefndar sem var lögð fram fyrir prestastefnu í apríl á þessu ári og er til umræðu innan kirkjunnar nú að þjóðkirkjan viðurkenni að kynhneigð fólks er mismunandi,“ segir Steinunn, en biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, hefur ekki tjáð sig um málið.

„Við erum ekki að fordæma samkynhneigða. Við erum bara að segja að lífsmáti þeirra sé ekki eðlilegur og að það sé til önnur leið,“ segir Kristinn Ásgrímsson, sem veitir Hvítasunnusöfnuðinum í Reykjanesbæ forstöðu og er einn upphafsmanna auglýsingarinnar. „En mér finnst þetta náttúrulega ekki jákvætt,“ segir Kristinn.

Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður Samtakanna ´78, segir að samtökin hafi áhyggjur af því að verið sé að auglýsa meðferðir sem eru mjög skaðlegar. „En auglýsing er auglýsing og fólk verður að fá að hafa sínar skoðanir. Ýmsir eru fjötrarnir og sumir myndu álíta að svona kristin trú væru fjötrar,“ segir Hrafnhildur. - rsg



**HRAFNHILDUR GUNNARSDÓTTIR** Formaður Samtakanna ´78 tekur auglýsinguna ekki inn á sig en hefur áhyggjur af málinu.

# 0 kr. alltaf

Viðskiptavinir í **Og1** greiða ekkert fyrir takmarkalausa notkun milli allra heimasíma innanlands.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet geta skráð sig í **Og1.**

**Auðvelt að skipta.**
Það er ekkert mál að skipta um símafyrirtæki eða almennt að skrá sig í **Og1**. Hringdu núna í **1414** eða smelltu þér á www.ogvodafone.is og skráðu þig og þína. Mánaðargjald heimasíma er 1.390 kr.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 33362 06/2006

Og1





**Og Vodafone** hefur leitt samkeppni á íslenska fjarskiptamarkaðnum og fært neytendum betri þjónustu og lækkað verð.

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

og vodafone

Heyrumst!

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 14.8.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 71,15 | 71,49 |
| Sterlingspund | 134,28 | 134,94 |
| Evra | 90,54 | 91,04 |
| Dönsk króna | 12,135 | 12,207 |
| Norsk króna | 11,322 | 11,388 |
| Sænsk króna | 9,84 | 9,898 |
| Japanskt jen | 0,6099 | 0,6135 |
| SDR | 105,4 | 106,02 |

*Gengisvísitala krónunnar*
125,3734

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Útsendingar á enska boltanum hefjast 15. september á Digital Ísland:

# Flestir ná öllum leikjunum

**SJÓNVARP** Áskrifendur enskuknattspyrnunnar geta horft á knattspyrnuhetjurnar sínar í gegnum myndlykil Digital Ísland frá og með 15. september næstkomandi. Þá verður tæpur mánuður frá því að deildarkeppnin hefst, en keppnistímabilið í Englandi hefst um næstu helgi.

„Við höfum verið að vinna frá því snemma í sumar við að ganga frá öllum lausum endum svo að enski boltinn geti verið kominn inn á kerfið hjá okkur 15. september næstkomandi,“ segir Pálmi Guðmundsson, markaðsstjóri 365 fjölmiðla. Hann segist fullviss um að það standist.

„Við verðum með alla leikina í boði fyrir þá sem eru með örbylgjuloftnet, sem er stærsti hlutinn hjá okkur. Þeir sem eru með UHF-loftnet geta valið úr tveimur til þremur leikjum, en það verða sárafáir leikir sem þeir viðskiptavinir missa af,“ segir Pálmi.

Sama dag og enski boltinn verður aðgengilegur á Digital Ísland geta viðskiptavinir Símans nálgast útsendingar Sýnar í gegnum dreifingarkerfi fyrirtækisins hvort sem er í gegnum ADSL-tengingu eða breiðbandið.

- æþe



ENGLANDSMEISTARAR CHELSEA Þeir sem hafa örbylgjuloftnet hjá Digital Ísland munu geta séð alla leiki í enska boltanum gegn áskrift.

Mótmælin í Mexíkóborg:

# Bandarískum bönkum lokað

**MEXÍKÓ, AP** Stuðningsmenn López Obrador meinuðu viðskiptavinum bandarískra banka aðgöngu í þá í Mexíkóborg í gær. Þetta var gert í mótmælaskyni við úrslit forsetakosninganna í júlí, en Obrador tapaði þeim með 0,6 prósenta mun og krefst endurtalningar atkvæða.

Allt þykir benda til að mótmælin verði langvinn, en svokölluð „götupólitík“ er þekkt fyrirbæri í Mexíkó. Verði andstæðingur Obradors, Felipe Calderón, lýstur sigurvegari kosninganna, er eins víst að Obrador haldi áfram aðgerðum næstu sex árin, allt kjörtímabilið.

- kóþ



MAHMOUD AHMADINEJAD Margar skopmyndanna endurspegla skoðanir Íransforseta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sýning opnuð í Íran:

# Skopteikningar um helförina

**ÍRAN, AP** Sýning á yfir 200 skopteikningum um helförina gegn gyðingum var opnuð í Teheran í gær. Teikningarnar eru afrakstur samkeppni sem íranskt ríkisdagblað efndi til sem eins konar svar við skopteikningunum af Múhameð spámanni, sem fyrst birtust í Jótlandspóstinum danska í fyrrahaust.

Teikningarnar á sýningunni endurspegla margar sterkar skoðanir Mahmouds Ahmadinejad Íransforseta, en hann hefur meðal annars kallað helförina „goðsögn“ og hvatt til eyðingar Ísraelsríkis.

- aa

Aflatölur Fiskistofu:

# Heildarafli dregst saman

**SJÁVARÚTVEGUR** Samkvæmt aflatölum Fiskistofu hefur heildarafli dregist saman milli ára, en minni loðnu- og kolmunnaafli í ár skýrir að mestu samdráttinn. Heildarafli fiskveiðiársins 2005-2006 var 1.202.177 tonn í lok júlí síðastliðins en á sama tíma á síðasta fiskveiðiári var aflinn 1.677.993 tonn.

Aðeins 9.616 tonn veiddust af þorski í júlí síðastliðnum sem er svipað og í fyrra en kolmunnaafli minnkaði um tíu þúsund tonn milli ára.

Búið er að veiða upp aflamark í löngu, keilu, steinbít og þykkvalúru en meira er eftir af aflamarki í ýsu og ufsa en á sama tíma í fyrra.

- rsg

# Segir þjóðirnar gegna sögulegu hlutverki á Srí Lanka

**Að sögn Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, gegna Norðmenn og Íslendingar sögulegu hlutverki á Srí Lanka, nú þegar starf vopnahlés-eftirlitssveitarinnar SLMM stendur og fellur með áframhaldandi þátttöku fulltrúa þjóðanna tveggja. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun í vikunni um framhald gæslunnar á Srí Lanka.**

**UTANRÍKISMÁL** Norðmenn og Íslendingar, sem eru einu þjóðirnar sem eftir verða með fulltrúa í norrænu vopnahlés-eftirlitsnefndinni á Srí Lanka, SLMM, þegar Danir, Svíar og Finnar hafa yfirgefið hana síðar í þessum mánuði, gegna við þessar kringumstæður sögulegu hlutverki við að bjarga vopnahléinu frá því að fara aftur út um þúfur. Þetta segir Jonas Gahr Störe, utanríkisráðherra Noregs, en hann átti viðræður við utanríkis- og forsætisráðherra í Reykjavík í gær.

Með Gahr Støre í för var Jon Hansen-Bauer, sérlegur sáttasemjari í Srí Lanka-deilunni, en þar takast á aðskilnaðarsinnaðir tamílar og stjórnarher eyríkisins. Norskir sáttasemjarar komu á vopnahléssamkomulaginu árið 2002, sem stöðvaði borgarastríð sem kostað hefur minnst 65.000 mannslíf. SLMM hefur það hlutverk að fylgjast með framkvæmd samkomulagsins.

Stjórnvöld í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi, norrænu löndunum sem aðild eiga að Evrópusambandinu, ákváðu að kalla fulltrúa sína í SLMM heim eftir að Tamíltígrarnir, skæruliðahreyfing aðskilnaðarsinnaðra tamíla á Sri Lanka, lýstu því yfir að þeir ábyrgðust ekki lengur öryggi ríkisborgara ESB-landa eftir að Evrópusambandið ákvað að setja Tamíltígrana á lista yfir hryðjuverkasamtök.

„Ég tel að Norðmenn og Íslendingar hafi nú sögulegu hlutverki að gegna á Srí Lanka,“ tjáði Gahr Støre Fréttablaðinu. Nú þegar norræna eftirlitssveitin SLMM minnkaði úr 60 mönnum í átján yrðu þjóðirnar tvær að leggja til fleiri liðsmenn; 30 starfsmenn þurfi til að liðið geti sinnt lágmarksstarfsemi. Meirihluti liðsaukans yrðu Norðmenn, en Gahr Støre sagðist aðspurður gera sér vonir um að Íslendingar legðu til „handfylli“, það er um fimm manns.

Á blaðamannafundi að loknum viðræðum ráðherranna í gærmorgun sagði Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra að íslenska ríkisstjórnin tæki ákvörðun um það nú í vikunni hvernig beiðninni yrði svarað. Hún sagði mikilvægt að öryggi sendifulltrúanna yrði tryggt.

Auk ástandsins á Srí Lanka ræddu ráðherrarnir um möguleika á að gera nýja atlögu að samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, um Evrópumál og fleira. Gahr Støre sagði mikilvægt að Ísland og Noregur ættu náið pólitískt samráð þar sem löndin hefðu mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta, ekki síst í hafinu á norðurslóðum og í EES-samstarfinu.

audunn@frettabladid.is



JONAS GAHR STØRE OG VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR Norski utanríkisráðherrann var í einkaheimsókn hér á landi um helgina en átti viðræður í gær við starfssystur sína, Valgerði Sverrisdóttur, sem hér sést með honum á blaðamannafundi í utanríkisráðuneytinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


BÍLL DAGSINS

NISSAN PRIMERA ACENTA

Nýskr. 02.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 13 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

SÓLRÍKT Í DAG

Eins og sjá má þá verður afar bjart yfir landinu okkar í dag og ættu menn þá að kætast. Það er bara þannig að menn verða mun léttari í skapi þegar sólin skín en þegar dumbungurinn ríkir. Norðanáttin verður hins vegar ráðandi í dag en á morgun verður hann vestlægari og þá dregur fyrir sólu á vestanverðu landinu. Hins vegar verður áfram bjart í öðrum landshlutum.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG

Norðan 5-8m/s. Léttskýjað. Hiti 12-15 stig.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C skúrir | London | 22°C skúrir | Alicante | 33°C léttskýjað |
| Billund | 20°C rigning | París | 24°C skúrir | Mallorca | 30°C hálfskýjað |
| Osló | 21°C rigning | Frankfurt | 19°C skúrir | Algarve | 25°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 20°C skúrir | Friedrichshafen | 25°C hálfskýjað | Krít | 33°C heiðskírt |
| Gautaborg | 18°C rigning | Berlín | 17°C rigning | Las Palmas | 27°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




**LEIKUR ÁN FORDÓMA**

# ÍSLAND:SPÁNN

| | Miðaverð |
|---|---|
| ~~Sæti á rauðu eða bláu svæði~~ | ~~3.000 kr.~~ UPPSELT |
| ~~Sæti á grænu svæði~~ | ~~1.500 kr.~~ UPPSELT |
| Stæði | 1.000 kr. |

**50% afsláttur fyrir 16 ára og yngri.**

Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar í báðum stúkum. Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjarföng inn á völlinn.

Áhorfendur eru hvattir til að mæta tímanlega því aðgöngumiðar eru skannaðir við aðgönguhlið.
Áhorfendur á rauðu og grænu svæði ganga inn um aðgönguhlið í vesturstúku.
Áhorfendur á bláu svæði og í stæðum ganga inn um aðgönguhlið við austurstúku við Valbjarnarvöll.

*Alltaf í boltanum*

FIFA *For the Good of the Game*

midi.is

*Alltaf í boltanum með KSÍ*

Landsbankinn MasterCard Coca-Cola og vodafone VÍS 1X2 ICELANDAIR

*Allir á völlinn.*
*Áfram Ísland!*



## KJÖRKASSINN

*Á að lengja kennaranám?*

| | |
|---|---|
| Já | 62% |
| Nei | 38% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Stundar þú nám á komandi vetri?*

Segðu skoðun þína á Visir.is

visir

Mótmælendur koma upp nýjum búðum í landi Kollaleiru við Reyðarfjörð:

# Vaktaðir eins og glæpamenn

**MÓTMÆLI** „Það eru engar tjaldbúðir hérna, þetta eru bara fáeinir vinir mínir í heimsókn,“ segir Guðmundur Beck, bóndi á Kollaleiru við Reyðarfjörð og fyrrverandi varaþingmaður á Austurlandi. Hann viðurkennir þó að um tuttugu manns dvelji í tjöldum í landi Kollaleiru en þar sé á ferðinni fólk sem beri hag náttúrunnar fyrir brjósti.



GUÐMUNDUR BECK

Guðmundur er óánægður með það viðhorf sem mótmælendurnir mæta. „Það er alltaf talað um þá eins og einhverjar skepnur.“

Lögregla á Egilsstöðum lokaði í síðustu viku búðum mótmælenda við Snæfell, en hluti þeirra sem þar höfðu dvalið hafa nú fært sig að Kollaleiru.

Guðmundur segist hafa verið undir miklu eftirliti. „Síðan búðirnar voru settar upp í Snæfelli hefur Bechtel látið útsendara sína njósna um mig á hverjum degi. Maður er vaktaður eins og glæpamaður.“ Þá telur Guðmundur einnig að heimasími hans sé hleraður.

„Þetta líkist æ meira fasistaríki, þar sem njósnað er um borgarana. Ég bíð bara eftir að þeir komi með byssurnar,“ segir Guðmundur. **- öhö**



**MÓTMÆL Á REYÐARFIRÐI** Um 20 manna hópur mótmælenda hefur komið upp búðum á Reyðarfirði.

Günter Grass var í Waffen-SS:

# Mætir skilningi og gagnrýni

**ÞÝSKALAND, AP** Nóbelsskáldið Günter Grass greindi óvænt frá því um helgina að hann hefði þjónað í lok heimsstyrjaldarinnar síðari sem sjálfboðaliði í Waffen-SS-hersveit, þá 17 ára að aldri, og hefur hann bæði mætt skilningi en einnig kallað yfir sig harða gagnrýni frá hinum ýmsu aðilum, innan Þýskalands sem utan.

Sumir gagnrýnenda Grass segja að viðurkenning hans á þessum hingað til leynda þætti í ævi hans rýri mjög vægi hans sem siðferðispostula í opinberri umræðu í landinu, en í meira en hálfa öld hefur hann hvatt landsmenn sína til uppgjörs við nasistatímann. **- aa**

Framvinda Baugsmáls:

# Endurákæra ekki útilokuð

**BAUGSMÁL** Ekki hefur verið útilokað ennþá að Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, verði ákærður í þriðja sinn vegna kaupa Baugs á Vöruveltunni, sem átti og rak 10-11 verslanirnar, árið 1999.

Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í Baugsmálinu, sagði í gær að endurákæra hefði ekki komið til umræðu ennþá. „Það hefur ekki verið útilokað ennþá að endurákæra en það verður ákveðið þegar þar að kemur. Ákærði fengi þá að vita af því manna fyrstur, eðli málsins samkvæmt.“ **- mh**

## LÖGREGLURFRÉTTIR

**Þjófnaður á rafmagni** Maður er grunaður um orkuþjófnað á Ísafirði. Svo virðist sem þjófnaðurinn hafi farið fram með þeim hætti að rafmagn var tengt framhjá mæli í einbýlishúsi á Ísafirði.

**Útafakstur í Víkurskarði** Ökumaður fólksbíls var fluttur með minni háttar meiðsl á slysadeild í fyrrinótt eftir útafakstur í Víkurskarði. Talið er að kind hafi fipað ökumanninn, sem var ung stúlka. Farþegi í bílnum slapp ómeiddur.

## ÍSRAEL

**Sharon hrakar** Samkvæmt tilkynningu frá sjúkrahúsinu sem annast um Ariel Sharon, fyrrverandi forsætisráðherra Ísraels, er mælanleg heilastarfsemi hans minni en áður og ný sýking hefur greinst í lungum. Sharon hefur verið í dái síðan um áramót.



**STÓLAR FYRIR DYRNAR** Mótmælendur héldu starfsfólki Hönnunar í gíslingu í tæpan hálftíma í gærmorgun. MYND/ÞORVALDUR EINARSSON

# Mótmælendur héldu starfsfólki í gíslingu

**Tæplega tíu manna hópur mótmælenda ruddist inn á skrifstofu verkfræðistofunnar Hönnunar á Reyðarfirði í gær og hindraði ferðir starfsfólks. Stofan tengist lítið framkvæmdunum við Kárahnjúka. Málið hefur verði kært til lögreglu.**

**MÓTMÆLI** „Mótmælendurnir ruddust hingað inn rétt upp úr klukkan níu og byrjuðu á að loka öllum útgönguleiðum skrifstofunnar,“ segir Steinar Ísfeld Ómarsson, vélatæknifræðingur hjá Hönnun á Reyðarfirði.

„Við stóðum í þrefi við þá þangað til þeir tóku upp á því að fara inn á skrifstofu framkvæmdastjórans og ætluðu að loka sig þar inni. Okkur tókst hins vegar að koma í veg fyrir það. Á skrifstofunni er mikið af viðkvæmum trúnaðargögnum sem ekki er æskilegt að hver sem er komist í,“ segir Steinar.

Starfsfólk Hönnunar hafði samband við lögreglu og mótmælendurnir yfirgáfu skrifstofuna þegar þeir vissu að lögregla var á leiðinni á vettvang.

Að sögn lögreglunnar á Eskifirði stóðu mótmælin í tæpan hálftíma, en mótmælendurnir voru allir erlendir. Höfðu þeir meðal annars sett fleyga undir hurðir og stóla fyrir dyr til að hindra að starfsfólk kæmist út.

Aðgerðir mótmælenda komu starfsfólki Hönnunar mjög á óvart, en stofan kemur lítið nálægt framkvæmdunum við Kárahnjúka. „Við erum aðallega að vinna fyrir sveitarfélögin hér á svæðinu og því þykja okkur þessar aðgerðir mótmælendanna mjög sérstakar,“ segir Steinar.

Hönnun hefur lagt fram kæru vegna húsbrots og frelsissviptingar starfsmanna. Mótmælendurnir voru færðir til skýrslutöku í gær en sleppt að henni lokinni.

„Við lítum þetta mál mjög alvarlegum augum,“ segir Óskar Guðmundsson, staðgengill yfirlögregluþjóns á Eskifirði. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort mótmælendurnir verða kyrrsettir hér á landi.

**hnefill@frettabladid.is**

Alcoa Fjarðaál undirbýr kæru á hendur mótmælanda:

# Klippti sér leið inn á svæðið

**MÓTMÆLI** Mótmælandi fór í leyfisleysi inn á byggingasvæði Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði í gærmorgun. Samkvæmt fréttatilkynningu sem barst fjölmiðlum í gær vegna atviksins, stofnaði maðurinn með framferði sínu sér og öðrum starfsmönnum á svæðinu í hættu. Alcoa Fjarðaál undirbýr kæru á hendur manninum vegna atviksins, lögfræðingur fyrirtækisins er að fara yfir málið.

Mótmælandinn klippti í sundur vírgirðingu til að komast inn á svæðið þar sem um fjórtán hundruð manns voru að vinnu. Hann gekk sem leið lá að kerskálanum og fór þar inn. Hann var beðinn um að hafa sig á brott af svæðinu, en sinnti því engu og því var lögregla kölluð til og fjarlægði hún manninn. Maðurinn stöðvaði vinnu á svæðinu í um tvær klukkustundir.

„Við lítum það mjög alvarlegum augum þegar menn fara inn á þetta svæði sem er talið mjög hættulegt og stofna þar með sjálfum sér og öðrum í hættu,“ segir Erna Indriðadóttir, upplýsingafulltrúi Alcoa Fjarðaáls. „Við getum ekki undir neinum kringumstæðum samþykkt svona hátterni.“



ERNA INDRIÐADÓTTIR

Atvikið hefur ekki enn verið kært til lögreglu en að sögn Ernu er aðeins tímaspursmál hvenær það verður gert. **- æþe**

SKEMMTISKOKK 3 KM
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 19. ÁGÚST
Skráðu alla fjölskylduna og fáðu nánari upplýsingar á marathon.is
ICELANDAIR GLITNIR FRÉTTABLAÐIÐ
Reykjavíkurborg marathon.is ÍR
Bamba asics SUZUKI POWERADE Margt smátt
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



OPIÐ RÝMI
Teva
KRINGLAN - SMÁRALIND
STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN
01-8874




GOTT FÓLK McCANN

410 4000 I landsbanki.is

Náman - námsmannaþjónusta Landsbankans



## VEISTU SVARIÐ?

*1 Hvaða íslenska verslun var nýverið valin ein af sjö flottustu búðum heims af hinu virta danska tískuriti Eurowoman?*

*2 Hvað tekur Laugardalsvöllur marga áhorfendur í sæti með tilkomu nýju stúkunnar?*

*3 Hvað heitir myndin sem Mel Gibson er að framleiða og fjallar um Maya-menningarveldið?*

SVÖR ERU Á BLS. 42

Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands verður sífellt líklegri:

# Endanleg afstaða ráðherra í október

**HÁSKÓLAR** Nefnd sem mun vinna að áætlun um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands hefur verið sett á fót. Þetta var ákveðið á fundi rektora beggja háskóla og ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins í gærmorgun.

„Á fundinum var ákveðið að skipa þessa nefnd, sem skipuð er fulltrúum frá báðum háskólum og fulltrúa frá ráðherra,“ segir Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneytinu. „Nefndin mun svo taka til starfa í lok vikunnar og semja sameiningaráætlun, sem við vonum að muni liggja fyrir í lok október. Þá mun ráðherra líklega taka afstöðu til hennar og gangi allt að óskum verður þetta lagt fyrir Alþingi í kjölfar þess.“

Sameiningin verður líklega ekki fyrr en 2008, enda þarf margt að undirbúa og athuga áður en þar að kemur, að sögn Guðmundar. „Það þarf til dæmis að skoða hvernig starfsemi Kennaraháskólans fellur að Háskóla Íslands og byggingu hans. Námsskipanina þarf að skoða sérstaklega og réttindi og stöðu starfsmanna og nemenda,“ segir Guðmundur. - sgj



**ÓLAFUR PROPPÉ, KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR OG GUÐMUNDUR ÁRNASON.** Á fundi í menntamálaráðuneytinu í gær var rætt starf nefndar um sameiningu KHÍ og KÍ.

Framlag Íslendinga:

## Tíu milljónir til Líbanons

**HJÁLPARSTARF** Valgerður Sverrisdóttir utanríkiráðherra hefur ákveðið að auka framlag Íslendinga til mannúðar- og neyðaraðstoðar í Líbanon um 14,2 milljónir króna, en í lok júlí veitti utanríkisráðherra tíu milljónum króna til aðstoðar íbúum Líbanons.

Viðbótarframlagið mun renna jafnt til Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóða Rauða krossins. Samkvæmt upplýsingum frá Sameinuðu þjóðunum hafa meira en þúsund manns látið lífið í átökunum, flestir óbreyttir borgarar, og áætlað er að 900.000 manns séu á flótta eða heimilislausir vegna átakanna. - rsg

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Hafnaði í skurði** Bíll hafnaði úti í skurði í Ármúla í hádeginu í gær. Ökumaður bílsins slapp ómeiddur en eitthvað mun hafa séð á bílnum.

Ástandið hjá Stúdentagörðum:

## Staðan oft erfið

**ÍBÚÐAMÁL** „Mér er alveg sama hvar ég fæ stúdentaíbúð, mig langar bara að fá íbúð sem er nálægt háskólanum,“ segir Dagný Ósk Aradóttir, þriðja árs lögfræðinemi sem enn hefur ekki fengið úthlutað íbúð fyrir komandi skólavetur.

„Ég er heppin því að ég get búið heima hjá foreldrum mínum þangað til ég fæ íbúð, en ég get ímyndað mér að þetta sé mjög erfitt fyrir þá sem eiga í engin hús að venda í vetur og þurfa því að leigja sér íbúð á hinum almenna markaði,“ segir Dagný Ósk.

„Þetta fólk er í skelfilegri aðstöðu, það þarf að leigja sér íbúð einhvers staðar og í sumum tilfellum að skrifa undir langa leigusamninga sem svo getur reynst erfitt að losna undan ef íbúð losnar á görðunum.“ - æþe



**DAGNÝ ÓSK ARADÓTTIR, LÖGFRÆÐINEMI** Ein þeirra tæplega 700 stúdentar sem bíða eftir að fá íbúð hjá Stúdentagörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# Vantar 400 íbúðir á skrá

**Tæplega 700 manns bíða nú eftir húsnæði á vegum Stúdentagarða Háskóla Íslands. Rekstrarstjóri Stúdentagarða áætlar að 400 íbúðir vanti á skrá.**

**HÚSNÆÐI** Sex hundruð níutíu og tveir nemendur eru nú á skrá eftir húsnæði á vegum Stúdentagarða Háskóla Íslands að sögn Baldvins Ólasonar, rekstrarstjóra Stúdentagarðanna.



**BALDVIN ÓLASON**

„Þetta gerist þrátt fyrir að 96 stúdentaíbúðir verði teknar í notkun við Lindargötu nú í haust. Flestir bíða eftir einstaklingsíbúðum eða 546 manns. Þá bíða 75 eftir að komast í fjölskylduíbúðir og 70 bíða eftir paríbúðum.“

Baldvin áætlar að um 400 íbúðir vanti á skrá svo hægt verði að fullnægja húsnæðisþörf stúdenta. „Mest er fjölgunin af erlendum stúdentum á skrá en nú er Gamli Garður við Hringbraut eingöngu leigður út til þeirra.“ Baldvin segir erlenda stúdenta sækja meira í ódýra leigu en íslenskir stúdentar íhugi líka gæðin, en á Gamla Garði þurfa íbúar að deila eldhús- og baðaðstöðu.

„Á sama tíma í fyrra biðu um sex hundruð stúdentar eftir íbúðum og þetta er því fimmtán prósenta aukning á milli ára.“ Baldvin segir hluta af skýringunni á þessari fjölgun í og með vera þá að leiguverð íbúða á almennum markaði hafi hækkað. Í Fréttablaðinu í síðustu viku var sagt frá því að tveggja herbergja íbúðir hefðu hækkað um 10-20 þúsund krónur á milli ára að meðaltali.

Baldvin segir að mest hafi 1.400 stúdentar beðið eftir að komast inn á stúdentagarða en stærstur hluti þess hóps hafi leitað sér húsnæðis á almennum markaði.

Mánaðarleiga á tæplega fjörutíu fermetra íbúð á Skuggagörðum við Lindargötu er um 50 þúsund krónur. Til samanburðar má geta þess að fimmtíu fermetra íbúð við Skeggjagötu sem auglýst er til leigu á leigumiðlun stúdenta er leigð á 75 þúsund krónur á mánuði.

Baldvin segir stúdenta vera á biðlista eftir húsnæði í þeirri von að komast að en fyrir utan lægra verð fylgir stúdentagörðum ókeypis net- og símatenging ásamt þvottaaðstöðu.

Baldvin segir stúdenta sækja í húsnæði sem sé nálægt háskólanum og segir að verr hafi gengið að leigja út húsnæði sem HÍ hefur til umráða í Garðabæ.

Guðmundur Páll Jónsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, segir öllum lánsumsóknum um byggingu stúdentaíbúða hafa verið svarað játandi og að fjöldi bygginga sé nú í smíðum. Guðmundur segir að veitt séu 90 prósenta lán fyrir þessum byggingum með 3,5 prósenta vöxtum og að framhald verði á þessum kjörum.

hugrun@frettabladid.is



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Fleiri stúdentar bíða nú eftir að komast að stúdentagörðum en í fyrra. Þetta gerist þrátt fyrir að hátt í hundrað nýjar íbúðir verði teknar til notkunar nú í haust.




Vertu á hellu í sumar fyrir
4.092 KRÓNUR Á MÁNUÐI*



Hellur & steinar
FYRIR FEGURRA UMHVERFI

Þegar fjárfesta á í garðinum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim alhliða þjónustu.

Hjá MEST getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skipuleggja garðinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 550 eða á www.mest.is.

mest – allt til bygginga

VISALán – HAGSTÆÐAR AFBORGANIR  Staðgreiðslulán

*Forsendur miðast við 60 m² af Borgarhellum án hellulagnar og jafnar mánaðarlegar greiðslur á VISA eða Mastercard í 36 mánuði. MEST áskilur sér rétt til að breyta verði án fyrirvara. Bretta og pokatrygging endurgreiðist við skil. 8% umsýslugjald þegar skilað er opnuðum hellubrettum.

Malarhöfða 10, Reykjavík · Bæjarflöt 4, Reykjavík · Hringhellu 2, Hafnarfirði · Hrísmýri 8, Selfossi · Leiruvogi 8, Reyðarfirði

# HIMNASENDING




## NÚ FJÖLGAR Í FLUGFÉLAGSFJÖLSKYLDUNNI

Flugfélagi Íslands hefur hlotnast sannkölluð himnasending í tveimur nýjum Dash 8 flugvélum sem er verðug viðbót við flugflota Flugfélagsins. Vélarnar eru 37 sæta og eru þeim kostum búnar að geta tekið mikið magn af frakt, auk þess sem þær geta athafnað sig á stuttum flugbrautum.

Við teljum að með þessum öfluga liðsauka sé brotið blað í sögu fyrirtækisins. Miklir framtíðarmöguleikar eru fólgnir í þessum flugvélum og þær munu stuðla að frekari vexti fyrirtækisins bæði í farþega- og farmflutningum.

### Tilbúnar til leigu

Flugfélag Íslands býður fyrirtækjum og einstaklingum að taka þessar nýju Dash 8 vélar á leigu sem og aðrar vélar í eigu félagsins. Með stuttum fyrirvara er hægt að hafa flugvél reiðubúna, hvort sem um farþega- eða fraktflug er að ræða, til verkefna bæði í innanlands- og millilandaflugi.

www.flugfelag.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
www.flugfelag.is



**HÁTÍÐ Í BÆ** Pakistanar héldu upp á þjóðhátíðardag sinn í gær. Þessi blómarós klæddist hefðbundnum búningi pakistanskra kvenna í tilefni dagsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ökumaður BMW-bifreiðar flúði af vettvangi eldsvoða í Vesturbænum í fyrrinótt:

# Reyndi að aka lögreglu niður

**LÖGREGLA** Ökumaður kraftmikillar BMW-bifreiðar reyndi að aka niður tvo lögreglumenn á vettvangi eldsvoða í Neshaga í fyrrinótt.

Tilkynnt var um eld á Neshaga laust eftir miðnættið og fóru lögreglumenn þegar á vettvang. Þá logaði út um glugga í mannlausri íbúð á fyrstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi. Slökkvilið náði fljótt tökum á eldinum og tókst að koma í veg fyrir að reykur breiddist um húsið. Sót og reykur olli nokkrum skemmdum á íbúðinni. Grunur leikur á að um íkveikju hafi verið að ræða.

BMW-bifreiðina bar að skömmu eftir að lögregla kom á staðinn en þegar ökumaður kom auga á lögreglu skipti hann í bakkgír og ók á umferðarskilti. Þegar lögreglumenn nálguðust bílinn gaf hann allt í botn og reyndi að aka þá niður, en þeim tókst að kasta sér frá. Bíllinn rakst í annan lögreglumanninn, sem slapp ómeiddur, en við það brotnaði spegill af bílnum.



**ÁRÁS Á LÖGREGLU** Ökuníðingurinn hvarf af vettvangi en bíllinn fannst skömmu síðar við Sundlaug Vesturbæjar.

Bíllinn fannst síðar mannlaus við Sundlaug Vesturbæjar. Lögreglan heimsótti eiganda bílsins, konu á fertugsaldri, sem varð margsaga um það hver hefði ekið bílnum um nóttina. Að sögn varðstjóra lögreglu var saga hennar ekki trúverðug og hún því látin gista fangageymslur. Það er í rannsókn hvort atvikið tengist meintri íkveikju. - sh

Rangárþing:

# Verðlaun fyrir umhverfismál

**UMHVERFISVERND** Umhverfisnefnd Rangárþings veitti viðurkenningar á dögunum fyrir góða umgengni og snyrtimennsku í sveitarfélaginu.

Viðurkenninguna fengu að þessu sinni Félagsbúið Raftholti fyrir áratuga snyrtimennsku og góða umgengni, sumarhúsið Klofakot í Landsveit fyrir uppgræðslustörf og fleira, Söluskálinn Landvegamótum fyrir aðkomu- og öryggismál og Guðni Jónsson og Þórunn Jónasdóttir fyrir garðrækt.

Umhverfismál munu verða tekin nokkuð föstum tökum í Rangárþingi á næstu misserum og eru þessi verðlaun liður í því. - sgj



**EVO MORALES** Forseti Bólivíu mun síðar í þessum mánuði taka á moti Erik Solheim, þróunarmálaráðherra Noregs.
NORDICPHOTOS/AFP

Norski þróunarráðherrann:

# Sáttur við frumbyggjastjórnir

**NOREGUR, AP** Norska ríkisstjórnin er hæstánægð með það hversu margir frumbyggjar sitja nú við völd í Rómönsku-Ameríku. Þetta kom fram í máli Eriks Solheims, ráðherra þróunarmála í Noregi.

„Fólk sem hefur verið utangarðs áratugum eða jafnvel öldum saman er nú að ryðja sér til rúms í stjórnmálum hvers landsins á fætur öðru," sagði Solheim.

Solheim lagði á sunnudag í vikulanga ferð til Bólivíu, Brasilíu og Perú, þar sem hann mun meðal annars heimsækja Evo Morales, forseta Bólivíu, en hann er fyrsti maðurinn af frumbyggjaættum sem gegnir forsetaembætti í Rómönsku-Ameríku. - smk

430 íbúðum úthlutað í ár:

# Fleiri sækja um íbúðir

**HÚSNÆÐI** Búið er að fylla allar nýbyggðar stúdentaíbúðir og fjöldi nema í Kennaraháskólanum, Listaháskólanum, Háskólanum í Reykjavík og Fjöltækniskólanum bíður eftir úthlutun húsnæðis.

Sigurður Guðmundsson, rekstrarstjóri hjá Byggingafélagi námsmanna, segir búið að úthluta rúmlega 430 íbúðum á þessu ári, þar af 405 í Reykjavík. „Íbúðum er úthlutað um leið og þær eru tilbúnar," segir Sigurður og bætir við að umsóknir um húsnæði hafi aukist vegna breytinga á almennum leigumarkaði. - hs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Steypubíll valt** Steypubíll frá BM Vallá valt á hliðina í hringtorginu á Reyðarfirði í gærmorgun. Ökumaðurinn fór heldur hratt í hringtorgið, hemlaði og þá kom kast á steypuna í tromlunni og við það valt hann. Ökumann sakaði ekki en bíllinn lokaði fyrir umferð í nokkra stund.

## ATVINNUMÁL

**Atvinnuleysi eykst á Vesturlandi** Að meðaltali 51 maður var án atvinnu á Vesturlandi í júlí, eða 0,6 prósent af áætluðum mannafla, en hlutfallið var hálft prósent í júní. Atvinnuleysi karla var hálft prósent og hafði aukist úr 0,3 prósentum. Hlutfall kvenna á atvinnuleysisskrá var 0,9 prósent og hafði aukist á milli mánaða úr 0,8 prósentum. Atvinnuleysi var mest á Akranesi eða 28 manns, þar af 17 konur.

# Vilja efla innra starf Framsóknarflokksins

**Sæunn Stefánsdóttir og Kristinn H. Gunnarsson telja nauðsynlegt að efla innra starf Framsóknarflokksins. Verður að huga betur að velferðarmálum, segir Kristinn. Kraftar flokksmanna geta losnað betur úr læðingi, segir Sæunn.**

**FRAMSÓKN** Sæunn Stefánsdóttir og Kristinn H. Gunnarsson vonast til þess að geta lagt sitt af mörkum svo að innra starf Framsóknarflokksins verði skilvirkara en það hefur verið. Samkvæmt lögum Framsóknarflokksins er innra starf flokksins að nokkru leyti á ábyrgð ritara flokksins en hann gegnir embætti formanns landsstjórnar sem „mótar stefnu um innra starf", eins og segir orðrétt í lögum flokksins.

Sæunn Stefánsdóttir, sem er fyrrverandi aðstoðarkona Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra, vonast til þess að geta sett mark sitt á framtíðarhlutverk Framsóknarflokksins ef hún verður kosin til áhrifa á flokksþinginu um næstu helgi. „Framsóknarflokkurinn stendur á tímamótum og hann þarf að endurnýja forystusveit sína. Ég tel flokksþingið vera heppilegt til þess að sætta ólík sjónarmið um menn og málefni innan flokksins. Með því getum við skapað kraft til þess að sækja fram, og snúið þannig vörn í sókn. Endurnýjuð forysta í flokknum verður í aðstöðu til þess að efla flokksstarfið og ég hef áhuga á því að vera í þeirri sveit."



**FRAMSÓKNARMENN GREIÐA ATKVÆÐI Á FLOKKSÞINGI** Spennandi kosningar eru framundan hjá Framsóknarflokknum á flokksþinginu um helgina. Samtals hafa níu flokksmenn tilkynnt um framboð til forystustarfa fyrir flokkinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kristinn segir nauðsynlegt að skapa félagsmönnum í flokknum stærra hlutverk. „Innra starf Framsóknarflokksins þarf að efla svo að grasrótin í flokknum geti haft meiri áhrif á framgang mála innan flokksins. Framsóknarflokkurinn er umbótasinnaður félagshyggjuflokkur sem þarf að gæta hófs í markaðs- og einkavæðingu, jafna lífskjör og gæta að tekjudreifingu í þjóðfélagi. Ég tel mig geta orðið að gagni í starfi sem miðar að því að skerpa áhersluatriðum og finn fyrir stuðningi meðal minna stuðningsmanna."

Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, og Haukur Logi Karlsson, fyrrverandi formaður Sambands ungra framsóknarmanna, hafa báðir tilkynnt um framboð til embættis ritara.

Á flokksþinginu verður fyrst kosið til formanns, síðan varaformanns og síðast í embætti ritara. Landsstjórn Framsóknarflokksins fundar um innra starf flokksins að minnsta kosti þrisvar sinnum á ári, samkvæmt lögum flokksins. Landsstjórn flytur „skýrslu um störf sín á haustfundi miðstjórnar ár hvert". magnush@frettabladid.is

**Í framboði til formanns** | **Í framboði til varaformanns** | **Í framboði til ritara**



SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR · JÓN SIGURÐSSON · HAUKUR HARALDSSON · JÓNÍNA BJARTMARZ · GUÐNI ÁGÚSTSSON · KRISTINN H. GUNNARSSON · HAUKUR LOGI KARLSSON · SÆUNN STEFÁNSDÓTTIR · BIRKIR JÓN JÓNSSON

Birkir Jón Jónsson:

## Fagnar frambjóðendunum



Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, segir líflegar kosningar á flokksþinginu geta eflt flokkinn. Hann telur flesta flokksmenn fagna því að hafa val á flokksþinginu um næstu helgi. „Ég fagna þessum framboðum. Ég hef orðið var við það á síðustu dögum, á fundum með flokksmönnum, að framsóknarmenn fagna því að hafa val á því flokksþingi sem framundan er. Þetta leiðir til þess að flokksmenn hafa meira val og glæðir flokksþingið lífi, og verður til þess að efla Framsóknarflokkinn."

Birkir Jón telur framboð Sæunnar og Halldórs ekki sýna skarpari skil á milli fylkinga innan flokksins. „Ég býð mig fram á mínum eigin forsendum og tel aðra frambjóðendur gera það líka." - mh

Haukur Logi Karlsson:

## Glæðir flokksþingið lífi



„Ég fagna mótframboði frá fólki sem hefur hug á því að láta til sín taka innan forystu flokksins," segir Haukur Logi, en hann telur framboð Sæunnar Stefánsdóttur og Kristins H. Gunnarssonar til þess fallið að glæða flokksþingið lífi.

Haukur Logi staðfestir að hann styðji Siv Friðleifsdóttur í formannsslagnum og Guðna Ágústsson til varaformanns. „Ég hef verið í þeim hópi sem hafði áhuga á því að fá Siv í framboð. Jón er hins vegar öruggleega frambærilegur og ágætis maður, en ég hef ekki séð nógu mikið til þess að geta dæmt hann af verkum. Ég held að Guðni endurspegli ákveðin sjónarmið sem nauðsynlegt er að hafa í fyrirrúmi, sérstaklega hjá flokki sem hefur jafn sterka skírskotun til landsbyggðarinnar og raun ber vitni." - mh




**Brúðkaupsgjafir**

**Óskalistar:** Við höldum vandlega utan um alla óskalista og öll brúðhjón sem setja saman óskalista hjá Líf&List fá veglega brúðkaupsgjöf frá versluninni.

Kop&Kande · Líf&List SMÁRALIND

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 33766 08/2006

## RAV4 - alveg nýr heimur

Nýr RAV4 er kominn til landsins. Hann er ekki aðeins í breyttri útgáfu. Hann er alveg nýr heimur. Bíll sem boðar nýja tíma, nýjar áherslur, nýjar leiðir. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði og fæst með „Integrated Active Drive System" sem eykur til muna öryggi og akstursánægju. Við hikum ekki við að fullyrða að þú færð meira út úr lífinu á nýjum RAV4, hvort sem er innanbæjar eða úti í náttúrunni.

Straumlínulöguð yfirbygging og fjöldi tækninýjunga gera RAV4 fágaðri, fjörugri og þróaðri en nokkru sinni fyrr. Fjöldi útfærslna er í boði, þar á meðal hin íburðarmikla RAV4 VX sem teflir saman framúrskarandi snerpu og afburðaþægindum í akstri svo að hefðbundin skilgreining á smájeppa á ekki lengur við. Og tómstundir með fjölskyldunni fá líka allt aðra merkingu. **Komdu og reynsluaktu nýjum RAV4 - alveg nýr heimur.**

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070



**MIKIÐ FJÖR** Á hátíð sem haldin var í Juigalpa í Níkaragva um helgina fylgdust margir með þessum hetjum reyna að klifra upp fituborinn trjádrumb. Áhorfendur hvöttu þá ákaft áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átökin á Srí Lanka mögnuðust enn þegar bardagar héldu áfram í gær:

# Fjörutíu skólastúlkur myrtar

**SRÍ LANKA, AP** Bardagar héldu áfram í gær á norðausturhluta Srí Lanka. Minnst fimmtíu manns létu lífið í loftárás stjórnarhersins á svæði tamílanna. Að sögn talsmanns Tamílatígranna voru 43 skólastúlkur meðal hinna látnu, og sextíu stúlkur til viðbótar hefðu særst.

Ajantha Silva, málsvari stjórnarhersins, heldur því fram að herinn hafi gert loftárás á bækistöðvar uppreisnarmanna og segist hafa sannanir fyrir því. Hins vegar var haft eftir ónafngreindum starfsmanni norrænu eftirlitsveitanna í samtali við Associated Press að húsið sem sprengt var hefði verið munaðarleysingjahæli og að stúlkurnar hefðu virst vera nemendur undir tvítugsaldri. Starfsmaðurinn bað um nafnleynd vegna þess hve ástandið er viðkvæmt í landinu.



**SPRENGINGIN Í COLOMBO** Leigubíll sprakk í höfuðborginni er bíll stjórnarerindreka Pakistans ók fram hjá. Minnst sjö manns biðu bana, en erindrekann sakaði ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nokkrum tímum eftir loftárásina sprakk sprengja við fjölfarna götu í höfuðborginni Colombo. Sprengingin var líklega tilræði við Basir Ali Mohammed, háttsettan stjórnarerindreka frá Pakistan, en hann átti leið hjá þegar sprengjan sprakk. Minnst sjö manns létust, en Mohammed komst leiðar sinnar heill á húfi. Hann kenndi Tamílatígrunum um tilræðið, en stjórnvöld í Pakistan sjá stjórnarher Srí Lanka fyrir vopnum.

Búist er við ákvörðun íslensku ríkisstjórnarinnar um framtíð íslenskra eftirlitsmanna í landinu síðar í þessari viku. **- kóþ**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Braust inn í apótek** Nítján ára maður var handtekinn á vettvangi innbrots í apótekið í Iðufelli í fyrrinótt. Hann er einnig grunaður um að hafa brotist inn í Lyf og heilsu við Álfabakka fyrr um nóttina. Maðurinn mun hafa gist fangageymslur lögreglu margoft áður.

**Til læknis eftir árás** Karlmaður réðst á annan mann vegna ágreinings þeirra í milli á Strandvegi í Vestmannaeyjum um helgina. Sá sem ráðist var á þurfti að leita til læknis eftir árásina. Árásin hefur verið kærð en málið er í rannsókn lögreglu.

**Tvisvar ölvaður við akstur** Tveir voru stöðvaðir á Ísafirði á laugardagskvöld grunaðir um ölvunarakstur. Um nóttina var annar mannanna aftur stöðvaður ölvaður við akstur, en fátítt mun vera að sami maður aki ölvaður oftar en einu sinni á sólarhring.



**BLÁBER** Landsmenn þurfa að bíða með berjatínsluna, a.m.k. í nokkrar vikur enn.

Berin eru seint á ferð:

# Bláberin enn gráleit nyrðra

**NÁTTÚRA** Berjaspretta gengur hægt á Kinn í Þingeyjarsveit vegna veðursins í sumar, að sögn Ólafs Ingólfssonar bónda, en þar er mikið berjasvæði. Berjatínslumenn fyrir norðan verða því að bíða fram í lok ágúst með að fara í berjamó.

„Þau eru ekki fullþroskuð ennþá," segir Ólafur. „Þetta er svona byrjað að blána aðeins, en er mjög seint á ferð. Hér vaxa krækiber, aðalbláber og bláber, en bláberin eru ennþá bara gráleit og ótímabært að tína þau." **-sgj**

## SLÖKKVILIÐ

**Vatnsleki veldur tjóni** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað að húsi í Borgartúni í gærmorgun vegna vatnsleka. Þar hafði lekið mikið úr uppþvottavél og lak meðal annars á milli hæða. Tjónið af vatnsflaumnum mun vera töluvert.

Formaður KÍ kallar eftir samstarfi heimila og skóla:

# Segir agaleysi vera orsök slæms gengis

**NÁM** Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, segir að í ljósi niðurstöðu nýútkominnar OECD-skýrslu þurfi að skoða hvað liggur að baki slæmum námsárangri Íslendinga, þrátt fyrir há fjárframlög til menntamála. Ein orsökin, að sögn Eiríks, er agaleysi í skólum.

„Munurinn á skólum hér á landi og annars staðar kemur, að ég held, fram í aga," segir Eiríkur. „Þó það eigi við minnihluta nemenda eru hér agavandamál sem þekkjast ekki annars staðar. Til þess að auka árangur í skólum þarf að taka á þessu og það er ekki bara vandamál skólanna, heldur fyrst og fremst málefni heimilanna. Það sem nemandinn fer með í skólann verður til á heimilinu."

Eiríkur segir þó margt hafa áunnist í agamálum. „Heitar skólamáltíðir hafa dregið úr agavandamálum. Að nemendur séu vel nærðir eykur vellíðan, því þeir sem eru svangir verða pirraðir. Það hefur verið gert átak á undanförnum árum sem mun væntanlega skila sér í betri líðan nemenda í skólum," segir Eiríkur.

„Ef kennari þarf að standa í því að skilja að tvo nemendur sem eru í slagsmálum getur hann búist við því að fá kæru frá foreldrum fyrir að leggja hendur á barnið. Svoleiðis mál hafa komið upp," segir Eiríkur. **- sgj**



**EIRÍKUR JÓNSSON OG MENNTAMÁLARÁÐHERRA** Eiríkur segir að ekki megi alltaf kenna skólanum um ef eitthvað fer miður í agamálum.




**ÓVINSÆLL** Vinsældir George W. Bush Bandaríkjaforseta fara minnkandi samkvæmt nýrri skoðanakönnun og óttast flokksbræður hans að það geti reynst þeim dýrkeypt í þingkosningum í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Repúblikanar óttast um völd

**Repúblikanar eru uggandi um að þverrandi stuðningur við Bush Bandaríkjaforseta muni fella þingmeirihluta þeirra í kosningum í nóvember.**

**WASHINGTON, AP** Vaxandi andstaða meðal bandarískra kjósenda við George W. Bush Bandaríkjaforseta gæti orðið frambjóðendum repúblikana í þingkosningunum í nóvember fjötur um fót. Nýleg skoðanakönnun Associated press bendir til þess að almenningur í Bandaríkjunum muni nýta sér þingkosningarnar til að láta í ljós skoðun sína á forsetanum.

Stuðningur við Bush mælist nú einungis 33 prósent og hefur aðeins einu sinni mælst jafnlítill, en það var í maí á þessu ári. Samkvæmt skoðanakönnuninni eiga nær allir málaflokkar sem forsetinn hefur átt aðkomu að þátt í minnkandi fylgi hans, og ber Íraksstríðið þar einna hæst. Athygli vekur að forsetinn virðist meira að segja vera að glata trausti íbúa Suðurríkjanna, sem jafnan eru hallir undir Repúblikanaflokkinn. Þar hefur stuðningur við forsetann minnkað úr 43 prósentum í síðasta mánuði í 34 prósent nú.

Hlutfall þeirra sem segjast ætla að nýta atkvæðisrétt sinn til að lýsa yfir andstöðu við Bush hefur vaxið í 29 prósent úr 20 prósentum í síðasta mánuði.

Stríðið í Írak á ekki miklu fylgi að fagna vestra, og sést það best á því að Joseph Lieberman, varaforsetaefni demókrata árið 2000 og stuðningsmaður Íraksstríðsins, tapaði nýverið í prófkjöri fyrir Ned Lamont, óreyndum stjórnmálamanni og yfirlýstum andstæðingi stríðsins.

Það er svo enn til að ýta við repúblikönum að nítján prósent þeirra sem studdu Bush í forsetakosningunum árið 2004 segjast tilbúin til þess að kjósa demókrata í nóvember.

Fylgi við þingið sjálft er enn minna en við forsetann og mælist einungis 29 prósent. Þetta hyggjast frambjóðendur repúblikana sem bjóða sig fram gegn sitjandi þingmönnum demókrata nýta sér í viðleitni til að halda meirihluta flokksins á þinginu.

Demókratar þurfa að bæta við sig fimmtán sætum í fulltrúadeild þingsins til að taka völdin þar eftir tólf ára meirihlutaræði repúblikana. Í ljósi minnkandi stuðnings við forsetann er margur demókratinn bjartsýnn á að það markmið náist loks í ár.

**stigur@frettabladid.is**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Bónus Reykjanesi
Lagerstarf



Okkur vantar starfsfólk við lagerstörf
í Bónusverslunina á Reykjanesi.

Vinnutími er 8.00 til 14.00.
Vinna utan þess tíma eftir samkomulagi.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst og hafi
vinsamlegast samband við viðkomandi verslunarstjóra
eða skrái sig inná bonus.is.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




TEMPUR®

# STÓRGLÆSILEG ÁGÚSTTILBOÐ Á TEMPUR OG STILLANLEGUM RÚMUM



Að sofa er eitt, að hvílast er annað. Í ágúst bjóðum við Tempur heilsudýnur, stillanleg rúm og kodda á frábæru tilboði. Yfir 30 þúsund læknar, sjúkraþjálfarar og kíropraktorar um heim allan mæla með Tempur. Með Tempur heilsudýnunni nærðu hámarksslökun, hvíld og svefni sem er lykillinn að góðri andlegri og líkamlegri heilsu.

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY™

EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF **NASA** OG SKJALFEST AF GEIMFERÐA-STOFNUN BANDARÍKJANNA

AÐEINS FRÁ TEMPUR® ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI



# EKKI MISSA AF ÞESSU!!!

**Betra BAK**

**Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18**
**Laugardaga frá 12. ágúst frá kl. 11-16**

www.design.is ©2006



# STÓRÚ





Parket - flísar - náttúrusteinn - hurðir - þiljur - baðtæki




Allt að
70%
afsláttur

TSALA





Egill
Árnason hf

Ármúli 8 - 108 Reykjavík
595 0500 - www.egillarnason.is

## „ORÐRÉTT“

### *Aftanstund*

**„Með þessari hátíð samkynhneigðra er verið að fara aftan að hlutunum, eins og þessum mönnum er eiginlegt.“**

GUNNAR ÞORSTEINSSON FORSTÖÐUMAÐUR KROSSINS UM GAY PRIDE HÁTÍÐARHÖLDIN. BLAÐIÐ, 14. ÁGÚST.

### *Flokkurinn lekur*

**„Það hefur því miður borið á því innan okkar raða í þingflokknum þegar við höfum ekki verið sammála um hlutina, að þessi ágreiningur hefur stundum ratað á torg fjölmiðla.“**

SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR, FORMANNSFRAMBJÓÐANDI Í FRAMSÓKNARFLOKKNUM. NEFNDI HÚN ÞETTA SEM EINA AF ÁSTÆÐUNUM FYRIR FYLGISHRUNI FLOKKSINS. FRÉTTABLAÐIÐ, 14. ÁGÚST.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA:** UNNUR ÖSP STEFÁNSDÓTTIR LEIKKONA OG LEIKSTJÓRI

# *Leikur í „splatter“-leikriti á Akureyri*



„Það er allt gott að frétta. Ég var bara að koma til landsins, búin að vera mikið erlendis í sumar í fríi og að vinna,“ segir Unnur Ösp Stefánsdóttir leikkona. „Ég fór til Póllands í smá vinnuferð með Vesturporti og svo var ég í Berlín í fríi. Ég lagðist út af í einhverjum garði og las í nokkrar vikur og hafði það mjög notalegt,“ segir Unnur Ösp.

Unnur Ösp leikstýrir söngleiknum Footloose sem er að slá í gegn á fjölum Borgarleikhússins. „Við erum að fara að æfa hann upp og sýna aftur eftir sumarfrí. Við byrjum af fullum krafti á sýningu á fimmtudag. Þetta hefur gengið rosalega vel, það er alltaf fullt hús.“

Framundan eru spennandi verkefni hjá Unni Ösp, en hún fer beint úr heimsborginni Berlín til Akureyrar. „Ég er að fara að leika með Leikfélagi Akureyrar í vetur í leikritinu Herra Kolbert. Ég hlakka mjög mikið til. Það var gaman að prófa leikstjórn í Footloose en ég hlakka til að vera á sviði aftur,“ segir Unnur Ösp, sem verður með annan fótinn á Akureyri fram að jólum. „Ég flyt með reiðhjólið og sest að tímabundið í íbúð á Akureyri. Ég hef aldrei búið þar áður og er algjör miðbæjarrottta svo þetta verður góð tilbreyting,“ segir Unnur Ösp.

Herra Kolbert er nýtt þýskt leikrit sem hefur komið á óvart víðs vegar um heiminn. „Jón Páll Eyjólfsson leikstýrir, en ég, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson og Gísli Pétur Hinriksson erum í þessu,“ segir Unnur Ösp. „Þetta er absúrd gamanleikrit með splatter ívafi og dramatískum undirtóni. Mjög óvenjulegt. Ég leik skemmtilega klikkaða eiginkonu sem heldur mjög forvitnilegt matarboð,“ segir Unnur Ösp og glottir í gegnum símann.

## SJÓNARHÓLL

**FRELSI FRÁ SAMKYNHNEIGÐ**



KARL ÁGÚST ÚLFSSON LEIKARI

## *Þarf að líta á almanakið*

„Ég verð alltaf að líta á almanakið þegar ég heyri svona tíðindi og spyrja mig hvort það sé virkilega komið árið 2006,“ segir leikarinn góðkunni Karl Ágúst Úlfsson, um heilsíðuauglýsingu Samvinnuhóps kristinna trúfélaga í Morgunblaðinu um helgina. „Mér finnst það alveg með ólíkindum að enn skuli vera uppi viðhorf sem einhvern veginn eiga hvergi heima nema í grárri forneskju.“

Hann telur fólki þó frjálst að tjá skoðanir sínar. „Að sjálfsögðu á fólk að geta búið við það frelsi sem við þykjumst tryggja því með alls konar stjórnarskrám og mannréttindayfirlýsingum, og það hlýtur þá að eiga við jafnt um samkynhneigða og gagnkynhneigða.

Ég held nú að sem betur fer að þá hafi okkur farið það mikið fram á andlega sviðinu á undanförnum áratugum að svona hugmyndir dæmi sig sjálfar. Það er engin ástæða til þess að banna fólki að viðra fordóma sína. Það verður að hafa frelsi til þess. Ég vona að þeir komi ekki öðrum illa, þótt ég sé reyndar alltaf dálítið smeykur um að það komi sér illa fyrir þá sem síst skyldi.“

# Allt um landsins forna fjanda

**Fyrir skemmstu var opnað Hafíssetur á Blönduósi í Hillebrandtshúsinu sem er eitt elsta timburhús landsins. Blaðamaður kom þar við og hitti starfsmenn þar í faðmi ísbjarnar sem kominn er norður fyrir tilstilli tveggja bæjarstjóra.**

„Setrið hefur verið opið í nær mánuð og það hafa um þúsund gestir komið svo við erum nokkuð ánægð,“ segir Aðalbjörg Ingvarsdóttir sem leiðsegir gestum um safnið. Í setrinu eru veggspjöld, myndir og munir sem minna á norðurslóðir og upplýsa gesti um aðstæður þar. „Mesta hylli nýtur þó hann Bjössi,“ segir forstöðukonan Anna Margrét Valgeirsdóttir og leiðir blaðamann að uppstoppuðum ísbirni sem stendur úti í horni. „Sem betur fer er hann aðeins tveggja vetra en fullvaxta hefði hann ekki komist inn því þeir geta þá orðið um þrír metrar.“ Reyndar var það tæpt með Björssa en reiturinn sem hann stendur á hefur verið lækkaður lítillega svo að hausinn á honum beri ekki við loft.



JÓNMUNDUR GUÐMARSSON

„Það er gaman að segja frá því hvernig hann komst í okkar hendur,“ segir forstöðukonan. „Þannig var að bæjarstjórinn okkar, hún Jóna Fanney Friðriksdóttir, var að segja Jónmundi Guðmarssyni, kollega sínum á Seltjarnarnesi, frá safninu þegar hann var hér í heimsókn. Verður henni þá að orði að nú vanti bara ísbjörn. Jónmundur sagðist myndu ganga í það mál og innan skamms kom Grétar Guðmundsson frá Seltjarnarnesi og lánaði okkur Björssa eftir áeggjan frá bæjarstjóra sínum.“



**ANNA MARGRÉT VALGEIRSDÓTTIR OG AÐALBJÖRG INGVARSDÓTTIR ÁSAMT BJÖSSA** Þótt vöxtur Bjössa hafi verið stoppaður þegar hann var tveggja vetra er það rétt svo að hann komist fyrir í Hillebrandtshúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Þegar landsins forni fjandi sækir að landinu eru fjölmiðlamenn fljótir að leita til Þórs Jakobssonar veðurfræðings en hann er manna fróðastur um hafís. Ekki þarf því að koma á óvart að mikið af þeim fróðleik sem á setrinu er að finna er runninn undan rifjum hans.

Hillebrandtshúsið var reist árið 1733 á Skagaströnd en þar var það krambúð Félags lausakaupmanna. Árið 1877 lét Friðrik Hillebrandt flytja það til Blönduóss og í því var Hólanesverslun. Árið 1996, á 120 ára verslunarafmæli Blönduósbæjar, var svo lokið við að endurbyggja húsið. **jse@frettabladid.is**



Sex fá úthlutað styrkjum:

# Úthlutun úr Blikastaðasjóði

**STYRKIR** Sex styrkþegar hafa fengið úthlutað styrkjum úr Blikastaðasjóði. Sjóðurinn styrkir nemendur sem lokið hafa háskólagráðu frá Landbúnaðarháskóla Íslands til framhaldsnáms og rannsókna á sviði landbúnaðarvísinda.

Styrk að upphæð fjögurhundruð þúsund krónur fengu Elin N. Grethardsdóttir, Elisabeth Jansen, Hafdís Sturlaugsdóttir, Margrét G. Ásbjarnardóttir og Sigurður Þór Guðmundsson.

Styrk að upphæð fimmhundruð þúsund hlaut Gunnfríður Hreiðarsdóttir.



**SÍLI Í GREIPUM** Hér er ungur veiðimaður með síli í greipum sér en hægt var að moka þeim upp úr sjónum af bryggjunni meðan á látunum stóð.
MYND/SIGURÐUR M. ÞORVALDSSON

Hólmavík:

# Höfnin í fylltist af síli

Mikið sjónarspil blasti við í Hólmavíkurhöfn á föstudaginn var er gríðarstór sílatorfa synti inn höfnina. „Það var ótrúlegt að sjá þetta," segir Sigurður M. Þorvaldsson sem staddur var niðri á bryggju og fylgdist með. „Innst voru sílin og syntu í hringi svo eins konar niðurfall myndaðist í sjónum. Þar fyrir utan var síldin sem sílin hafa greinilega verið að flýja undan og þar fyrir utan voru að minnsta kosti fimm hrefnur sem einnig fengu eitthvað fyrir sinn snúð. Ekki var nóg með það heldur mátti líka sjá lax stökkva þarna innan um. Maður gleymir þessu aldrei enda segja elstu menn hér að þeir hafi aldrei orðið vitni að öðru eins."

Sjónarspil þetta stóð í nokkrar klukkustundir svo flestum gafst færi á að líta undrið. Nokkrir tóku sig til og settu fötur niður í torfuna og drógu þær fullar af síli upp á hafnarbakka. „Það er verst að þetta var ekki loðna því þá væri hægt að stunda loðnuveiðar af bryggjunni," segir Sigurður og hlær. - jse


FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR



Gefðu þér tíma
í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

**Ókeypis sætaferðir frá BSÍ kl. 4.30 í boði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar**

**Góðir farþegar**
Við minnum á að framkvæmdir standa yfir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hvetjum því farþega til að gefa sér góðan tíma fyrir flug.

**Innritun hefst kl. 5.00 eða 2 tímum fyrir brottför**
Tilboðið gildir til **31. ágúst 2006**

**Njótið ferðarinnar, mætið tímanlega**

**Finnið rúturnar með okkar merki**
Farþegar eru vinsamlegast beðnir um að sýna farseðil

ferð til fjár!
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

SUMARTILBOÐ Á SAMSUNG SÍMUM

SMS & MMS 5 KR* ALLAR HELGAR Í SUMAR

Síminn



SAMSUNG D820
37.980 kr.
Glæsileg hönnun. Örþunnur, með stórum TFT hágæða litaskjá og 1,3 MP myndavél sem hægt er að snúa 180 gráður. Hægt er að tengjast tölvu, handfrjálsum búnaði og blátannarsímum í gegnum blátannarbúnað.



SAMSUNG X650
14.980 kr.
Gullfallegur samlokusími, sem býður upp á alla helstu möguleikana. Meðal búnaðar má nefna VGA myndavél og hægt að taka upp hreyfimyndir, FM-útvarp, 3MB minni, 6 klukkustunda taltíma á rafhlöðu og margt fleira.

Nánari upplýsingar á siminn.is eða á næsta sölustað Símans.

* Eingöngu innan kerfis Símans

## Svona erum við

> Árleg neysla kindakjöts á íbúa.




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SAMTÖKIN 78

# Helgur réttur til tilfinningafrelsis

Gay Pride-gangan á laugardag skildi margan Reykvíkinginn eftir með bros á vör. Samtökin ´78 eru nú og hafa verið áberandi í hátíðarhöldunum.

**Hvað eru Samtökin ´78?** Samtökin ´78 eru hagsmuna- og baráttusamtök samkynhneigðra og tvíkynhneigðra á Íslandi sem voru stofnuð vorið 1978. Allir þeir sem styðja mannréttindabaráttu lesbía og homma og tvíkynhneigðra og markmið samtakanna geta gerst félagar.

**Hver eru markmið samtakanna?** Markmið félagsins er að stuðla að því að lesbíur, hommar og tvíkynhneigðir verði sýnileg og viðurkennd og að þau njóti öll jafnréttis á við aðra í íslensku samfélagi. Þetta er gert með því að berjast fyrir margvíslegum mannréttindum lesbía, homma og tvíkynhneigða og auka fræðslu um reynslu þeirra og sérkenni, eftir ýmsum leiðum, til dæmis á vettvangi löggjafarvaldsins, í opinberu menntakerfi, með útgáfu og í fjölmiðlum. Einnig leitast félagið eftir að skapa samkynhneigðum félagslegan og menningarlegan vettvang í því skyni að styrkja sjálfsvitund þeirra, samkennd og samstöðu um sérkenni sín.

**Hvaða kröfu gera samtökin varðandi mannréttindi?** Mannréttindakrafa samkynhneigðra og tvíkynhneigðra um allan heim snýst um



persónulegt frelsi og tilfinningafrelsi, til að haga lífi sínu í samræmi við eigin kynhneigð. Slíkt frelsi kalla þau helgan rétt hvers manns í samfélagi sem vill kenna sig við mannréttindi, ekki síður en ritfrelsi, málfrelsi eða félagafrelsi. Eftir áratuga baráttu gengu í gegn lög sem virða mannréttindi samkynhneigðra og tvíkynhneigðra í meira mæli en hjá flestum ríkjum heims, og meirihluti almennings sýnir þeim sömu virðingu og öðrum Íslendingum.

## SPURT OG SVARAÐ
OFFITA



ANNA SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR

### *Offita eykst*

Um 400 manns á landinu eru lífshættulega feitir. Anna Sigríður Ólafsdóttir er næringarfræðingur.

**Hvenær þjáist fólk af offitu?**
Til að meta holdafarið er oft miðað við líkamsþyngdarstuðul eða „body mass index“ (BMI). BMI er reiknað með því að deila í þyngd í kílóum með hæðinni í metrum í öðru veldi.
Fullorðnir teljast of feitir ef BMI fer yfir 30.

**Hver er algengasta orsök offitu?**
Þróun offituvandans er fjölþætt, en í grunninn snýst þetta þó um orkujafnvægið, það er hversu mikið og hvernig við borðum og tímanum sem við verjum í að hreyfa okkur. Umhverfið sem við búum í hefur svo mikið að segja um það hvernig hreyfingin og mataræðið verður.

**Er offita orðin mikið vandamál á Íslandi?**
Ofþyngd og offita hefur verið að aukast á Íslandi eins og víðast hvar og það er svo sannarlega ástæða til að huga að aðgerðum, bæði í forvarnarskyni sem og að vinna að meðferðarúrræðum. Með tilliti til heilsufars er hvorki æskilegt að vera of feitur né of grannur.




Ríkey Garðarsdóttir lauk Skrifstofu- og rekstrarnámi hjá NTV síðastliðið haust. Hún fékk vinnu meðan á náminu stóð hjá Menntasviði Reykjvíkurborgar. Hún hætti í kjölfarið að vinna á kvöldin og um helgar eins og hún hafði gert um langan tíma og nýtur þess að vera meira með fjölskyldunni ...

ntv.is

Innritun og skráning í síma 544 4500 og á www.ntv.is

# Vopnahlé hafið í Líbanon

**Átökin milli Ísraela og Hizbollah-samtakanna í Líbanon hafa staðið yfir í 34 daga. Í gær hófst vopnahlé á milli þeirra, en margir Líbanar virðast hóflega bjartsýnir á að það haldist.**



**SNÚIÐ HEIM** Þessir líbönsku drengir voru vongóðir um að heimili þeirra í Beirút væri enn uppistandandi, þegar þeir komu heim aftur úr útlegð með foreldrum sínum í gær, eftir að vopnahlé hófst milli Hizbollah-liða og Ísraelshers. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eftir að vopnin þögnuðu að mestu í Suður-Líbanon í gær hóf flóttafólk að streyma aftur til heimila sinna, þrátt fyrir að algjört ferðabann Ísraelshers væri enn í gildi. Þó höfðu margir ekki til mikils að hverfa, því eyðileggingin er gríðarleg. Í Norður-Ísrael reyndu íbúar einnig að koma lífinu í samt lag. Eins nýttu hjálparstofnanir sér friðinn og fluttu eins mikið af mat, vatni og öðrum nauðsynjavörum til Suður-Líbanons og unnt var.

Þó halda fjölmargir Líbanar sig enn fjarri og segjast ekki ætla að snúa aftur fyrr en þeir hafi sannreynt að vopnahléið haldist.

Yfir þúsund manns hafa farist í átökunum í Líbanon, flestir óbreyttir borgarar. Ríflega 150 Ísraelar hafa fallið á sama tíma, flestir hermenn, en í báðum löndum hafa hundruð þúsunda manna neyðst til að flýja heimili sín.

### Fyrirvarar Ísraela

Þó vopnahlé hafi loks tekið gildi milli Ísraela og liðsmanna Hizbolla-samtakanna snemma í gærmorgun, var friðurinn afar óstöðugur. Um 30.000 ísraelskir hermenn eru enn í Líbanon, eftir að Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, tilkynnti um hertar aðgerðir þar í landi fyrir helgi.

Ísraelar héldu áfram árásum sínum á Líbanon allt þar til 15 mínútum áður en vopnahléið tók gildi, enda virðast Ísraelar ekki of hrifnir af vopnahléstillögu öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eins og fram hefur komið í fjölmörgum ísraelskum fjölmiðlum undanfarna daga.

Á sunnudag ákvað ríkisstjórn landsins þó að samþykkja tillöguna, en þó með þeim fyrirvara að virtu Hizbollah-liðar ekki vopnahléið, væri Ísraelsher ekki skylt að fylgja því.

Ísraelsher hefur jafnframt ekki hafið brottför úr Suður-Líbanon, þó líbanski herinn undirbúi sig nú undir að taka við af Ísraelum, ásamt alþjóðlegum friðargæsluliðum.

### Fyrirvarar Hizbollah

Þegar ríkisstjórn Líbanons samþykkti tillöguna á laugardag settu tveir ráðherrar Hizbollah fyrirvara um algjöra afvopnun samtakanna, en líkt og Ísraelsher, börðust Hizbollah-liðar af aukinni hörku sólarhringinn fyrir vopnahléið og skutu fleiri eldflaugum á Ísrael en áður.

Leiðtogi Hizbollah, Sjeik Hassan Nasrallah, sagði í gær að liðsmenn sínir myndu virða vopnahléið, en ætluðu sér hins vegar að berjast áfram gegn veru Ísraelshers í Suður-Líbanon eftir að vopnahléið gekk í garð.

Þetta eykur að sjálfsögðu hættuna á frekari átökum, þar sem Ísraelsher neitar að yfirgefa svæðið fyrr en friðargæsluliðarnir mæta.

### Liðssöfnun friðargæsluliðsins

Enn er alls óvíst hvenær alþjóðlega friðargæsluliðið mætir til Suður-Líbanons til samstarfs við líbanska herinn.

Þó vonar Javier Solana, utanríkismálastjóri Evrópusambandsins, að það geti orðið í þessari viku, enda séu bæði Frakkar og Ítalir tilbúnir að senda liða áður en langt um líður, kom fram í máli hans í gær. Jafnframt hafa önnur lönd, þeirra á meðal Malasía og Indónesía, boðist til að senda friðargæsluliða.

Fréttaskýrendur telja líklegt að þar til friðargæsluliðarnir koma haldist vopnahléið að mestu leyti, en fáir búast við algjörum friði enn um sinn.

„Það er ekki hægt að fara úr svörtu yfir í hvítt í einni lotu – það er grátt tímabil þar á milli,“ sagði Benny Gantz, ísraelskur herforingi, í samtali við fréttamann breska ríkisútvarpsins, BBC.

## Helstu atriðin

- Hizbollah liðar hætti öllum árásum á Ísrael.
- Ísraelsher hætti öllum árásum hersins.
- 15.000 alþjóðlegir friðargæsluliðar verði sendir til Líbanons.
- Líbanskir hermenn fari til suðurhluta landsins.
- Ísraelsher yfirgefi Líbanon um leið og alþjóðaherinn mætir.

### VOPNAHLÉ Í LÍBANON

**Nauðsynlegt er að alþjóðlegir friðargæsluliðar fari sem fyrst til Líbanons svo vopnahléið haldist, þrátt fyrir áframhaldandi veru Ísraelshers í Líbanon og neitun Hizbollah-liða um að afvopnast.**

**LÍBANON:** Áætlar að senda 15.000 hermenn, en ríkisstjórnin hefur ekki komið sér saman um afvopnun Hizbollah.

Ísraelskir hermenn í Líbanon: **Allt að 30.000**







**UNIFIL friðargæsluliðar: Verður fjölgað úr 2.000 í 15.000**

**FRAKKLAND:** Leiðir nú alþjóðlegan her, gæti útvegað allt að 5.000 manns.

**ÍTALÍA:** Tilbúin til að senda 2.000 til 3.000 vopnaða hermenn frá öllum herdeildum.

**FINNLAND:** Gæti sent 200 friðargæsluliða.

**SPÁNN, PORTÚGAL:** Íhuga nú hugsanlegt framlag sitt.

**ÁSTRALÍA:** Gæti sent einhverja friðargæsluliða.

**INDÓNESÍA, MALASÍA:** Gætu sent friðargæsluliða.

© GRAPHIC NEWS



FRÉTTASKÝRING
SIGRÚN MARÍA KRISTINSDÓTTIR
smk@frettabladid.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.394 **+0,38%** **Fjöldi viðskipta:** 205 **Velta:** 3.650 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Össur** | +3,64% | **Atorka** | -1,71% |
| **Marel** | + 3,17% | **Actavis** | -1,08% |
| **Landsbankinn** | +2,38% | **Dagsbrún** | -0,74% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 64,30 -1,08% ... Alfesca 4,24 +0,24% ... Atlantic Petroleum 555,00 +0,00% ... Atorka 5,75 -1,71% ... Avion 31,80 -0,63% ... Bakkavör 50,80 -0,39% ... Dagsbrún 5,38 -0,74% ... FL Group 15,30 -0,65% ... Glitnir 17,70 +0,57% ... KB banki 706,00 +0,43% ... Landsbankinn 21,50 +2,38% ... Marel 81,50 +3,17% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 15,90 +0,00% ... Össur 114,00 +3,64%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Viðsnúningur hjá FL Group

## Tap á 2. ársfjórðungi. Metafkoma Icelandair en Sterling tapaði 1,8 milljörðum.

FL Group tapaði 118 milljónum króna á öðrum ársfjórðungi samanborið við 1,9 milljarða hagnað á sama tímabili í fyrra. Á fyrri hluta ársins hagnaðist félagið alls um rúma 5,7 milljarða króna.

Spár markaðsaðila voru ólíkar en niðurstaðan er öllu betri en bæði Glitnir og Landsbankinn reiknuðu með.

Tap FL skýrist af lækkun á hlutabréfamörkuðum á öðrum ársfjórðungi en fjárfestingatekjur voru neikvæðar um 862 milljónir króna en jákvæðar um nærri 10,5 milljarða króna á þeim fyrsta. Félagið hagnaðist verulega á jákvæðum gjaldeyrisjöfnuði í erlendri mynt á fyrri árshelmingi.

**AFKOMA FL GROUP Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI OG SPÁR MARKAÐSAÐILA ***

| | |
|---|---|
| **Tap FL Group** | **-118** |
| Spá Glitnis | -721 |
| Spá KB banka | 1.398 |
| Spá Landsbankans | -2.084 |
| Meðaltalsspá | -469 |

* Í milljónum króna

Heildareignir FL Group í skráðum hlutabréfum voru um 148 milljarðar þann 30. júní.

Tekjur rekstrarfélaga námu um 45 milljörðum króna á fyrri árshelmingi en afkoma rekstrarfélaganna Icelandair Group og Sterling var æði ólík. Rekstrarhagnaður Icelandair fyrir afskriftir (EBITDA) var 1,3 milljarðar króna sem er besta afkoma í sögu félagsins. Sterling skilaði hins vegar yfir 1,8 milljarða tapi á fyrri hluta ársins sem féll alfarið til á fyrsta ársfjórðungi. Rekstrartap Sterlings nam 2,2 milljörðum króna. **- eþa**

# 1.358 milljarðar í hreinni eign

Hreinar eignir lífeyrissjóðanna voru komnar í 1.358 milljarða króna í lok júní og jukust um tæp tvö prósent á milli mánaða.

Á fyrri hluta ársins hækkuðu eignir sjóðanna um 147 milljarða króna, sem jafngildir 12,1 prósenta hækkun, en á síðustu tólf mánuðum nemur hækkunin alls 278 milljörðum króna samkvæmt tölum frá Seðlabankanum.

Erlend verðbréfaeign lífeyrissjóðanna hækkaði um 24 milljarða króna í júní og nam alls 401 milljarði króna í lok júní. Það gerir um 29,5 prósent af heildareignum sjóðanna. **- eþa**



**NIKE FRAMLEIÐIR ÁFRAM BÚNINGA JUVE** Zlatan Ibrahimovic Zlatan leikmaður JuJuventus sést hér fagna í búningi frá Nike.

# Nike styður Juventus áfram

Sportvörurisinn Nike ætlar að halda áfram samstarfi við sínu við Juventus þrátt fyrir að ítalska knattspyrnuliðið hafi verið sent niður um deild eftir hneykslismálið fræga.

Nike gerði tólf ára samning við Juventus árið 2003 og greiðir fyrir liðið einn milljarð á ári. Ekki kemur fram í tilkynningu Nike hvort samningurinn hafi verið endurskoðaður.

Beðið er eftir því hvað líbíski olíuframleiðandinn Tamoil gerir en hann ber nafn sitt á treyjum Juventus.

Hlutabréf í Juventus hækkuðu um átta prósent við tíðindin og hafa nú tvöfaldast í virði eftir að þau hrundu í kjölfar hneykslistíðindanna. **- eþa**

# Kona í forstjórastólinn hjá Pepsi

Kona mun í fyrsta sinn setjast í forstjórastól bandaríska gosdrykkjaframleiðandans Pepsi í október næstkomandi.

Forstjórinn verðandi heitir Indra Nooyi og er af indversku bergi brotin. Nooyi, sem er fimmtug, hefur starfað hjá Pepsi síðan árið 1994, þar af sem fjármálastjóri fyrirtækisins síðastliðin fimm ár. Hún tekur við af Steve Reinemund, sem lætur af störfum af persónulegum ástæðum.

Fjölmiðlar segja valið á forstjóranum ekki koma á óvart en sex héruð á Indlandi hafa bannað sölu á gosdrykkjum Pepsi og Coca Cola vegna orðróms um eitur í þeim. **- jab**






Gildir 15. ágúst á meðan birgðir endast.



SÝRÐUR RJÓMI 10%
SÝRÐUR RJÓMI
99 kr/stk.
Mjólka sýrður rjómi 5% & 10%
99 kr/pk.
Borgarnes bjúgu 2 stk
99 kr/stk.
Risabrauð 1 kg
99 kr/stk.
Toppur 1.5 lítri, 4 teg.
99 kr/pk.
Svínabuff
99 kr/2pk.
Ömmu flatkökur 2 pk.
99 kr/pk.
Prins Polo 4 stk. í pk
99 kr/stk.
Rúllutertur 3 teg.
99 kr/stk.
Doritos Nacho Cheese
99 kr/stk.
Brazzi 1 ltr.
99 kr/stk.
Nestea 500 ml
99 kr/stk.
GK ís vanillu, súkkulaði
99 kr/kg.
Klementínur
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

SJÓNARMIÐ
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Óskandi er að lenging kennaranáms verði að veruleika.

## Meistarapróf til kennslu

Endurvaktar hugmyndir um lengingu kennaranáms eru mikið fagnaðarefni. Lenging námsins úr þremur árum í fjögur eða jafnvel fimm, eins og nú er rætt um, er löngu tímabær. Kennaranám á Íslandi mun nú vera stysta kennaranám á Vesturlöndum. Þessu verður að breyta enda fáum mikilvægara en smáþjóðum að byggja upp menntakerfi sem skarar fram úr.

Líklega fagna fáir jafn mikið lengingu kennaranáms og forráðamenn Kennaraháskólans en innan skólans hefur lengi verið barist fyrir lengingu námsins. Sömuleiðis hefur þetta sjónarmið iðulega komið fram hjá forsvarsmönnum Kennarasambands Íslands.

Kennarastarfið hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár og áratugi. Samfélagið gerist stöðugt flóknara sem eykur kröfur um þann undirbúning sem börn fá í skólum undir að takast á við þau verkefni sem þeim munu mæta þegar þau stíga sín fyrstu skref í heimi hinna fullorðnu. Minnkandi viðvera bæði barna og foreldra á heimilum gerir sömuleiðis óhjákvæmilega að verkum að vægi uppeldis, til viðbótar við hefðbundna kennslu, hlýtur stöðugt að aukast í skólastarfinu. Aldrei hafa heldur kröfur foreldra og raunar samfélagsins alls verið meiri til grunnskóla en nú. Skólastarfið sem foreldrum þótti fyrir fáum árum vera sér óviðkomandi er nú þvert á móti undir smásjá stórs hluta þeirra. Starf kennarans er því að mörgu leyti bæði flóknara og erfiðara í dag en það var fyrir fáum árum.

*Góð menntun þess fólks sem hefur svo mikilvægt starf með höndum á að vera keppikefli. Sparnaður á því sviði kemur niður á samfélaginu síðar.*

Algengast er að kennaranám sé fjögur ár í nágrannalöndunum en í Finnlandi er það fimm ár eða fullgilt nám til meistaraprófs. Skólastarf í Finnlandi stendur mjög framarlega á heimsmælikvarða ef marka má Pisa-rannsóknina sem mælir árangur barna í námi enda mun umræða um lengingu kennaranáms úr fjórum árum í fimm vera hafin í nágrannalöndum okkar.

Hugmyndin um lengingu kennaranáms hér á landi er raunar ekki ný af nálinni. Í frumvarpi til laga um Kennaraháskóla Íslands sem Birgir Ísleifur Gunnarsson, þáverandi menntamálaráðherra, lagði fram árið 1988 er gert ráð fyrir fjögurra ára kennaranámi í Kennaraháskóla Íslands. Undirbúningur undir þessar breytingar var unninn í ráðherratíð Svavars Gestssonar sem tók við menntamálaráðuneytinu af Birgi Ísleifi árið 1988 og átti fjögurra ára nám að hefjast við skólann haustið 1991. Það var svo meðal fyrstu verka Ólafs G. Einarssonar í embætti menntamálaráðherra að tilkynna Kennaraháskólanum örfáum vikum áður en nýnemar komu til starfa um afturköllun ákvörðunarinnar um lengingu kennaranámsins.

Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra tekst vonandi að leiða til lykta lengingu kennaranáms og binda má vonir við að sagan frá 1991 endurtaki sig ekki þannig að hugmyndin verði að engu gerð ef nýr maður sest í stól Þorgerðar eftir kosningar í vor.

Verkefni kennara felst ekki eingöngu í því að kenna nemendum til margvíslegra verka. Þeir gegna einnig afar mikilvægu hlutverki í þroska og mótun nemenda sinna. Góð menntun þess fólks sem hefur svo mikilvægt starf með höndum á að vera keppikefli. Sparnaður á því sviði kemur niður á samfélaginu síðar.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Pólitískur ríkisskattstjóri

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri hefur verið óvenju áberandi í fjölmiðlum undanfarið í tengslum við umræðu um skattgreiðslur einstaklinga. Yfirlýsingar hans hafa verið stórpólitískar miðað við að Indriði er embættismaður sem á að framfylgja stefnu stjórnvalda á hverjum tíma. Auðvitað hafa embættismenn sínar skoðanir en venjan er sú að þeir haldi þeim fyrir sig. Ástæðan fyrir hreinskilni Indriða er kannski sú að hann er að hætta sem ríkisskattstjóri í haust. Því eru litlar líkur á að hróflað verði við honum í embætti eða honum veitt tiltal þótt mörgum misliki málflutningur hans. Mun það koma í hlut fjármálaráðherra, Árna M. Mathiesen, að skipa nýjan ríkisskattstjóra.



### Tvö á taugum

Vefþjóðviljanum finnst furðulegt að umræðan um há laun fólks hafi tekið þau Guðna Ágústsson og Jónínu Bjartmarz á taugum. Varaformannsefnin í Framsóknarflokknum boði nú hugmyndir um nýtt skattþrep eða hátekjuskatt. „Þau tvö, ásamt öllum flokkssystkinum sínum á þingi, að undanskildum Kristni H. Gunnarssyni, hafa stutt allar skattalækkunartillögur ríkisstjórnarinnar fram að þessu og enginn hefur fundið á þeim hik í því sambandi. Þess vegna hlýtur það að vekja bæði undrun og efasemdir um trúverðugleika þessara stjórnmálamanna, að þau skuli skyndilega gerast róttækir vinstri sósíalistar, að því er virðist vegna þess eins, að einhverjir bankastarfsmenn hafa samið sín á milli um ríflega bónusa og kaupréttarsamninga," segir á andriki.is.



### Spes ferð

Vert er að hrósa strákunum sem hjóluðu í kringum landið til styrktar SPES-samtökunum. Guðjón Valgarðsson og Dagbjartur Ingvarsson hjóluðu allan hringinn og Gísli Hvanndal fylgdi þeim á bíl og kom hljóðfærunum þeirra milli staða. Þeir söfnuðu tæpum þremur milljónum og virtust hafa gaman af. Hins vegar var ekki alltaf sátt í hópnum og lá oft við að syði upp úr. Eitt sinn fóru tveir þeirra á bílnum upp að Kárahnjúkum og festu hann tvisvar í ám á meðan einn þeirra beið eftir þeim veikur og með ónýtt hjól. Þeir misstu þó ekki sjónar á takmarkinu og komust heim sáttir og í heilu lagi.

bjorgvin@frettabladid.is
steindor@frettabladid.is

## Misjöfn skattbyrði

Í DAG
SKATTAR



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

*Ef ég man rétt átti skattaumhverfið að laða fjárfesta til landsins. Það hefur ekki gerst, íslensk fyrirtæki fjárfesta hins vegar hvert í kapp við annað í útlöndum.*

Ég er sammála unga fólkinu í Sjálfstæðisflokknum þegar kemur að skattskránni sem liggur frammi fyrir gesti og gangandi að glugga í. Mér finnst verst að hafa ekkert heyrt af því hvernig þeim gekk að standa vaktina við að einoka sætin og skrárnar. Það er nefnilega ekkert því til fyrirstöðu að birta upplýsingar um hvernig skattbyrðin dreifist þó fólk sé ekki með nefið ofan í því hver borgar hve mikið. Nafnbirtingar gera ekkert til að auka á aðhald eða réttlátari skattlagningu.

Upplýsingarnar sem Moggi birti um fjölda þeirra sem borga ekki einu sinni vinnukonuútsvar vegna þess að þau borga bara skatt af fjármagnstekjum, eru jafn fróðlegar þótt þeim fylgi ekki nöfn og heimilisföng. Enda getur kona ekki sakast við fólkið sem greiðir þessa skatta ef henni finnst það óréttlátt heldur getur hún bara bölsótast út í kerfið, eða öllu heldur þau sem eru ábyrg fyrir kerfinu.

Það er vissulega rétt hjá þeim hjá Samtökum atvinnulífsins að skattlagning getur haft áhrif á athafnir fólks. Að sönnu varla á hegðan okkar, venjulegs launafólks, sem borgum skattana í staðgreiðslu af þeim krónum sem við vinnum okkur inn, heldur hinna sem eiga eignir sem þeir geta fært fram og til baka eftir því hvar er hagstæðast að greiða skatta, eða hafa einhverja þá aðstöðu að þeir geti hagrætt því hvernig tekjurnar þeirra verða til. Hins vegar varð ég meira en lítið pirruð yfir reiknikúnstum þeirra hjá atvinnulífinu þegar þeir sögðu að taka yrði tillit til verðbólgunnar þegar hugað væri að fjármagnstekjuskatti, vegna þess að því er mér skildist að verðbólgan hefði rýrt eignina og því væri skattprósentan í rauninni hærri en virtist við fyrstu sýn.

En launin, spyr ég, fávís konan, rýrna þau ekki líka í verðbólgunni? Er ekki króna sem ég vinn mér inn í dag verðminni en króna sem ég vann mér inn í fyrra? Hefur þá skattbyrði mín hækkað frá því í fyrra þrátt fyrir skattalækkanir ríkisstjórnarinnar? Er verðbólgan þá allt í einu orðin skattur en ekki afleiðing af slæmri efnahagsstjórn, eða á sú speki aðeins við um eignafólk en ekki venjulegt fólk?

Því er haldið fram að tekjurnar sem koma í ríkissjóð af fjármagnstekjum séu því að þakka að skattaumhverfinu var breytt fyrir tíu árum síðan og þá hafi fólk farið að hreyfa eigur sínar sem það gerði ekki fyrr vegna hárra skatta. Það getur svo sem vel verið að eitthvað sé til í þessu, hinu finnst mér undarlegt að ráðamenn gleymi, sem sagt að við lifum í allt öðru þjóðfélagi í dag en fyrir tíu árum síðan. Allt viðskiptaumhverfið hefur breyst. Þegar EES-samningurinn gekk í gildi í ársbyrjun árið 1994 sköpuðust hér aðstæður til að stunda viðskipti án leyfisveitinga, ekki þurfti lengur stimpil í utanríkisráðuneytinu til að flytja út fisk. Ég hallast að því að það sé ekki síður hið almenna viðskiptaumhverfi sem skipti máli þegar aukning þessa skatttekna ríkisins er skýrð.

Ef ég man rétt átti skattaumhverfið að laða fjárfesta til landsins. Það hefur ekki gerst, íslensk fyrirtæki fjárfesta hins vegar hvert í kapp við annað í útlöndum. Þegar talað er um að fjármagn verði flutt úr landi ef skattaumhverfinu verði breytt í horf sem fólki finnst réttlátara en það sem við höfum í dag þá hlýtur að vera átt við að íslensku fyrirtækin fari úr landi, eða flytji höfuðstöðvar sínar úr landi, eða að þau sem lifa af fjármagnstekjum einum saman taki hatt sinn og staf. Ég er ekki viss um að svo yrði því römm er sú taug ...

Í lokin aðeins um ofurlaunin, ég tek undir með þeim sem hafa minni áhyggjur af þeim en fátækt í landinu. Þó er ljóst að menn eru farnir að skammta sér vel. Kannski ekki furða því það er lenska hér á landi. Kjörtímabilsins, sem lýkur næsta vor, verður væntanlega minnst fyrir að þá ákváðu íslenskir stjórnmálamenn að þeir skyldu ekki vera eftirbátar hæst launaðra forstjóra lýðveldisins.

Auk þess legg ég til að eftirlaunaósóminn verði afnuminn með lögum.




MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

## ALLT HITT

HEILSA

**Kort** af öllum helstu göngu- og hjólreiðastígum í Reykjavík má nú finna á heimasíðu Umhverfissviðs Reykjavíkur, http://www.umhverfissvid.is.



**Ber** eru orðin vel þroskuð á Íslandi í lok ágúst svo fljótlega fer að koma tími á að bregða sér út fyrir bæjarmörkin í berjamó. Ber eru holl og góð og auðug af vítamínum, steinefnum og trefjaefnum. Bláber eru sérstaklega rík af C-vítamíni og innihalda einnig talsvert af E-vítamíni. Þessi vítamín eru andoxunarefni og hindra myndun skaðlegra sindurefna í frumum líkamans sem talin eru tengjast hrörnun og ákveðnum sjúkdómum. Í krækiberjum er töluvert af járni en rannsóknir sýna að mörg börn og konur á Íslandi fá ekki nóg af járni úr fæðunni svo gott getur verið að bæta krækiberjum á matseðilinn.

**Líkamsrækt** er mikilvæg og nú þegar haustið nálgast er ágætt finna sér einhverja líkamsrækt til að leggja stund á í vetur. Margt er í boði og ættu flestir að geta fundið hreyfingu við sitt hæfi.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 16. ágúst, 228. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.18 | 13.32 | 21.44 |
| Akureyri | 4.51 | 13.17 | 21.40 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á vísir.is




Ásgeir stefnir á að taka þátt í heilmaraþoni sem samsvarar 42 km vegalengd. Hann situr líka fyrir á auglýsingum Glitnis vegna hlaupsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hlaupandi kraftaverk

***Ásgeir Elíasson meiddist í alvarlegu snjósleðaslysi fyrir nokkrum árum, en æfir nú fyrir Reykjavíkurmaraþonið af miklum eldmóði.***

Ásgeir var í snjósleðaferð í góðra vina hópi í Bolungarvík þegar ekki vildi betur til en svo að fóturinn á honum lenti í beltinu á sleðanum í krappri beygju. Við það hentist Ásgeir fram fyrir sleðann sem endastakkst og skall þrisvar sinnum í hann áður en hann skall á jörðinni.

„Ég fótbrotnaði illa, auk þess sem sýking hljóp í sárið og það tók mig tæp þrjú ár að komast aftur á fætur," segir hann. Á þeim tíma hafði slasaði fóturinn rýrnað svo mikið að hann var nánast orðinn jafn ummáls og handleggurinn á honum.

„Ég hugsaði með mér að fóturinn yrði aldrei samur tæki ég ekki alvarlega á mínum málum," segir Ásgeir. „Ég fór því að hlaupa með konunni minni og í framhaldi af því fór mig að dreyma um að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoninu árið 2000. Draumirinn rættist þegar ég náði að hlaupa 10 km undir klukkutíma og eftir það hef ég margsinnis tekið þátt í maraþoni, auk þess að hlaupa Laugaveginn sem er 55 km langur svo fátt eitt sé nefnt."

Með hliðsjón af þeim raunum sem Ásgeir rataði í er óhætt að segja að hann hafi unnið sannkallað þrekvirki. „Hið spaugilega er að fyrir snjósleðaslysið var ég enginn íþróttagarpur, þvert á móti, þannig að þegar upp er staðið mætti segja að það hafi breytt lífi mínu á betri veg," segir Ásgeir, sem auk þess að æfa fyrir maraþonið stundar þríþraut af miklum krafti og stefnir á að taka þátt í Iron Man-mótinu í Arizona í haust.

*roald@frettabladid.is*







**Hollur og góður morgunmatur** er góð byrjun á deginum. Gott er að koma meltingunni af stað og fá næringu í kroppinn.




STAFGANGA Í LAUGARDAL

5 vikna námskeið fyrir byrjendur (10 tímar)
**hefst þriðjudaginn 22. ágúst kl. 17:30.**
Tímar fyrir lengra komna á
**þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17:30**

Skráning og nánari upplýsingar á **www.stafganga.is**
eða í símum **616 8595** / Guðný Aradóttir - stafgönguþjálfari
**694 3571** / Jóna Hildur Bjarnadóttir - stafgönguþjálfari

**www.stafganga.is** – áhrifarík leið til líkamsræktar




allt matur
Alla föstudaga



Komnir úr klóm íssins. MYND/ERWIN REINTHALIR

# En allir komu þeir aftur…

***Arctic Team Challenge er árleg þolraunakeppni sem haldin er á Grænlandi í júlílok. Hún felst í kanóróðri, klifri, hjólreiðum um brattar hlíðar og hlaupum um fjöll og jökla. Fjórir Íslendingar kepptu annað árið í röð sem eitt lið.***



Intersportliðið frá Íslandi: Trausti Valdimarsson læknir, Pétur Helgason matvælafræðingur, Erlendur S. Birgisson verkfræðingur, Stefán Örn Einarsson verkstjóri.

„Keppnin gekk vel. Við náðum að ljúka henni á 55 tímum sem er mun betra en í fyrra og höfnuðum í 5. sæti af sjö,“ upplýsir Pétur Helgason, einn fjórmenninganna í íslenska liðinu. Hann segir alla þátttakendur keppninnar hafa komist í mark í ár, í fyrsta skipti í sögu hennar. Það segir nokkuð um þyngd þrautanna sem Pétur er beðinn að lýsa í stuttu máli. „Við byrjuðum fyrsta daginn á að róa yfir fjörð og klifra upp á Polheimsfjallið sem er 1000 metra hátt. Þar horfðum við upp á Grænlandsjökulinn og lá nærri að við sæjum til Íslands. Klukkan er stöðvuð þegar komið er upp í vissa hæð, bæði svo menn geti notið útsýnisins og til að menn fari sér ekki að voða í prílinu. Svo er klukkan sett aftur af stað þegar maður kemur niður fyrir vissa línu og þá hefst kapphlaupið niður. Á öðrum degi hjóluðum við 35 kílómetra, meðal annars um snarbrattar brekkur og



Polheimfjallið var klifið fyrsta daginn. Bærinn Tasiilaq í forgrunni. MYND/PÉTUR

þurftum að bera hjólin af og til. Dálítið puð. En okkur hefur farið mikið fram í hjólreiðunum. Svo skiptum við liði. Fyrir ofan bæinn eru þrjú fjöll, Píramídinn í miðjunni, Sjómannsfjallið er á vinstri hönd og Prestfjallið á hægri. Við fórum tveir saman á sitthvort fjallið og mættumst á Píramídanum. Þaðan hlupum við um jökul, upp á fjórða tindinn og svo til baka í bæinn. Það var mjög heitt í veðri þennan dag. Allt tók þetta okkur um níu og hálfan tíma en besta liðið var rúma sex tíma, það voru Bretarnir. Þeir voru þá þegar búnir að taka góða forystu og héldu henni. Sama lið og sigraði í fyrra. Þriðja daginn hlupum við og hjóluðum í fjórtán tíma og enduðum á tónleikum með Heru Hjartardóttur sem sigraði hugi og hjörtu allra viðstaddra. Fjórði leggurinn var lengstur. Þá var hlaupið og róið. Róðurinn tók á taugarnar hjá okkur því við fórum of langt út og komumst í ógöngur milli risastórra borgarísjaka. Þessi þraut tók okkur 27 tíma, í rigningu lengst af. Samt komum við í mark í sólskini og vorum harla ánægðir enda á miklu betri tíma en í fyrra, svo munaði tíu klukkustundum.“

Hvernig skyldi svo næringarmálum vera háttað meðan á keppni stendur. „Við vorum með innflutt rúgbrauð í öskjum, líka þurrkað kjöt og harðfisk. Við gáfum Grænlendingunum harðfisk þegar við hittum þá á viðkomustöðum sem við þurftum að ná og þeir voru sólgnir í hann. Ég var með hnetur og súkkulaðihúðaðar rúsínur sem var mjög gott að grípa í og suðusúkkladi finnst mér ómissandi í svona puð. Annars er aðalatriðið að drekka vel og við vorum með powerade-duft sem við blönduðum út í lækjarvatn. Svo gengum við bara á fituforðann enda léttumst við allir þó nokkuð.“ Pétur segir það kosta sitt að taka þátt í svona keppni en það sem fáist í staðinn sé alveg stórkostlegt, ferðir fram og til baka, níu daga útivist, húsnæði og fullt fæði. „Fólkið tók sérlega vel á móti okkur. Svo er maður leiddur í gegnum ævintýraheim því Ammassalik er eins og marmarakastali, umvafinn ís og vatni.“

*guf@frettabladid.is*



Pétur á uppleið. MYND/ERWIN REINTHALIR



Tekið til áranna. MYND/ ERWIN REINTHALIR

# Ásókn í íþróttasali

***Enn er hægt að leigja fótboltasali í Sporthúsinu í Kópavogi en í íþróttahúsum skólanna í Reykjavík er eftirspurn meiri en framboð.***

Fjölmargir taka sig saman og leigja sal yfir vetrartímann til hvers konar boltaleikja. Ný tennishöll er risin í Kópavogi og því losnuðu tveir af minni sölunum í Sporthúsinu í Kópavogi til iðkunar fótbolta, fyrir utan salinn sem fyrir er í útleigu og er með gervigras á gólfi. Það er því enn möguleiki á að festa sér tíma, að sögn Magna Fannberg sem hefur umsjón með völlunum. Hann segir Sporthúsið opið frá 6 til 23.

Um 230 hópar leigja tíma í íþróttahúsum skólanna í Reykjavík og þau eru fullsetin því eftirspurn eftir slíkum tímum er meiri en plássið leyfir, samkvæmt upplýsingum Steins Halldórssonar, sem sér um útleigu salanna fyrir hönd Íþróttabandalags Reykjavíkur. Hann segir eftirspurnina góðs viti því hún beri vott um áhuga almennings á hreyfingu og hreysti. „Í þessum tímum er stundað blak, karfa, fótbolti, bandí og handbolti, já, bara allt sem nöfnum tjáir að nefna," segir Steinn ánægður. *- gg*



Bandí er ein þeirra íþrótta sem stundaðar eru í sölum Íþróttabandalags Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN








Gott er að þvo húðina með mildri sápu.

## Ráð gegn gelgjubólum

ÞAÐ ERU ÝMSAR LEIÐIR Í BOÐI TIL AÐ VINNA BUG Á ÞESSUM LEIÐINLEGA VANDA.

Gelgjubólur eru leiðinlegur fylgifiskur unglingsáranna og há reyndar mörgum oft langt fram eftir aldri. Það hefur ekki verið hægt að benda á tilteknar orsakir fyrir unglingabólum en mörg ráð koma að notum í baráttunni gegn þeim. Það getur til dæmis verið gott að þvo húðina tvisvar sinnum á dag með mildri, súrri sápu. Í apótekum fást líka ólyfseðilsskyldar vörur sem vinna á bólum, svo sem Clerasil og Silicol Skin. Ef húðin er mjög slæm er ráðlagt að snúa sér til læknis sem skoðar húðina og getur þá mælt með tiltekinni lyfjameðferð ef þörf þykir vera á.

## Sigrast á svefntruflunum

GÓÐUR SVEFN ER GRUNNUR AÐ ANDLEGRI VELLÍÐAN.

Margir lenda í því að eiga við svefntruflanir að stríða, hvort sem þær eru tímabundið eða viðvarandi vandamál. Orsakir fyrir svefntruflunum geta verið margar, svo sem streita, líkamlegir þættir eins og bakverkir og liðagigt og umhverfi svo fátt eitt sé nefnt. Ýmis ráð eru við svefntruflunum en af þeim má nefna reglulega hreyfingu, að minnka neyslu efna eins og koffíns og áfengis, sérstaklega seint á kvöldin, þægilegt umhverfi og slaka vel á rétt fyrir svefninn. Ef erfitt reynist að vinna bug á vandanum má snúa sér til læknis. *-rve*




allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

Allir þurfa að sofa vel, þú líka ..............

STILLANLEG RÚM




Veldu þér eitt með öllu

WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú alltaf við hlið náttborðsins. Mest seldi ameríski botninn í heiminum.




Loftrúm án rafmagns

Eitt virtasta framleiðslufyrirtæki Evrópu. Stillanlegu loftrúmin hjá SWISSFLEX eru í sérflokki.

BIFLEX



Einn góður á frábæru verði.

Mest selda stillanlega rúmið. Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 2000. Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt rúm þá er BIFLEX lausnin.




IQ-CARE heilsudýnan er ein besta heilsudýna í heimi

Sérstök efnisuppbygging IQ-CARE heilsudýnunnar gefur henni eiginleika sem eru engu líkir.

- Þrýstijöfnun er lykilorðið. IQ-CARE aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir gott blóðflæði sem gerir það að verkum að þú byltir þér minna og nærð dýpri og betri svefni.
- IQ-CARE er svæðisskipt og gefur því réttan stuðning fyrir mjóbak og axlir.
- IQ-CARE er með opnari efniseiginleika en flestar vörur úr skyldum efnum sem gerir það að verkum að hún andar mun betur.
- IQ-CARE aðlagast hraðar að líkamanum en flest rúm úr skyldum efnum.
- IQ-CARE er ein sterkasta efnablanda sem hefur verið þróuð og endist því lengur en flestar vörur úr skyldum efnum.
- IQ-CARE þrýstijöfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum.

Úrval af þýskum hágæðasængum frá BETTY *www.betty.de*



- NASA Outlast með 100% hvítum Siberíu gæsadúni *www.outlast.com*
- Thalascá dúnsængur og koddar fyrir asmasjúklinga.
- Thinsulate sængur. *www.thinsulate.com*
- Thinsulate sængur með Comfortemp efni.
- Camel sængur Betty Hyspring tækni
- Silkisængur
- Cashmere sængur Betty Hyspring tækni
- Sensofill heilsukoddar

Veldu það besta




Við aðstoðum þig við að velja það sem þér hentar

WILLIS & GAMBIER
HÁGÆÐA HÚSGÖGN
www.wguk.com










Svefn & heilsa ★★★★★

Verið velkomin

www.svefn.is

★ GÆÐI ★ GÓÐ VERÐ ★ ÞJÓNUSTA ★ ÚRVAL ★ ÞEKKING

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 • Opið á laugardögum frá 11-16:00 frá og með 12. ágúst

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

KELP
Fyrir húð, hár og neglur
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn
Útsölustaðir m.a: Yggdrasill, Fjarðarkaup, Maður lifandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.

Dr.Hauschka
Náttúrulegar snyrtivörur
Kynning miðvikudag kl. 13.00-18.00.
Kynning á hinum heimsþekktu náttúrulegu Dr. Hauschka snyrtivörum.
Dr. Hauschka snyrtifræðingur veitir persónulega ráðgjöf.
Yggdrasill




SJÓNARHÓLL
Gleraugnaverslun fyrir börnin
STÆRRI VERSLUN MEIRA ÚRVAL
LAFONT pour les ENFANTS
Þar sem gæðagleraugu.... ...kosta minna
Reykavíkurvegur 22
220 Hafnarfirði
565-5970
www.sjonarholl.is

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



## Persona.is

PÁLL EINARSSON
PSYCHOTHERAPIST MSC SKRIFAR

### Hvað er meðvirkni ?

Hugtakið meðvirkni hefur verið áberandi í umræðunni hér á Íslandi síðastliðinn áratug. Hugtakið kemur frá Bandaríkjunum, en þar var fyrst farið að nefna meðvirkni á nafn í kringum 1983. Meðferð fyrir meðvirka einstaklinga hófst ári seinna, en í dag eru meðferðarstöðvar úti um allan heim sem bjóða upp á slíka þjónustu. En hvað er meðvirkni? Hvernig birtist hún og, síðast en ekki síst, af hverju verðum við meðvirk?

Engin endanleg skilgreining á meðvirkni er enn til því hugtakið er ennþá að taka breytingum og í stöðugri endurskoðun. Síðan 1983 hafa komið fram um 23 mismunandi skilgreiningar á meðvirkni. Því fer þó fjarri að þær greini á í einhverjum veigamiklum atriðum, heldur er frekar um blæbrigði að ræða. Einnig er spurning um hversu vítt hugtakið skuli túlkað. Fimm höfuðeinkenni meðvirks einstaklings, samkvæmt Piu Mellody (1989), sem staðist hafa tímans tönn, eru eftirfarandi:

1) Erfiðleikar með að upplifa stöðugt og gott sjálfsvirði.
2) Erfiðleikar með að setja sér og öðrum mörk.
3) Erfiðleikar með að skilgreina og gangast við eigin upplifunum.
4) Erfiðleikar með að skilgreina og mæta eigin þörfum.
5) Erfiðleikar með að hvíla í sjálfum sér og finna tilfinningum sínum heilbrigðan farveg.

Þessi fimm höfuðeinkenni meðvirkni birtast oft í viðleitni einstaklingsins til að reyna að stjórna umhverfinu, í tilraun hans til að láta sér líða vel. Önnur einkenni, eins og að taka ábyrgð á tilfinningum annarra, eru algeng sem og erfiðleikar í nánum samböndum. Ofuráhersla á stjórnun og tilraunir til að breyta öðrum eru kannski þau einkenni sem best eru þekkt, en þau eiga oft við aðstandendur alkóhólista sem og fullorðin börn fíkla og alkóhólista.

Einstaklingur sem þjáist af meðvirkni sækir sjálfsvirðingu sína til annarra. Hann verður háður því hvað öðrum finnst um hann. Vegna lágs sjálfsmats og erfiðleika við að hvíla í sjálfum sér sækir hann óspart í samþykki út á við og finnur þá aðeins fyrir mikilvægi sínu, ef honum er hrósað. Innra með sér er hinn meðvirki að kljást við skömm og einmanaleika samhliða tilfinningunni fyrir því að vera ekki í lagi sem manneskja. Segja má að sá meðvirki hafi í raun ekki neitt eigið sjálf, heldur stjórnist af umhverfi sínu eins og laufblað í vindi.

Algengustu tilfinningar meðvirks einstaklings eru sektarkennd og skömm sem oft og einatt leiða til þunglyndis og kvíða. Af því að sá meðvirki kann í raun ekki að finna tilfinningum sínum farsælan farveg og/eða mæta þörfum sínum, þá verður til krónískt vanlíðunarástand. Líkamleg einkenni eins og höfuðverkur, meltingartruflanir, vöðvabólga og hár blóðþrýstingur samhliða svefntruflunum og svefnleysi, láta oft á sér kræla.

Í samskiptum eru meðvirkir oft óöruggir og reyna að laga sig að þeim sem þeir eru í samskiptum við. Þeir eru eins og kamelljón sem skipta um lit eftir því hvað á best við. Hinum meðvirku finnst sem þeir hafi í raun og veru ekkert val. Þeir eru knúnir áfram af þörf sinni til að geðjast öðrum og hljóta samþykki, en undir niðri kraumar sársauki og lélegt sjálfsmat. Það þarf ekki mikið til að þeir finni til höfnunar og oft fer mikil orka í það að búa svo um hnútana í ástarsamböndum að þeim verði örugglega ekki hafnað og til er í dæminu að þeir hafni áður en þeim verður hafnað til að sitja ekki uppi með sársaukann sem höfnun hefur í för með sér.

Orsök meðvirkni má oftast nær rekja til uppeldis í fjölskyldu sem var lokuð tilfinningalega. Í heilbrigðu fjölskyldulífi lærum við að hlusta og taka tillit til þarfa okkar sem og annarra og leysa tilfinningaleg vandamál. Gott sjálfsmat sem við tökum með okkur út í lífið verður grunnurinn að sterku heilbrigðu sjálfi sem síðan birtist í hæfileika okkar til að lifa lífinu á fullnægjandi hátt. Þegar fjölskyldan er frekar lokuð, á fólk erfitt með að tjá tilfinningar sínar og efast þá oft um sjálft sig. Þegar svo er komið fer hið sanna sjálf okkar í felur og viðkomandi fer að reyna að láta sér líða vel á meðvirkan hátt. Þá er stutt í að fólk verði fíkn að bráð í tilraun sinni til að láta sér líða vel, en ýmiss konar fíkn er mjög algeng hjá meðvirkum einstaklingum.

Þegar okkur verður ljóst að við erum meðvirk opnast okkur leið til að vinna úr málunum. Áður en meðvirkni er skilgreind er lítið hægt að gera annað en vona að aðstæður verði hagstæðar og valdi ekki kvíða og/eða vanlíðan.

Ein leið til þess að skilja hvernig batinn frá meðvirkni gengur fyrir sig er að hugsa sér að við séum að flysja lauk. Hvert lag er afleiðing þess að okkar sanna sjálf, sem er kjarni okkar, fór í felur og til varð falskt sjálf. Um þrjú aðal lög er að ræða, sem síðan skiptast í fleiri undirlög. Þau eru:

• Fyrsta lagið er sambland af sársauka og tilfinningunni af því að vera týndur innra með sér. Upplifuninni er oft lýst þannig að maður sé týndur í þoku og veit ekki hvert ber að stefna.

• Annað lagið sem umlykur okkar sanna sjálf er fíkn og ýmiss konar áráttukennt atferli ásamt tilfinningalegri ringulreið.

• Þriðja lagið og það síðasta sem umlykur okkar sanna sjálf inniber ótta, skömm og reiði (heift).

Undir þessum lögum hvílir síðan okkar sanna sjálf tilbúið að vera uppgötvað. Á bataferli okkar flysjum við þessi lög af hægt og rólega. Það gerist með því að við látum af afneitun á tilfinningum okkar. Við leyfum okkur að upplifa þær og tjá þær jafnframt því sem við göngumst við fjölskylduhlutverki okkar og styrkjumst í því að fylgja okkar innri rödd. Ekki er óalgengt að sá meðvirki þurfi að leyfa sér að syrgja, en sú sorg er ekki sprottin af því að vera í vanlíðan heldur er hún hluti af bataferlinu, þegar maður tengist sínu sanna sjálfi.

Að losa um meðvirkni er ferli sem tekur tíma þar sem oftast er verið að fást við margra ára gamalt samskiptaog tilfinningamynstur aftur úr barnæsku. Ekki er þó hægt að segja að um einhvern endanlegan áfanga sé að ræða, því ef við viljum þá getum við haldið áfram að vaxa bæði andlega og tilfinningalega alla okkar ævi.

# Stærstu maraþonhlaupin

***Mörg maraþonhlaup fara fram árlega um heim allan. Hlauparar eru ekki þeir einu sem keppa heldur keppa mótin innbyrðis um þátttakendur og orðspor.***

Maraþonhlaup er gríðarlega erfitt og reynir mikið á keppendur. Þess vegna keppa þeir bestu sjaldan og keppast mótshaldarar við að lokka til sín atvinnuhlaupara. Háar fjárhæðir eru í boði fyrir þá bestu einungis fyrir að taka þátt en það er eitthvað sem hinn almenni hlaupari lætur sig bara dreyma um. Hann hleypur einungis ánægjunnar vegna og til að bæta sjálfan sig rétt eins og öll þau hundruð þúsunda sem hlaupa maraþon á ári hverju.

Fyrir utan heimsmeistara- Evrópu- og Ólympíumót eru fimm maraþonhlaup sem standa upp úr hvað varðar stærð og umfang. Þetta eru maraþonin í New York, Boston, London, Berlín, og Chicago. Elst þeirra er Boston-maraþonið en það var haldið í fyrsta sinn árið 1897. Árið 1975 var íþróttamönnum bundnum við hjólastól í fyrsta sinn boðin þátttaka og það var í Boston-maraþonið. Bob Hall rúllaði þá kílómetrana 42 á tveimur klukkustundum og 58 mínútum en honum hafði verið lofað opinberri viðurkenningu á afreki sínu ef hann næði að klára vegalengdina á innan við þremur tímum.

Rúmlega 40 þúsund manns skrá sig til þátttöku árlega í maraþonhlaupið í London, Berlín og New York. Það hlaup sem flestir hafa klárað, og er í þeim skilningi stærsta maraþonhlaup sögunnar, er New York-maraþonið. Metið var sett á síðasta ári en þá kláruðu 36.856 íþróttamenn hlaupið. New York-maraþonið hefur það einnig fram yfir önnur hlaup að leiðin er almennt talin sú skemmtilegasta. Hlaupið er um hin ýmsu hverfi og yfir tvær milljónir áhorfenda hvetja keppendur, spila tónlist og hafa gaman af. Ekki spillir 37,5 milljóna verðlaunaféð hlaupagleðinni.

Ef bæta á lands- eða heimsmet er maraþonið í Berlín hentugasti staðurinn. Hlaupaleiðin er flöt og hörð og margir setja þar sín persónulegu met. Íslandsmetið í maraþoni var sett þar og árið 1993 hljóp Kenýabúinn Paul Tergat Berlínarmaraþonið á 2:04:55, en það er heimsmet sem stendur enn.

tryggvi@frettabladid.is



Ætla má að á bilinu 200-300.000 manns hlaupi maraþon árlega og nokkrar milljónir mæti að hvetja þá áfram. Hér sést Kenýabúinn Joseph Chebet hlaupa maraþon í Boston.
NORDICPHOTO/GETTYIMAGES

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu mjög vel með farið borðstofuborð (90x170cm, stækkanlegt í 220cm), 6 stólar og skenkur (194x80cm, dýpt 45cm, 2 skápar og 3 skúffur). Svart og viðaráferð. Verð 75þús.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Dýrahald

4ja mán. súperhress fress kolsvartur, bráðvantar nýtt heimili. Góðhjartaðir hafið samb. í s. 698 6788.

Labrador hvolpar til sölu. Uppl. í s. 847 3843.

Íslenskur hvolpur fæst gefins á gott heimili. 6 mánaða gamall, frábær hundur. Uppl. í s. 421 6940.

Kafloðinn kettlingur fæst gefins af norksu skógarkattarkyni. Uppl. í s. 693 5007.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

Fjölskylduferð, Hafsúlan hvalaskoðun.

## Ferðaþjónusta

Golfferðir, Hafsúlan hvalaskoðun.

## Gisting

**Gisting á Spáni**
**Íbúð til leigu í Barcelona central, Playja de Aro Mahon, Menorca.**
**Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws**

## Fyrir veiðimenn







Laxamaðkur! Maðkur til sölu. Uppl. í s. 898 3950.

Stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

## Ýmislegt



**Sjóstangaveiði / Fuglaskoðun**
Daglegar ferðir frá Ægisgarði kl.09:00 mán - fös! www.sjostong.is S. 898-3300

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 2 herb. 58 ferm. íbúð á annarri hæð í þríbýli við Bergþórugötu, á besta stað í 101. Nýlega máluð og í góðu ástandi. Leiga 100.000 kr. á mán., gr. fyrirfram og bankatrygging fyrir þriggja mánaða leigu. Húsgögn, rafmagn, hiti og húsgjöld innifalin. Íbúðin er laus 24. ágúst og leigist út maí 2007. Uppl. í síma 864 4827.

**Elliðavatn-frábært útsýni**
Glæsileg, glæný 2 herb. íbúð 76fm, Akurhvarfi, leiga 105 þús. Laus strax. Uppl. í s. 896 3362.

## Húsnæði óskast

Tvær ungar konur óska eftir studio eða 2ja herb. íbúð á höfðb.svæðinu sem fyrst. Reglusemi og skilvísi heitið. Uppl. í síma 820-7150

Óska eftir herb., studio íbúð eða einbýlishúsi með 4-5 herb. Uppl. í s. 867 2781.

## Sumarbústaðir




## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum og einnig rúmgott herbergi við Suðurlandsbraut. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II**
Tökum til geymslu, tjaldvagna, fellihýsi, búslóðir o.fl. Upplýsingar í síma 864-3176 & 895-3176

## Bílskúr

Óskast f gamlan bíl, Rvk svæðið, Kef, Hfj, Self. 40 þ á ári tkatrin@hotmail.com

## Gisting

Til leigu nýuppgerðar og fullbúnar íbúðir í hjarta Akureyrar. Íbúðirnar leigjast til lengri eða skemmri tíma. Uppl. í 820 7080, Vignir.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Mothers and Others!**
**Help needed! -Part time $500 - $2000 -Full time $2000 - $8000 -Full training www.123ibo.com www.123ibo.com**

**Skalli Vesturlandsvegi**
**Óskum eftir að ráða duglegt starfsfólk, dagvinna, kvöldvinna, vaktavinna. Góð laun fyrir gott fólk.**
**Upplýsingar á staðnum milli 17-19.**

**Jolli Hafnarfirði**
**Vantar þig vinnu í Hafnarfirði og ertu 18 ára eða eldri? Geturðu verið reyklaus þegar þú ert í vinnunni? Viltu vinna í góðu fyrirtæki þar sem gott andrúmsloft skiptir máli? Þá er Jollinn rétti staðurinn fyrir þig. Okkur vantar fólk í fullt- og hlutastarf.**
**Umsóknareyðiblöð á staðnum. Upplýsingar veitir verslunarstjóri Líney (844-7376) alla virka daga milli 14-18**

**Aktu Taktu Afgreiðsla og Vaktstjórn**
**Vilttu vinna með duglegu og skemmtilegu fólki? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf í afgreiðslu. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Hvort sem þú vilt vera í fullu starfi eða kvöldvinnu þá höfum við eitthvað fyrir þig. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.**
**Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir framkvæmdarstjóri Óttar (898-2130) milli 9-17.**

**American Style á Bíldshöfða og Hafnarfirði**
**Afgreiðsla og grill American Style leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í vaktarvinnu í sal og á grilli. Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga. American Style er á fimm stöðum á höfuðborgasvæðinu. 18 ára og eldri og góð íslenskukunnátta nauðsynleg.**
**Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 8:30-17:00**

**Pítan**
**Frábær vinnustaður, skemmtilegt fólk og rótgróinn rekstur. Langar þig að vinna á Pítunni? Okkur vantar fólk í fullt starf í sal og eldhúsi. Viðkomandi getur hafið störf sem fyrst.**
**Umsóknareyðiblöð á staðnum og www.pitan.is. Upplýsingar veitir rekstrarstjóri Michael (864-9861) alla virka daga milli 14-18**
**Umsóknareyðiblöð á Pítunni og á pitan.is.**

**Starfsfólk óskast.**
**Keiluhöllin öskjuhlíð óskar eftir starfsfólki í kvöld og helgar vinnu, í afgreiðslu og á bar. Vinsamlegast endunýjið fyrri umsóknir. Góð vinna með skóla.**
**Upplýsingar í síma 864 6112 eða www.keiluhollin.is**

**Kitcen staff.**
**Pepole needed in fast food kitcen in 101 RVK.**
**Information in tel 864 6112**

**Kjúklingastaðurinn Suðurveri**
**Vaktstjóra og Starfsfólk óskast í vaktavinnu Einnig vantar fólk í hlutastörf. Íslensku kunnátta æskileg. Ekki yngri enn 18 ára.**
**Upplýsingar í síma 553 8890.**

Okkur vantar hressa, jákvæða og þjónustulundaða starfsmenn til þjónustustarfa í sal á veitingastaði okkar í Skipholti og Höfðabakka. Kvöld og helgarvinna, eða dagvinna, sveigjanlegur vinnutími við allra hæfi. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Uppl. gefur Vydas Skipholti í s. 552 2211 eða 692 4310 og Gunnar Höfðabakka s. 517 3990 eða 660 1144.

**Íslandspóstur**
**Íslandspóstur óskar eftir starfsfólki í Böggladeild Póstmiðstöðvar. Um er að ræða framtíðarstörf í dagvinnu, vaktavinnu eða hlutastörf sem henta mjög vel með skóla.**
**Upplýsingar gefur Kristín í síma 580 1241, umsóknir má senda á netfangið kristins@postur.is Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Íslandspóst, www.postur.is**

Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu. Vinnutími 07-13 og 13-18.30 virka daga og önnur hver helgi, ekki sumarvinna. Einnig vantar manneskju aðra hvora helgi. Umsóknareyðublöð á staðnum & s. 555 0480.

**Veitingahúsið Nings auglýsir: Vantar Þig vinnu með skóla?**
**Okkur vantar þjónustulundað starfsfólk í vinnu aðra hvora helgi og eitt til tvö kvöld í viku frá kl 17 til 22. Ekki yngri en 18 ára.**
**Upplýsingar í símum 822 8833 / 822 8840 eða á www.nings.is**

**Hársnyrtistofan Korner**
**óskar eftir nema.**
**Uppl. á staðnum eða í síma 897 4878 & 544 4900.**

**Hlöllabátar Ingólfstorgi**
**óska eftir starfsfólki á kvöldin og um helgar (næturnar). Ekki yngri en 18 ára.**
**Uppl. í s. 511 3500 & 861 0500 einnig á staðnum.**

**Kökuhornið Bæjarlind**
**Óska eftir að ráða starfsmann í pökkun. Næturvinna.**
**Einnig vantar fólk í þrif í vinnslusal.**
**Uppl. í síma 544 5566 & 861 4545.**

**Veitingahúsið Vegamót**
**óskar eftir hressum þjónum í fullt starf og hlutastarf í vetur**
**Uppl. á staðnum eða á vegamot@vegamot.is**

**Beitningamenn óskast!**
**Vanir beitningamenn óskast strax. Möguleiki á húsnæði. Beit er í Grindavík.**
**Upplýsingar í síma 849 4960**

**Energia kaffihús/veitingahús Smáralind**
**Vantar þjóna í sal og á kaffibar, einnig aðstoð í eldhús. Hlutastörf koma til greina og/eða dagvinna eingöngu. Mikil vinna fyrir duglegt og kraftmikið fólk.**
**Upplýsingar í síma 664 0664 eða á staðnum, Guðný.**

**Foldaskálinn Grafarvogi**
**Foldaskálinn sem er grill og söluturn í Grafarvogi óskar eftir starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Gott starf með námi í vetur.**
**Áhugasamir hafi samband við Óskar í síma 897 7466.**

**Verslunin Tvö Líf**
**óskar eftir að ráða hressan og duglegan starfskraft. Vinnutími 11-18 virka daga, og annan hvern laugardag. Góð laun í boði réttan aðila. Ekki yngri enn 18 ára.**
**Upplýsingar á staðnum Holtasmára 1 eða í síma 517 8500 eða senda umsóknir á tvolif@tvolif.is**

**Smurbrauð/Eldhús**
**Bakarameistarinn Suðurveri óskar eftir starfsmanni í eldhússtörf. Vinnutími 05-13 virka daga auk þriðju hverrar helgi, viðkomandi þarf að hafa bíl til umráða. Góð laun í boði.**
**Uppl. í s. 897 5470 einnig umsókareyðublöð www.bakarameistarinn.is**

**Kaffihús, Bakarí**
**Bakarameistarinn, Húsgagnahöllinni, Smáratorgi, Austurveri, Suðurveri, Glæsibæ og Mjódd óskar eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19, 13-19, og 07-13. Góð laun í boði.**
**Uppl. í s. 897 5470 einnig umsókareyðublöð www.bakarameistarinn.is**

**Skólavefurinn**
**Skólavefurinn leitar að kröftugum einstaklingum í úthringiátak, reynsla af svipuðum störfum æskileg en ekki skilyrði. Unnið er á kvöldin á virkum dögum og milli kl. 13 og 18.30 um helgar. Hentar vel fyrir skólafólk. Góð laun í boði ýrir rétta aðila.**
**Frekari uppl. í s. 848 4805, Sigþór.**

**Veitingahúsið Nings auglýsir**
**Okkur eftir að ráða vaktstjóra. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.**
**Upplýsingar í símum 822 8833 / 822 8840 eða á www.nings.is**

**Leikskólinn Ösp, Iðufelli 16, 111 Rvk.**
**Leikskólinn Ösp óskar eftir leikskólakennara og/eða leiðbeinanda sem fyrst. Einnig vantar í skilastöðu frá kl. 15:30 - 17:30 hentar vel fyrir skólafólk.**
**Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 557 6989 Kristín**

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Vinnutími er:07-13 eða 13-18.30. Einnig er unnið aðra hverja helgi. Áhugasamir hafi samband við Sigríði í síma:699-5423 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

**Skemmtileg og lærdómsrík störf!**
Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki. Ýmsar starfsprósentur. Uppl. í síma 525 0900 og á www.smfr.is

Kaffi Roma á Rauðarárstíg óskar eftir starfsfólki sem fyrst. Uppl. í s. 866 0576 eða á staðnum.

Sótthreinsun og þrif óskar eftir hraustum starfsmanni í vinnu við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Aldur 16+. Þarf að hefja störf sem fyrst. Góð laun í boði fyrir réttan mann. Umsóknir og umsögn berist til. sotthreinsun@sotthreinsun.is www.sotthreinsun.is

**Starfsfólk óskast.**
Óskum eftir starfsfólki á öllum aldri í kvöld og dagvinnu. Upplýsingar í síma 575 1500.

**Byggingavinna**
Óskum eftir að ráða aðstoðarmenn í byggingarvinnu í Hfj. Uppl. í s. 899 0909 eða 893 5114.

Drífa ehf Garðabæ wishes to hire warehouseemployee. Applicant needs to be able to start immediately. Application should be sent to baldur@icewear.is

Drífa ehf í Garðabæ óskar eftir að ráða starfsmann á lager. Viðkomandi þarf að geta byrjað sem fyrst. Umsóknir sendist í tölvupósti á: baldur@icewear.is

**Ræstingastjóri í Lækjaskóla**
Ræstingastjóri í Lækjarskóla Hafnarfirði Sér um ræstingu á stjórnunarrými, frágang og lokun húsnæðis á kvöldin. Vinnutími er frá 12:00 - 20:00.

Söluturn í miðbæ Rvk. óskar eftir starfsm. í nætursölu um helgar. 20 ára og eldri. Uppl. í s. 896 1933.

Óskum eftir kranamanni á byggingakrana og í önnur tilfallandi störf í Vatnsendahverfinu í Kópavogi. Uppl. í s. 893 2290, Bergmót ehf.

**Bakarí**
Starfskraftur óskast í bakarí, vinnutími 06:00- 12:00. uppl. á staðnum f. hádegi eða í s. 551 1531 Björnsb v/ Skúlagötu

**Múlakaffi ehf.**
Stafsmaður óskast í kvöldvinnu frá 16.00-20.30, einnig vantar fólk á helgarvaktir. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Uppl. veitir Guðríður María í s. 660 7883.

## Atvinna óskast

Íspólska ráðningarþjónustan, núna í vinnuferð í Póllandi, býður pólska starfsmenn. Uppl. s. 0048 669587238 og ispolska@simnet.is

## Tapað - Fundið

Einstæð móðir, öryrki týndi rest af peningi sínum á föstudaginn í Smáranum, milli 5-6. Uppl. í s. 863 2558.

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál

**Símaspjall 908 2444.**
Símaspjall 908 2444. Ég er spennandi, ég er Klara. Ásamt fleiri stelpum sem langar að vera vinkona þín í kvöld. Opið allan sólahringinn.

EUROPRIS Starfsfólk Óskast í verslanir Europris Upplýsingar í síma 5113322 - 533 3360 EUROPRIS.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

## ATVINNA

**BM ráðgjöf**
**Kvöldvinna**
**Akureyri, Reykjavik og Reykjanesbær.**
Vantar starfsfólk 16 ára og eldra til starfa milli kl. 17-22 við fjölbreytt verkefni á sviði inn og úthringiþjónustu.
Góð laun í boði.
Sendið okkur umsókn á bm@bm.is, petur@bm.is eða upplýsingar í síma 590-8000/822-5057

**Vinna með námi hjá Hive**

**Hive vantar gott fólk í úthringiver sitt.**

Við erum að hringja milli kl.18:00 og 22:00 og starfsmenn vinna að meðaltali 2-4 daga í viku. Þetta er tilvalin vinna með námi og frábærir tekjumöguleikar í boði.

Áhugasamir sendi póst með helstu upplýsingum um sig á soluver@hive.is.

Hive

Garðaskóli, Garðabæ

## Kennari – náttúrufræði
## Meðferðarfulltrúi

### Náttúrufræði
Vegna ófyrirséðra forfalla er þegar laus 100% staða kennara í náttúrufræði við Garðaskóla í Garðabæ. Um er að ræða kennslu í líffræði, eðlis- og efnafræði í 8.-10. bekk.

### Meðferðarfulltrúi
Einnig er laus staða meðferðarfulltrúa í 75-100% starf. Óskað er eftir þroskaþjálfa eða starfsmanni með sambærilega menntun.

Nánari upplýsingar veita skólastjóri, Ragnar Gíslason og aðstoðarskólastjóri Þröstur V. Guðmundsson í síma 590 2500.

Garðaskóli er 430 nemenda unglingaskóli (8.-10. bekkur).

**Skólastjóri**

## MÓTTÖKURITARAR
óskast í þjónustumiðstöð fyrir augnlækningar með áherslu á börn. Einnig aðstoð við forskoðun sjúklinga. Fjölbreytt og mjög áhugaverð störf. Góð tölvukunnátta nauðsynleg. Mjög góð vinnuaðstaða.- **2 STÖÐUR:**
**STARF A:** 60% STAÐA **FYRIR HÁDEGI** (ÞAR AF VIKULEGA 3-4 KLST. RÆSTINGAR).
**STARF B:** 50% STAÐA **EFTIR HÁDEGI.**
***Umsóknir sendist til: SJÓNVERND-þjónustumiðstöð,***
Þverholti 14, 105 Reykjavík - sjonvernd@sjonvernd.is

## RAFLAGNIR ÍSLANDS ehf. RÍ-VERSLUN & ÞJÓNUSTA

### Sölumaður (rafvirki) óskast
### *Lager og aðstoðarmaður óskast*

Rafvirki óskast í söludeild, fjölbreytt starf og góð starfsaðstaða.
Í boði eru góð grunnlaun og ýmiss hlunnindi (bifreið - 1/2 fæði - sími og fatnaður).
Lágmarks menntun er sveinspróf í rafvirkjun eða rafeindavirkjun.

*Lager og aðstoðarmaður óskast, verður að hafa bílpróf.*

Umsóknir sendist til framkvæmdastjóra, Bjarni H. Matthíasson með pósti eða á netfang: bjarni@ri-verslun.is

**www.ri-verslun.is**



## Starf á skrifstofu

**Fyrirtækið:**
Atlantsolía var stofnað á vormánuðum 2002 og hóf að selja bensín til almennings 8. janúar 2004. Fyrirtækið rekur 8 bensínstöðvar ásamt því að veita verktökum og skipaútgerðum eldsneytisþjónustu. Hjá fyrirtækinu starfa 16 manns. Atlantsolía er eina íslenska olíufyrirtækið sem býður upp á Dælulykla.

**Starfslýsing**
Atlantsolía leitar að framtíðar starfskrafti á skrifstofu fyrirtækisins að Vesturvör 29, Kópavogi.

- Megin hluti starfsins felst í skráningu og umsjón Dælulykla, eftirfylgni markaðsáreitis, símsvörun auk ýmissa tilfallandi verkefna.
- Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
- Möguleiki á kvöld- og helgarverkefnum utan hefðbundins vinnutíma - ath. ekki skilyrði. Í boði er lifandi starf í góðum hóp einstaklinga.

**Æskilegir eiginleikar:**
Við leitum að kröftugum, stundvísum og nákvæmum aðila sem er reiðubúinn til að taka þátt í uppbyggingu á nýju og ört vaxandi fyrirtæki.

Umsóknir sendist fyrir fimmtudaginn **17. ágúst** á Huga Hreiðarsson, hugi@atlantsolia.is, nánari upplýsingar í síma: **591-3132 eða 825-3132**.

Atlantsolía er reyklaus vinnustaður.

ATLANTSOLIA
**Atlantsolia - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is**

pipar / SÍA

## Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn

**Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, SHS, þarf á slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum að halda vegna fjölgunar í liðinu.** Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu við sjúkraflutninga, slökkvistörf og reykköfun, björgun og neyðarflutninga með möguleika á starfsmenntun og þjálfun erlendis og innanlands. Laun eru skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

**Umsækjendur með reynslu:**
Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn með reynslu eru sérstaklega hvattir til að sækja um. Gott væri ef þeir gætu hafið störf sem fyrst en annars eftir nánara samkomulagi.

**Umsækjendur þurfa að:**
- Vera reglusamir og háttvísir.
- Hafa góða líkamsburði, gott andlegt og líkamlegt heilbrigði, góða sjón og heyrn, rétta litaskynjun og vera lausir við lofthræðslu og innilokunarkennd.
- Hafa aukin réttindi til að stjórna vörubifreið og leigubifreið. Nóg er að umsækjandi hafi öðlast aukin ökuréttindi þremur mánuðum eftir ákvörðun um ráðningu.
- Hafa iðnmenntun (sveins- eða vélstjórapróf) sem nýtist í starfi eða sambærilega menntun (stúdentspróf) og reynslu.

**Umsóknir**
Umsóknareyðublöð eru hjá þjónustuveri SHS og á www.shs.is. **Umsóknum og fylgigögnum skal skila** til þjónustuvers SHS, Skógarhlíð 14, **eigi síðar en 22. ágúst nk.** Fylgigögn: Læknisvottorð um almennt heilbrigði, sakavottorð, prófskírteini, ljósrit af ökuskírteini og ökuferilsskrá, passamynd. Konur eru hvattar til að sækja um.

**Ráðningarferlið**
Reynsluráðning er áætluð frá 1. nóvember 2006. Að loknum sex mánaða reynslutíma verður tekin ákvörðun um fastráðningu. Þeir sem uppfylla almenn skilyrði þurfa að vera reiðubúnir að gangast meðal annars undir:
- Styrkleikapróf, 3.000 m hlaup og sund
- Akstursþróf
- Próf vegna lofthræðslu og innilokunarkenndar
- Göngupróf á bretti í eldgalla með reykköfunartæki á bakinu
- Próf í almennri þekkingu og tungumálum
- Læknisskoðun, hjóla- og áreynslupróf

**Nánari upplýsingar:**
**Kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 17. ágúst kl. 16.00** í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð. Frekari upplýsingar veitir Kristín Þorsteinsdóttir starfsmannastjóri (*kristin.thorsteinsdottir@shs.is*) í síma 528 3000 á skrifstofutíma.
**Einnig á www.shs.is.**





SHS

Skógarhlíð 14
105 Reykjavík
sími 528 3000
shs@shs.is
www.shs.is

SHS er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, viðbrögðum við mengunaróhöppum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa. Að rekstri SHS standa sjö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarneskaupstaður og Álftanes. Framkvæmdastjórar sveitarfélaganna skipa stjórn SHS.

GARÐAR GUÐJÓNSSON / FORSTOFAN 08/06





HÚSEIGN – Fasteignamiðlun


Guðmundur St. Ragnarsson
Löggiltur fasteignasali

## FÁKAHVARF
**ca 235 m2 • 4-5 herb. • Einbýlishús • Verð: 69 millj**




**Húseign kynnir 235,1 fm einbýlishús, þar af 43,2 fm bílskúr, við Fákahvarf í Kópavogi með einstöku útsýni austur yfir Elliðavatn. Húsið er staðsteypt með ljósum steinsalla. Fjögur svefnherbergi og rúmgóð stofa þar sem hátt er til lofts. Gengið er inn á flísalagða forstofu, flísalagt rúmgott gestasalerni, innangengt í bílskúr úr forstofu, einnig góð geymsla. Rúmgott eldhús með glæsilegri ALNO-innréttingu, rúmgóður borðkrókur með góðu útsýni yfir Elliðavatn, útgengi á verönd úr borðkrók. Skemmtileg eign með útsýni sem á engan sinn líka. Allar nánari upplýsingar veitir Baldvin Ómar í síma 898-1177 eða á skrifstofu Húseignar í síma 585-0100**


Baldvin Ómar Magnússon
Sölustjóri

*Guðmundur St. Ragnarsson • Löggiltur fasteignasali*
*Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími 585 0100 • Fax 585 0109*

**Sími 588 90 90**
EIGNAMIÐLUN
Síðumúla 21 ▸ eignamidlun@eignamidlun.is ▸ Fax 588 9095
www.eignamidlun.is ▸ Mánud. - fimmtud. 9-18 Föstud. 9-17



## BREKKUSKÓGUR
SUMARBÚSTAÐIR

Til sölu tveir 62,2 fm sumarbústaðir í Brekkuskógi. Húsin skiptast m.a. í 3 svefnh., stofu, eldhús og baðh. Góð verönd til suðurs er fyrir framan bústaðina og er gengið út á verönd úr stofu og forstofu. Heitur pottur er við húsin og er skjólgirðing. Fallegt útsýni. **Verð frá 11 millj.**

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

**Sími 588 90 90**
EIGNAMIÐLUN
Síðumúla 21 ▸ eignamidlun@eignamidlun.is ▸ Fax 588 9095
www.eignamidlun.is ▸ Mánud. - fimmtud. 9-18 Föstud. 9-17



## HOLTSBÚÐ 42 - GARÐABÆ
OPIÐ HÚS

Fallegt og vel viðhaldið 226 fm einbýlishús á einni hæð. Tvöfaldur bílskúr. Húsið skiptist m.a. í stofu, borðstofu og 3-4 herbergi. Auk þess er 3ja herb. íbúð með sér inngangi. Mjög fallег gróin lóð. **HÚSIÐ VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG ÞRIÐJUDAG MILLI KL 18-20.**

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

Nýtt heimili®
www.nytt.is
fasteignasala
hamraborg 10 | 200 kópavogur
reynir erlingsson | löggiltur fasteignasali
www.nytt.is | nytt@nytt.is | sími 414 6600 | fax 414 6601

# 414 6600



## Skerplugata - 101 Reykjavík

Einbýli í „litla Skerjafirði". Fallegur garður og verönd sem snýr í suður. Húsið var aðflutt árið 1990 og hefur verið endurbætt að miklu leyti á smekklegan hátt. Kjallari, hæð og ris. 3 herbergi og 2 stofur sérinngangur í kjallara möguleiki væri að innrétta litla íbúð í kjallara. Sjón er sögu ríkari. **Verð 44.9 millj.**

Frum


reynir 820 2145


heiðar 693 3356


sandra 861 6062



**Álfkonuhvarf - 203 Kópavogi**
3ja herb 107,2 fm íbúð, ásamt bílageymslu á 2. hæð í mjög snyrtilegu fjölbýli. Rúmgóð íbúð 2 herbergi m/skápum eldhús opið í stofu með ljósri innréttingu. baðherbergi með baðkari og sturtuklefa. rúmgóðar suðursvalir – útsýni til norðurs snyrtilegt hús tilbúin án gólfefna. **Laus við kaupsamning. Verð 24.9 milj.**



**Eskivellir - 221 Hafnarfjörður.**
Höfum fengið í sölu nýjar 3ja herb 87 fm íbúðir við Eskivelli í Hafnarfirði. Fullbúin án gólfefna, undanskilið baðherbergi og þvottahús sem er flísalagt. Lyklar á skrifstofu. **Verð 17,9 milj.**



**Njálsgata – 101 Reykjavík**
3ra – 4ra herb. Glæsileg íbúð í miðborg Reykjavíkur. Íbúðin er samtals 89,5 fm. íbúðin er nýlega standsett þ.m.t. baðherbergi, eldhús, gluggar og gler á suðurhlið. Snyrtilegt hús og sameign. **Verð 25.9 milj.**



**Grundarstígur 101 - Reykjavík**
Til sölu 66 fm 2ja herb. íbúð á góðum stað í miðbæ Reykjavíkur. Íbúðin er laus við kaupsamning. **Verð 15,9 milj.**



**Hörpugata - 101 Reykjavík**
Sjarmerandi og snyrtilegt hús á stórri eignalóð í „litla Skerjafirði".
Kjallari, hæð og ris eru samtals 131,6 fm, andyri, 3 svefnherb. 2 stofur, opið eldhús. Í kjallara er 2ja herb. íbúð og þvottahús. eignarlóð er 717,5 fm og gefur möguleika á stækkun/viðbyggingu sem og bílskúr. **Sjón er sögu ríkari. Verð 46 millj.**



**Berjarimi 9, 2. hæð - 112 Rvík**
Falleg 101,9 fm 3ja herb. endaíbúð ásamt stæði í lokaðri bílgeymslu við Berjarima. Rúmgott eldhús og bað, tvö svefnherb., parket og flísar á gólfum, stórar hornsvalir. **Verð 22,9 milj.**



**Langholtsvegur - Rvk**
3ja herberja 80,7fm kjallaraíbúð m/sérinngangi í þríbýlishúsi. Íbúðinn er snyrtileg og björt, lítið niðurgrafin. **Verð. 15,7 milj.**



**Lækjasmári - 201 Kópavogur**
Glæsilegt útsýni. 2-3ja herb íbúð á áttundu hæð (efstu) í lyftuhúsi, ásamt bílastæði í lokaðri bílageymslu. Samtals birt stærð 121,8 fm. Íbúðinn sjálf er 94,5 fm. Ljósar innréttingar, parket á gólfum. Íbúðin er upprunalega 3ja herbergja en eitt herbergi hefur verið opnað í stofu. Snyrtileg sameign. Húsið er klætt að utan með áli. **Ásett verð 28.9 milj.**




Sími 466 1600 | www.kaupa.is

# Einstakt hús í hjarta Akureyrar



Hvammur - Amarohúsinu
Hafnarstræti 99-101,
600 Akureyri - Sími 466 1600
Opið virka daga 9-17
Sigurður Sveinn Sigurðsson Löggiltur fasteignasali

Frum

Hér er um að ræða einstakt hús í hjarta Innbæjarins á gatnamótum tveggja elstu gatna bæjarins Hafnarstrætis og Aðalstrætis. Húsið er reisulegt timburhús byggt árið 1900 af Sigtryggi Jónssyni. Húsið skiptist í dag í tvær íbúðir, annars vegar efri hæð og ris, og hins vegar neðri hæð og kjallara. Báðar íbúðirnar eru mjög rúmgóðar og bjartar, með mikilli lofthæð og mörgum gluggum. Heildarstærð eignarinnar er 364,5 fm sem skiptist í 185,6 fm efri íbúð og 178,9 fm neðri íbúð.

***Efri íbúð:*** Gengið er inn í íbúðina af verönd á norðaustur horni hússins. Þar er komið inn á flísalagða forstofu. Fallegur stigi og stigauppganga er upp á hæðina. Lítið þvottahús er á stigapalli á hæðinni. Aðalhæð íbúðarinnar skiptist í tvö svefnherbergi, stofu, sjónvarpstofu og eldhús, borðstofu og hol í einu opnu rými. Upprunalegar gólffjalir eru á hæðinni að mestu og hafa þær verið pússaðar upp. Upprunalegar loftfjalir eru í loftum og á veggjum eru brjóstlistar og veggfóður á hluta. Á eldhúsi eru nýrri gólffjalir og baðherbergi er dúkur. Á baðherbergi er baðkar og eru öll tæki á baði í „gömlum stíl". Í eldhúsi er ný innrétting og úr borðstofu er farið út á svalir til suð-vesturs. Úr holi er stigi upp í ris. Risið er að mestu eitt stórt opið rými en þar er þó stúkað af eitt svefnherbergi og lítið salerni. Þar væri hægt að fjölga herbergjum væri vilji til þess. Gólffjalir eru þar á gólfum og bitarnir í loftinu sjást sem setur skemmtilegan svip á risið. Vandað hefur verið til frágangs allrar lýsingar en góð halogen lýsing er í risinu. Risið skiptist annars í eitt svefnherbergi, salerni, dagstofu, lesstofu og skrifstofu- og gestarými/svefnpláss.

***Neðri íbúð:*** Gengið er inn í íbúðina á suð-vestur horni hússins en einnig er inngangur af verönd á austurhlið. Forstofan er rúmgóð og úr henni er einnig farið niður í kjallara. Hæðin skiptist í þrjú svefnherbergi, baðherbergi, hol, stofu eldhús og borðstofu. Upprunalegar gólffjalir eru á íbúðinni að mestu, brjóstlistar á veggjum og veggfóður að hluta. Úr stofu/borðstofu er farið út á stóra verönd til austurs. Í eldhúsi er nýleg innrétting. Úr forstofu er farið niður í kjallara. Í kjallara er þvottahús, eitt svefnherbergi og stórt opið rými sem gæti verið notast sem stofa. Nýlegar flísar eru á kjallaranum og fallegir pússaðir trébitar setja fallegan svip á rýmið. Í kjallara væri hægt að fjölga svefnherbergjum eða jafnvel gera auka-íbúð. Austast í kjallara er sameiginlegt rými sem báðar íbúðir hafa aðgang að. Líkt og efri íbúðin þá er hátt til lofts og vítt til veggja, og íbúðin er björt þar sem gluggar eru bæði stórir og margir.

***Lóðin:*** Lóðin er stór, skráð 2.217,0fm og er eignarlóð og auk þess að vera flötin í kringum húsið nær hún töluvert upp í brekkuna. Þessi eign var endurnýjuð frá grunni fyrir um áratug síðan og var mjög hagalega að allri vinnu staðið til að viðhalda upprunalegu útliti hússins.

***Skoðið myndirnar á www.kaupa.is***

# Orðin fróð í umhverfislögum

„Ætli ég eyðileggi ekki ímynd listamannsins ef ég tjái mig um mitt daglega líf?“ segir Hildur Margrétardóttir listakona hlæjandi þegar hún er beðin að lýsa hvunndegi í lífi sínu. Svo lætur hún til leiðast.

„Yfirleitt vakna ég klukkan níu við það að hvíslað er í eyrað á mér: „Mamma, má ég horfa á sjónvarpið.“ Það er fimm ára guttinn sem gjarnan vill kíkja á eitthvert barnaefni á DVD-diski en við erum ekki með tengt sjónvarp. Eftir að hafa farið með drenginn í leikskólann fæ ég mér kaffi, les blöðin, skýst í smá tölvuvinnu og set í þvottavél. Svo fer það eftir fyrirliggjandi verkefnum hverju sinni hvað við tekur. Ég hef nýlokið við að vinna að sýningu sem er komin upp í Ljósmyndasafni Reykjavíkur og er aðeins að fást við málverk líka auk þess að teikna og hanna á netinu. Svo síðan við íbúar hér í Álafosskvosinni ákváðum að kæra tengibrautina sem komin er á kortið hér rétt hjá hef ég varið miklum tíma í að lesa lög og regulgerðir. Það er mikil vinna. Ég er semsagt orðin mjög fróð í umhverfislögum!

Það besta við hvunndaginn er að fá að verja tíma með fjölskyldunni en það versta er þegar listsköpunin fer niður í lægð – eins og það er nú frábært þegar vel gengur.



Hildur er nýbúin að setja upp sýningu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur og er með ýmislegt í takinu.






## VISSIR ÞÚ ...

... að hin bandaríska Sandy Allen er hæsta núlifandi kona veraldar? Síðast þegar málbandinu var brugðið á Sandy mældist hæð hennar 231,7 cm. Um þessar mundir vegur hún 132 kg og notar skó númer 55.

... að Japaninn Naomi Uemura var fyrstur til að ná einsamall á Norðurpólinn? Ferð hans hófst í Cape Edward, Elles Ere-eyju, norður af Kanada, 7. mars 1978 og varð Uemura að ganga 725 km leið yfir heimskautaísinn.

... að nemendum úr Eisenhower-barnaskólanum í Taylorsville, Utah í Bandaríkjunum, tókst að setja saman lengstu bréfaklemmukeðju í heimi? Það gerðu þau 26.-27. mars 2004, en keðjan var 35,63 km að lengd.

... að chihuahua-tík að nafni Heaven Sent Brandy er minnsti hundur veraldar? Lengd tíkurinnar, sem er í eigu hinnar bandarísku Paulette Keller, var 15,2 cm frá trýni til rófuenda þegar hún var mæld 31. janúar 2005.

... að Mauna Kea (Hvítafjall) á Hawaii-eyju er mesta fjall jarðar? Tindur þess er 10.205 m fyrir ofan fjallsræturnar en þær teygja sig djúpt niður í Hawaii-álinn. Þar af eru 4.205 m yfir sjávarmáli.

... að Stirtonsþrumufyglið, Drmorins Stirtoni, er talinn vera stærsti forsögulegi fuglinn? Þessi forni fugl hafðist við í Mið-Ástralíu á tímabilinu fyrir um 15 milljónum til 25 þúsundum ára. Steingerð leggjarbein sem fundust nærri Alice Springs árið 1974 benda til þess að fuglinn hafi verið um þrír metrar á hæð og um hálft tonn á þyngd.

... að Vodafone Group hefur átt stærsta viðskiptavinahóp farsímafyrirtækis? 31. desember 2004 voru 151,8 miljónir notenda um heim allan í áskrift hjá fyrirtækinu.

... að kjarnakljúfurinn í kjarnorkuverinu í Obnisk í Rússlandi er sá elsti í heimi? Hann var fyrsti kjarnakljúfurinn sem tekinn var til orkuframleiðslu og var í notkun frá 27. júní 1954 til 30. apríl 2002.

... að J.K. Rowling er auðugasti rithöfundur veraldar samkvæmt lista tímaritsins Forbes? Auður hennar er talinn vera 65 milljarðar króna. Frá því í júní 2003 til júní 2004 er talið að tekjur hennar hafi numið um 9,5 milljörðum króna. 60 milljónir eintaka af Harry Potter-bókum voru seldar árið 2003 en í heildina hafa ríflega 250 milljón eintök selst um allan heim síðan þær komu fyrst út.




# Um „hreina“ þekkingu og „hreina“ trú

UMRÆÐAN
TRÚMÁL



STEINDÓR J. ERLINGSSON
VÍSINDASAGNFRÆÐINGUR

Nokkur umræða hefur átt sér stað í samfélaginu að undanförnu um skoðanir Richards Dawkins, sem frá 1995 hefur verið prófessor í almenningsskilningi á raunvísindum við háskólann í Oxford. Þar fer fremstur í flokki sr. Gunnar Jóhannesson sem þann 8. ágúst sl. birti greinina „Enn um trú og vísindi og prófessor Dawkins“ á tru.is og í styttri útgáfu í Morgunblaðinu. Langar mig að gera nokkrar athugasemdir við notkun sr. Gunnars á hugtökunum „pósitívismi“, „kristin trú“ og „kristin hefð“ í greininni, eins og hún birtist á tru.is.

Sr. Gunnar er mjög harðorður í garð heimspekistefnunnar sem kennd er við pósitívisma, sem hann segir vera „það viðhorf að allir hlutir séu mælanlegir“ og því séu „náin tengsl á milli pósitívisma og smættarhyggju“. Hér er auðvitað um mikla einföldun á ræða, en eins og rannsóknir mínar á innreið þessarar hugmyndafræði í breska líffræði á fyrstu áratugum síðustu aldar sýna var markmið hennar að minnka umfang frumspekilegra vangaveltna innan líffræðinnar og þar með tryggja „hlutleysi“ þekkingarinnar sem búin var til. Ekki er hægt að horfa fram hjá hlutleysiskröfunni þegar pósitívismi er gagnrýndur, en í henni felst að hægt sé að gera greinarmun á „hreinni“ þekkingu, þ.e. raunvísindum, og beitingu hennar, þ.e. tækni. Með þessari röksemdafærslu eru raunvísindamenn firrtir allri ábyrgð á gjörðum sínum, enda framleiða þeir einungis „hlutlausa“ þekkingu, og hún flutt yfir á stjórnmálamenn og aðra þá sem taka ákvörðum um beitingu þekkingarinnar. Í þessu felst að raunvísindamennirnir sem lögðu grunninn að kjarnorkusprengjunni og efna- eða sýklavopnum hafa algjörlega hreina samvisku, því þeir geta falið sig á bak við stjórnmálamennina. Þessu er ég ósammála (sjá bók mína Genin okkar, bls 91-104), enda ýtir þessi grimma vísindahyggja undir algjört frelsi raunvísindamanna til þess að gera hvað sem þeim sýnist, meira að segja klóna menn.

Þrátt fyrir gagnrýna afstöðu til pósitívismans virðist sr. Gunnar, líklega óafvitandi, styðja kröfu pósitívismans um aðgreininguna á milli „hreinnar“ þekkingar og beitingu hennar, og þar með aðferðafræðilega nálgun hans. Í greininni gerir sr. Gunnar ítrekað skýran greinarmun á kristinni trú, þ.e. hinni „hreinu“ trú, og kristinni hefð, þ.e. beitingu trúarinnar í daglegu lífi fólks. Þetta má m.a. sjá þegar sr. Gunnar segir „að sönnu hefur margt misgott fylgt kristinni hefð í gegnum söguna ... En ‚hefð‘ er ekki ‚trú‘ og ‚kristin hefð‘ er ekki ‚kristin trú‘.“ Umorða mætti setningu sr. Gunnars og segja að vissulega hafi margt misgott fylgt beitingu raunvísindalegrar þekkingar í gegnum söguna, en „tækni“ er ekki „raunvísindi“ og „beiting þekkingarinnar“ er ekki „hin hreina þekking“. Sr. Gunnar virðist því sáttur við að verja kristna trú með því að styðjast við heimspeki, sem er náskyld pósitívismanum, meðan hann getur ekki unað Dawkins og fylgismönnum hans um að beita fyrir sig pósitívískum skilningi á raunvísindum þegar þeir gagnrýna trúarbrögð. Eins og hverjum manni ætti að vera ljóst gengur slíkur málflutningur ekki upp.

AF NETINU

**Framsóknarflokkurinn**

Áhrif Framsóknar hafa verið óhemjumikil og langt umfram kjörfylgi flokksins. Sérstaklega síðasta áratuginn og eftir sameiningu jafnaðarmanna í Samfylkingunni. Þetta skeið rennur á enda næsta vor og stefnir í mesta afhroð sem þessi 90 ára gamli flokkur hefur goldið í Alþingiskosningum. Það er ekki bara kosið um hvort karl eða kona skuli taka stýrið í brúnni heldur um framtíð flokksins í íslenskum stjórnmálum og auðvitað áhrif S-hópsins og Halldórsmanna á stjórn Framsóknar á næstunni.

**Björgvin G. Sigurðsson af bjorgvin.is**

**Álverin**

Í kosningunum næsta vor verður því ekki aðeins í boði frambjóðandi sem var hefur það á afrekaskránni að hafa verið andvígur álveri fyrir kosningar en fylgjandi álveri strax að þeim loknum heldur einnig stjórnmálamaður sem var fylgjandi álveri og stóriðju fyrir kosningar en á móti þeim eftir kosningar. Það áhugaverða fyrir kjósendur er að þetta er sami frambjóðandinn.

Dofri Hermannsson hefur rétt fyrir sér þegar hann segir stefnu Samfylkingarinnar eins og spilastokk. Það veit enginn hvað hann fær.

**Vefþjóðviljinn af andriki.is**

# Framsókn á krossgötum

UMRÆÐAN
FRAMSÓKNAR-
FLOKKURINN



HAUKUR HARALDSSON
FRAMBJÓÐANDI

Þá er komið að því að flokkseigendaklíka Framsóknarflokksins vakni, vilji hún ekki að flokkurinn lognist út af. Þetta er jú allt í þeirra höndum. Það halda þeir að minnsta kosti. Það er grátlegt ef flokkurinn gerir ekki upp fortíð sína á þessum komandi flokksfundi, hreinsar borðið og kemur hreinn og beinn til næstu kostninga.

Núna í morgunsjónvarpinu, Ísland í bítið, var varaformaður Framsóknarflokksins spurður af hverju hann gæfi ekki kost á sér í fyrsta sætið. Hann sagði að það væri bara einn sem gæfi kost á sér þar. Það er greinilegt að maðurinn les hvorki blöð né horfir á sjónvarp eða hlustar á útvarp og hlýtur að vera mjög vinafár vegna þess að flestir landsmenn vita að ég er í framboði. Ég er að gefa framsóknarmönnum valmöguleika á framtíð til framfara. Ég bið þig sem lest þetta og kannast við varaformanninn að vekja hann úr mókinu og láta hann vita að það er enn von fyrir flokkinn.

Ég var ungur heillaður af samvinnuhugsjóninni og mér rennur til rifja sú spilling sem hefur hreiðrað um sig í Framsóknarflokknum. Þetta er eins og hvert annað illgresi sem kæfir allan góðan gróður. Framsóknarflokkurinn mótaðist af ungmannafélagsanda aldamótakynslóðanna. Núna virðast allar hugsjónir gleymdar og samvinnuhugsjónin orðin að samtryggingarpólitík flokksgæðinga. Ég er búinn að vera erlendis lengi og hef ekki fylgst með íslenskri pólitík frá degi til dags. Skil sannast sagna ekkert í þeim doða sem hvílir yfir þjóðinni. Hef heyrt talað um spillingu í Taílandi og Laos en hún kemst ekki í hálfkvisti við þá spillingu sem viðgengst hér þar sem ríkisfyrirtæki eru seld langt undir markaðsverði á sama tíma og stjórnmálaflokkar komast upp með að halda fjármálum sínum leyndum. Sögusagnir ganga um að við séum að selja raforku undir markaðsverði og peningarnir renni í vasa hliðhollra flokka. Þessu hefur verið haldið leyndu fyrir þjóðinni þó hún eigi kröfu að vita allan sannleikann.

Kæru flokksbræður og -systur, við munum mörg hafa tárast yfir sögunni af lambi fátæka mannsins, sem var slátrað til að lenda á veisluborði höfðingja, og heitið því að eiga aldrei hlut að slíkum verknaði. En hvernig hefur okkurtekist að efna það heit? Ef til vill finnst einhverjum óþægilegt að rifja það upp en hjá því verður ekki komist. Jesús Kristur sagði að sannleikurinn gerði okkur frjáls og það ber að segja hverja sögu eins og hún er: Fornum rétti bænda á sjávarjörðum hefur nýlega verið fórnað og tilvera heilla byggðarlaga hefur verið sett í uppnám til þess eins að útvaldir geti leigt kvóta eða selt fyrir hundruð milljóna.

Samkvæmt Gini-stuðlinum, sem er alþjóðlegur mælikvarði á ójöfnuði, hefur aldrei verið meiri tekjumismunur á Íslandi og er hann einn sá hæsti í Evrópu. Minnir á lönd þar sem menn hefja skæruhernað til að rétta hlut sinn. Þetta gerðist í tíð núverandi ríkisstjórnar og að hluta til undir forystu okkar framsóknarmanna. Margt bendir til þess að þrá flokkseigendafélagsins eftir völdum sé slík að hún hafi ekki bara tapað velsæmi heldur öllu jarðsambandi við venjulegt framsóknarfólk, nægir þar að nefna Íraksstríðið, fjölmiðlamálið og kvótamálið. Þannig yppta þeir góðlátlega öxlum yfir furðulegum hugmyndum Björns Bjarnasonar um hlerunardeild lögreglu en þeim fjármunum væri til dæmis betur varið með því að efna samninga við öryrkja.

Mörgum þykir okkur hafa borið af leið, því í stefnuskrá Framsóknarflokksins, sem ég er stoltur af, stendur í fyrstu grein: I. Þjóðfélagsgerð. Við viljum áfram byggja upp þjóðfélag á grunngildum lýðræðis, persónufrelsis, jafnræðis og samfélagslegrar ábyrgðar. Framsóknarflokkurinn átti á árum áður ýmist frumkvæði eða stóran hlut í mörgum helstu framfaramálum þjóðarinnar. Sem Íslendingur og framsóknarmaður lít ég stoltur til afreka genginna forystumanna flokksins.

Við megum ekki láta hendur falla þó forystan hafi tímabundið villst af leið. Framsóknarflokkurinn er lýðræðislegur flokkur og það er okkar skylda að rétta stefnuna þjóðinni til heilla. Ég finn til þeirrar skyldu og býð mig fram til forystu í flokknum. Verði ég kjörinn mun ég gegna þessu ábyrgðarmikla starfi af heiðarleika, virðingu og auðmýkt í þágu allra landsmanna.









# Úr glerhúsi Valhalla

UMRÆÐAN
SJÁVARÚTVEGS-
MÁL



JÓHANN ÁRSÆLSSON
ALÞINGISMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR

Hver er stefnan Illugi?

Fyrir nokkru skrifaði Illugi Gunnarsson pistil í Fréttablaðið. Þar fjallaði hann m.a. um stefnu Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum. Þar sagði hann á einum stað að sú útfærsla fyrningarleiðar sem við lögðum fram hefði orðið rothögg fyrir sjávarútveginn og tilræði við landsbyggðina (þessir orðaleppar eiga reyndar mjög vel við um áhrif núverandi stefnu í ýmsum kvótaskertum byggðarlögum).

Fátt var þarna af málefnalegu tagi um þetta átakamál en sérstaklega virðist Illugi hneykslaður á því að formaður Samfylkingarinnar hafi látið það koma fram að hann telji að úfæra eigi m.a. með samráði við útgerðarmenn aðlögun greinarinnar að þeirri grundvallarstefnu að þjóðin (ekki einstakir útgerðarmenn) eigi auðlindina. Orðrétt segir Illugi: „Það er innan við ár í næstu kosningar og Samfylkingin hefur ekki enn mótað og útfært stefnu sína í einu veigamesta viðfangsefni íslenskra stjórnmála.“

Það er sérlega ósvífið að taka svona til orða vegna þess að grundvallarstefna Samfylkingarinnar liggur algerlega skýrt fyrir í þessu máli ásamt lagafrumvarpi með útfærslu. Það er í raun óvanalegt að flokkur gangi svo langt í framsetningu á stefnumáli eins og Samfylkingin hefur þarna gert. En þetta þótti nauðsynlegt vegna þess að verjendur núgildandi eignarhaldsfyrirkomulags á veiðirétti höfðu lengi hamrað á því að ekki hefði verið bent á hvernig komast mætti út úr því. Það hefur hins vegar líka legið fyrir frá upphafi að Samfylkingin væri tilbúin til að fallast á aðrar útfærslur sem uppfylla það grundvallarmarkmið að þjóðin eigi í raun auðlindir sjávar til framtíðar. En það gerir núgildandi fyrirkomulag klárlega ekki.

Úr glerhúsi?

Illugi kastar steinum úr glerhúsi þegar hann gagnrýnir Samfylkinguna fyrir að stefna hennar liggi ekki fyrir. Það er nefnilega miklu frekar ástæða til að spyrja: Hver er í raun stefna Sjálfstæðisflokksins í þessu máli ? Ég skora á Illuga Gunnarsson sem hefur tekið að sér forsvar fyrir Sjálfstæðisflokkinn í þessum málum að gera nú þjóðinni undanbragðalaust grein fyrir því hver sú stefna er sem flokkurinn stendur fyrir. Líklega telur almenningur að núgildandi fyrirkomulag sé í raun stefna Sjálfstæðisflokksins enda hefur flokkurinn haft forystu fyrir sjávarútvegsmálum æði lengi. Í því fyrirkomulagi sem gildir virðist ljóslega felast ígildi einkavæðingar fiskistofnanna festist það í sessi. Flokkurinn hefur þó aldrei sagt það heiðarlega að hann stefni að einkavæðingu þessarar auðlindar. En með henni glutrar þjóðin fiskistofnunum og yfirráðum yfir þeim augljóslega úr höndum sér. Þarft væri að Illugi útskýrði hvort að í þessari stefnu felist í raun einkavæðing og séreign útgerðarmanna á nýtingu auðlindarinnar og hvort það sé stefna flokksins? Það er alveg sérstaklega ástæða til að spyrja um þetta vegna þess að í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna er skýrt kveðið á um að setja eigi ákvæði í stjórnarskrá um þjóðareign á auðlindum sjávar.

Ef það er hins vegar stefna Sjálfstæðisflokksins að sjávarauðlindir skuli til framtíðar vera í sameign þjóðarinnar hlýtur að verða að líta svo á að flokkurinn vilji breyta eignarhaldsfyrirkomulaginu í því augnamiði að stjórnvöld geti með ótvíræðum hætti gætt eignarhaldsins fyrir hönd þjóðarinnar.

Auðlindir sem Alþingi Íslendinga ákveður að skuli hljóta sess í stjórnarskrá sem þjóðarauðlindir geta aldrei orðið að erfðagóssi eða óðalsrétti. Um það ætti ekki að þurfa að deila hvort sem um er að ræða fisk úr sjó, orku úr iðrum jarðar eða aðrar þjóðarauðlindir. Af sjálfu leiðir að skýlaus krafa hlýtur að vera um að þegnarnir sæti jafnræði til að nýta slíkar auðlindir og að enginn geti eignast sérréttindi til þess.

Það er innan við ár í næstu kosningar. Þarft væri að Illugi tæki að sér að segja þjóðinni hvort sé meira til marks um stefnu flokksins, margra ára forysta hans fyrir ígildi einkavæðingar á nýtingu fiskistofna eða yfirlýsingin í stjórnarsáttmálanum um að þjóðareign á auðlindum sjávar skuli bundin í stjórnarskrá.

omega
CREATIVE BATHROOM-FURNATURE

# BAÐ INNRÉTTINGAR

## TVENNIR TÍMAR

**SUMAR TILBOÐ!**



K-W049 Hvítt lakkað
130 breidd x 55 dýpt



K-W056 Rauð háglans
135 breidd x 55 dýpt



A 7121 Gegnheil mahogny
110 breidd x 42 dýpt



A-830 Gegnheil hnota
100 breidd x 56 dýpt



A-840 Gegnheil hnota
72 breidd x 60 dýpt



A-833 Gegnheil hnota
100 breidd x 56 dýpt



A-827
86 breidd x 56 dýpt
Gegnheil mahogny

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

ETHEL BARRYMORE (1879-1959) FÆDDIST ÞENNAN DAG.



*„Þú ert orðinn fullorðinn þegar þú getur í fyrsta skipti hlegið að sjálfum þér.“*

*Ethel Barrymore var bandarísk leikkona.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST 15. ÁGÚST 1769

# *Napóleon Bónaparte fæðist*



Napóleon fæddist á Korsíku árið 1769 stuttu eftir að eyjan fór undir stjórn Frakka. Hann gekk í fimm ár í herskólann í Brienne og í eitt ár í herskólann í París. Sextán ára gamall útskrifaðist hann úr skólanum og hóf herþjónustu. Hann sýndi mátt sinn í frönsku stjórnarbyltingunni árið 1789 og með aðgerðum hersins gegn andbyltingarmönnum í París nokkrum árum síðar. Napóleon styrkti stöðu sína innan hersins og árið 1796 var hann gerður að yfirmanni franska hersins á Ítalíu og sama ár giftist hann Joséphine Tascher de La Pagerie.

Árið 1798 stjórnaði Napóleon innrás Frakka inn í Egyptaland sem skilaði reyndar litlum árangri. Þegar hann sneri aftur til Frakklands var lýðveldið í upplausn og stjórnarfarið bágborið. Napóleon sá sér leik á borði og framdi valdarán árið 1799 og varð fyrsti konsúll ríkisins af þremur í nýrri stjórn. Napóleon varð fljótlega einvaldur í ríkinu og þremur árum eftir valdaránið var hann kosinn í löglegri kosningu af þegnum ríkisins og stuttu síðar tók hann sér keisaratign.

Napóleon náði fljótlega nær öllum völdum í Evrópu en þurfti þó að berjast gegn Bretum, Spánverjum og Rússum. Frakkar réðust inn í Rússland árið 1812 en innrásin gekk ekki sem skyldi og mannfall varð mikið í röðum Frakka, ekki síst vegna rússneska vetursins. Andstæðingar Napóleons biðu ekki boðanna eftir ósigur hans og hófu stórsókn gegn Frökkum sem endaði með ósigri Napóleons árið 1815 í Waterloo í Belgíu. Napóleon flúði þá frá Frakklandi og settist að á eyjunni St. Helenu í Suður-Atlantshafi þar sem hann dó árið 1821.

## MERKISATBURÐIR

**1057** Macbeth Skotakonungur er drepinn af elsta syni Duncans, Malcolm í bardaga.

**1843** Tívolí opnar í Kaupmannahöfn.

**1914** Panama-skurðurinn er opnaður fyrir umferð.

**1933** Charles Lindbergh kemur til Reykjavíkur ásamt konu sinni frá Grænlandi.

**1935** Bandarísku skemmtikraftarnir, Will Rogers og Wiley Post, farast í flugslysi í Alaska.

**1936** Framkvæmdir við byggingu Háskóla Íslands hefjast.

**1948** Syngman Rhee tilkynnir um stofnun lýðveldisins Kóreu (Suður-Kóreu).

**1960** Kongó fær sjálfstæði frá Frökkum.

## AFMÆLI



**Vigdís Grímsdóttir** er 53 ára.

## ÚTFARIR

13.00 Sigrún Hannesdóttir, Kópavogsbraut 1A, verður jarðsungin frá Langholtskirkju.

15.00 Rósa Björg Guðmundsdóttir, matreiðslumaður, Vallarási 1, Reykjavík, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju.

15.00 Sigrún Kristjónsdóttir verður jarðsungin frá Áskirkju.

15.00 Svanur Þór Pálsson, Danmörku, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.



†

*Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs sonar okkar og bróður,*

**Birkis Hafbergs Jónssonar**

frá Hvolsvelli.

Sérstakar þakkir til allra þeirra vélhjólamanna sem heiðruðu minningu hans með einstökum samhug og virðingu. Fyrir hönd annarra aðstandenda,

**Jón Jónsson**
**Agnes Lily Guðbergsdóttir**
**Gunnar Svanberg Jónsson**
**Sólrún Ósk Jónsdóttir.**
**Ieva Marga**
**Einar Ingason**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Jón Óskarsson**

Laufskálum 6, Hellu,

lést á Sjúkrahúsi Suðurlands, Selfossi, laugardaginn 12. ágúst. Útförin fer fram frá Oddakirkju á Rangárvöllum föstudaginn 18. ágúst kl. 14.00.

**Áslaug Jónasdóttir**
**Óskar Jónsson**
**Ágústa J. Jónsdóttir**
**Anna Jónsdóttir**
**Dóra Sjöfn Stefánsdóttir**
**Hreiðar Hermannsson**
**Bjarni Diðrik Sigurðsson**
**Barnabörn.**



†

*Elskuleg frænka okkar og mágkona,*

**Bryndís J. Blöndal**

frá Siglufirði,

lést á heimili sínu föstudaginn 11. ágúst.

**Aðstandendur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að neðan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.



**FRÁ ÆFINGU** Halldóra Malín sést hér á æfingu leikritisins Nátthrafnar en leikritið fjallar um íslenskt skemmtanalíf. FRÉTTABLAÐIÐ/EVA DAGBJÖRT

## FRÚ NORMA: SÝNINGAR HEFJAST Í KVÖLD

# Leikhús í gömlum frystiklefa

Stefán Benedikt Vilhelmsson leiklistarnemi hefur ásamt fleirum stofnað atvinnuleikhópinn Frú Norma á Austurlandi og hefjast sýningar í kvöld í Sláturhúsi KHB á Egilsstöðum á leikritinu Nátthrafnar. Leikararnir eru tveir, þau Stefán og Halldóra Malín Pétursdóttir en þau eru stofnendur leikhópsins ásamt Guðjóni Sigvaldasyni leikstjóra.

„Það er af hreinni þörf hjá okkur til þess að fá að vinna nærri heimahögunum,“ svarar Stefán spurður um tilurð leikhópsins en allir aðstandendur hans hafa tengsl við Austfirðina. „Við Halldóra erum frá Egilsstöðum og Guðjón er Reykvíkingur en er orðinn núna Austfirðingur, að minnsta kosti í aðra tána,“ segir Stefán, en Guðjón hefur kennt leikurunum ungu frá þrettán ára aldri.

Hópurinn gaf sér sextán daga til þess að setja verkið upp og segir Stefán það verða sýnt á því stigi sem það verður eftir þessa sextán daga en á þessum tíma hefur leikhópurinn unnið með grunnhandritið sem er eftir Guðjón leikstjóra. „Þetta er allt að komast í nokkuð sýningarhæft form, við erum náttúrulega búin að vinna í þetta stuttan tíma en ég held að við séum komin ansi langt miðað við það. Við erum komin með rúmlega klukkutíma sýningu en þetta er gamanleikur sem í eru persónur sem allir ættu að kannast við úr næturlífinu,“ segir Stefán. „Þetta gerist allt á bar og við fylgjumst með um það bil tuttugu persónum fara í gegnum eina góða kvöldstund á skemmtistað,“ segir Stefán, en ásamt leikurum og leikstjóra vinna fimm aðrir við sýninguna.

„Þetta er eini atvinnuleikhópurinn sem hér starfar, hér eru mjög öflug áhugaleikfélög og þaðan komum við Halldóra upprunalega, frá Leikfélagi Fljótdalshéraðs,“ segir Stefán og bætir við að Leikfélag Fljótsdalshéraðs eigi fjörutíu ára afmæli og þau hafi langað til að votta leikfélaginu ákveðna virðingu og sýna því þakklæti.

Stefán er leiklistarnemi en Halldóra er nýútskrifuð og hefur unnið bæði sunnanlands og austan. Hún setti meðal annars upp sýninguna „Úti bíður andlit á glugga“ á Borgarfirði eystri í sumar en fer suður í haust og ætlar að vinna þar í einhvern tíma.

„Kaupfélag Héraðsbúa lætur okkur fá rými núna með því að leyfa okkur afnot af húsnæði sínu og við sýnum hér í gamla frystiklefanum í Sláturhúsi KHB á Egilsstöðum,“ segir Stefán, en á Austurlandi er ekkert atvinnuleikhús að finna. Hann segir að frystiklefinn henti ótrúlega vel og eftir svolítið skrúbb þá sé kominn þessi líka fíni salur.

„Vonir standa til að næsta sumar getum við sett upp fulla atvinnusýningu sem þýðir að við þurfum að búa til fjármagn til þess að standa undir slíku batteríi,“ segir Stefán og segir hópinn þegar hafa rætt við nokkra aðila um fjármögnun. „Við erum að gera svo margt annað en bara að æfa, mikill tími hjá okkur fer í praktísk mál og kynningu á ákveðnum hugmyndum,“ segir Stefán hress í bragði.

Frú Norma sýnir næstu þrjá daga í Sláturhús KHB, klukkan átta og tíu á kvöldin.

gudrun@frettabladid.is



**SANDLIST** Ted Siebret vinnur við sandlistaverk sín þar sem þemað er sveitin og húsdýrin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Nýr matreiðsluvefur

Gagnvirkur matreiðsluvefur, www.matseld.is, opnaði nú á dögunum og munu notendur hans geta skipst á uppskriftum og öðrum fróðleik um matreiðslu.

Markmið vefsins er að skapa vettvang þar sem áhugamenn um mat geta skipst á skoðunum um allt sem tengist mat og matreiðslu. Fljótlega opnar síðan veitingahúsvefur þar sem hægt verður að sjá matseðla og aðrar upplýsingar um veitingastaði landsins og notendur geta skrifað gagnrýni um þau.

Umsjónarmaður og ritstjóri er Jens Kristjánsson og samkvæmt upplýsingum af vefnum verða ráðnir þar inn blaðamenn í framtíðinni til þess að skrifa um mat og tengd mál.



**MATUR** Það væri ekki ónýtt að eiga uppskrift að svona kræsingum.


Allar töskur
fyrir skólann!
Íþróttataska
2.980 kr.
Skólataska
8.490 kr.
Samsonite bakpoki
5.990 kr.
Pennahólkur
640 kr.
Skólataska
4.990 kr.
Þrefalt pennaveski
3.990 kr.
Skólataska
3.990 kr.
Tvöfalt pennaveski
2.980 kr.
Skólataska
8.990 kr.
Þegar þú kaupir skólavörur
fyrir 3.000 kr. eða meira
færðu flottan sundpoka í kaupbæti!
www.oddi.is
SKRIFSTOFUVÖRUR
Borgartúni 29 • Reykjavík
Sími 515 5170 • Opið virka daga
kl. 8-18 • laugardaga kl. 11-16
Höfðabakka 3 • Reykavík
Sími 515 5105
Opið virka daga kl. 8-18
Glerárgötu 34 • Akureyri
Sími 515 5160
Opið virka daga kl. 8-18






## STUÐ MILLI STRÍÐA Brúðhjónanna bolli...

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** GENGUR INN KIRKJUGÓLFIÐ



Brúðkaup eru ákaflega merkileg fyrirbæri. Sumir vilja láta fara lítið fyrir því þegar þau, þeir eða þær, láta pússa sig saman. Gera bara slíkt í kyrrþey og flýja síðan land. Láta vita af sér í París þegar verið er að sötra morgunkaffið á hótelsvölunum og Eiffel-turninn skartar sínu fegursta í haustlitunum.

Sumir kjósa að fljúga til Vegas, panta svítu og láta sjálfan Elvis Presley pússa sig saman í ódýrri bílalúgukirkju. Ekki amalegt að segja já við kónginn og keyra burt með sígildan slagara frá kónginum í eyrunum.

Aðrir blása í herlúðra. Panta kokk frá glæsilegum restúranti í borginni sem galdrar fram dýrindis máltíð fyrir 200 manns. Vínið flæðir að sjálfsögðu óhindrað enda mætti Jesús í brúðkaup forðum daga og þegar birgðirnar kláruðust stóð ekki á frelsaranum að breyta vatni í vín.

Skemmtilegast þykir mér þegar foreldrarnir standa í pontu með kampavínið og frosið bros til að dásama barnið sitt. Þeir þreytast seint á að tönnlast á því hversu heppinn makinn er að hafa krækt í þessa „fullkomnu“ manneskju sem þarna sitji við hliðina á honum. „Ég man nú alltaf eftir því þegar hún Gugga bjargaði önd sem var frosin við lækinn í Hafnarfirði,“ sagði ein mamman sem var vel við skál. „Þetta sýnir að hún má ekkert aumt sjá og hjálpar þeim sem minna mega sín,“ bætti hún við. Brandarinn í ræðunni kom engum á óvart. „Það var því einmitt þess vegna sem hún átti svo auðvelt með að falla fyrir þér, Palli minn,“ sagði hún hátt og snjallt og uppskar mikinn hlátur frá ættingjum sínum en fjölskyldu piltsins var ekki jafn skemmt. Pabbinn hripaði niður nokkur vel valin orð í sína ræðu og ætlaði sér að greiða fyrir þennan „níðingshátt“ í garð sonar síns.

Já, það er sko fátt skemmtilegra en brúðkaup íslenskra skötuhjúa þegar tengdaforeldrarnir rífast um hvort afkvæmin henti hvort öðru.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



HP mælir með Windows® XP Professional




**Nú kemstu lengra en nokkru sinni fyrr.** Veldu létta og fyrirferðalitla HP fartölvu með 14,1" breiðtjaldsskjá og Intel® Centrino® Duo Mobile tækni. Bættu 10 klst. aukarafhlöðu frá HP við og fáðu allt að 15 klst. rafhlöðuendingu.* Þá mun HP Compaq nc6400 fartölvan bera þig langa, langa leið.

Þriggja ára alþjóðleg HP ábyrgð fylgir.

Skoðaðu hp.is/personal, hringdu í s: 570-1000, eða skoðaðu úrvalið hjá næsta söluaðila HP. Verð án rafhlöðu frá 215.900 kr.



HP.IS/PERSONAL

©2006 Hewlett-Packard Company, L.P. Öll réttindi áskilin. Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel SpeedStep, Intel Viiv, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Xeon and Xeon Inside eru vörumerki eða skrásett vörumerki Intel Corporation eða dótturfélaga í Bandaríkjunum og öðrum löndum. Microsoft og Windows eru skrásett vörumerki Microsoft Corporation. Verð á einungis við um tiltekna vöru og getur breyst án fyrirvara.

*HP 10 klst. aukarafhlaða er seld sérstaklega. Ending rafhlöðunnar er háð vörunúmeri, uppsetningu, notendahugbúnaði, aukabúnaði og stillingum. Hámarksvirkni rafhlöðu getur minnkað með tímanum og notkun. Gildir meðan birgðir endast.

**Kl. 20**
*Tékkneski tónlistarhópurinn Musica ad Gaudium, ásamt óbóleikaranum Eydísi Franzdóttur, heldur tónleika í Reykholtskirkju í Borgarfirði.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Alþjóðlegir barokktónleikar

Tónar fortíðarinnar fá að hljóma í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar í kvöld. Barokkhópurinn Teneritas flytur þá verk eftir sautjándu- og átjándu aldar tónskáld en hópinn skipa þau Hanna Loftsdóttir á gömbu, Ólöf Sigursveinsdóttir sem leikur á barokkselló og Fredrik Bock lútuleikari.

Flutt verða verk eftir tónskáldin Alexis Magito, François Couperin, Marin Marais, Gaspar Sanz og Johann Sebald Triemer. „Þetta er allt barokktónlist og eru tónskáldin frá fjórum löndum, einn ítalskur, annar þýskur, tvö frönsk tónskáld og einn spænskur,“ segir Hanna Loftsdóttir gömbuleikari og bætir við að efnisskráin hafi því yfir sér nokkuð alþjóðlegan brag. Löndin hafa sín sérkenni og eru frönsk tónskáld á efnisskránni til að endurspegla vinsældir gömbunnar þar í landi á barokktímanum, á meðan barokksellóið var vinsælla á Ítalíu sem einnig hefur sinn fulltrúa á tónleikunum í kvöld. „Spænska verkið er svo einleiksverk fyrir barokkgítar enda var gítarinn mjög vinsæll á Spáni,“ segir Hanna.

Gamba og barrokkselló eru hljóðfæri sem sem njóta sívaxandi athygli hér á landi en Hanna segir að fyrir um tíu árum hafði gamba varla sést á Íslandi. „Lútuleikarinn mun líklega bæði leika á barokkgítar og erkilútu sem eru einnig hljóðfæri sem sjást ekki svo mikið,“ bætir Hanna við.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar og er aðgangseyrir 1.500 krónur.



**LEIKIÐ Á BAROKKSELLÓ OG GÖMBU** Barokkhópinn Teneritas skipa þær Ólöf Sigursveinsdóttir, Hanna Loftsdóttir og Fredrik Bock lútuleikari.

## > Ekki missa af…

fyrstu einkasýningu **Helenu Hansdóttur**, „Éta“, í **Sögusetrinu á Hvolsvelli**. Þar má sjá vídeógjörning, innsetningu og ljósmyndir, alla daga milli klukkan tíu og átján.

**Fullkomnu brúðkaupi** Leikfélags Akureyrar sem sýnt er í **Austurbæ**. Allra síðustu sýningar eru á þessu sívinsæla leikriti nú í ágúst.

yfirlitssýningu um **Louisu Matthíasdóttur** sem stendur yfir í **Listasafni Akureyrar**. Sýningin stendur fram til **20. ágúst** svo ekki er mikill tími til stefnu.












**ÍSLENSK FYNDNI ER GRAFALVARLEGT MÁL** Leikhópinn B8 skipa Elísabet Eyþórsdóttir, Árni Kristjánsson, Erlingur Einarsson og Benedikt Karl Gröndal. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Ekkert skens

Leikrit byggt á óborganlegri sögu tímaritins Íslensk fyndni verður frumsýnt á sviðslistahátíðinni Art-Fart í kvöld kl. 22. Verkið heitir „Íslensk fyndni lol djók“ en þar segir af dæmalausri upprisu Gunnars Sigurðssonar frá Selalæk og leitinni að hini sönnu íslensku fyndni.

Árni Kristjánsson, höfundur og leikstjóri verksins, heillaðist af skrifum Gunnars, útgefanda tímaritsins sem þekktast er fyrir að vera næsta ófyndið, en þessi húmoríski bóndi og lögmaður lagði sitthvað á sig við að staðfesta þá trú Íslendinga að þeir gætu verið alveg jafn sniðugir og aðrir. „Hann hangir endalaust í því að gefa út þessi rit,“ segir Árni og útskýrir að á árunum 1933-62 hafi Gunnar staðið í hálfgerðri krossferð með útgáfu sinni sem þó var misheppnuð því fáir skildu grínið enda varð höfundurinn að ritskoða brandarana og mátti ekki láta uppi nöfn þeirra sem skensið snerist um.

Við sögu leikritins koma þjóðþekktir aðilar eins og utanríkisráðherra og sjálfur almáttugur guð enda er íslenskt grín grafalvarlegt mál.

**- khh**






**REBEKKA GUÐLEIFSDÓTTIR** Vinsældir ljósmyndarans Rebekku Guðleifsdóttur eiga rætur sínar að rekja til netsamfélagsins Flickr.com þar sem síða Rebekku er sú vinsælasta allra tíma. MYNDIR/REBEKKA GUÐLEIFSDÓTTIR

# Besti ljósmyndari netsins

**Íslenskur áhugaljósmyndari nýtur gríðarlegra vinsælda á internetsamfélaginu Flickr.com og vinnur að samningi við bílaframleiðandann Toyota.**

Rebekka Guðleifsdóttir er að mestu leyti sjálflærður ljósmyndari og búin að klára eitt ár í myndlistardeild Listaháskóla Íslands. Hún tekur myndir af sínu nánasta umhverfi, fjölskyldu sinni og íslenskri náttúru, sem hún deilir svo með Flickr-netsamfélaginu. Myndir hennar hafa vakið mikla athygli á netinu, og lengra, því erlendir fjölmiðlar ásamt stórfyrirtækinu Toyota eru áhugasamir um þennan unga íslenska ljósmyndara.

„Þetta hefur allt komið til í gegn um Flickr því ég hef ekkert sérstaklega verið að reyna að koma mér á framfæri,“ segir Rebekka. Fyrir ári síðan birtust eftir hana myndir í bandarískri bók og þá var hún mjög hissa að einhverjir skyldu hafa áhuga á að nota myndir eftir hana. Erlendir fjölmiðlar fóru að sýna Rebekku áhuga fyrir nokkru og birtist meðal annars umfjöllun um hana í þýska blaðinu Der Spiegel og minnst á hana í Sunday Times. „Ég vissi ekkert af þessu tvennu fyrirfram, en eftir það hafði samband við mig blaðamaður frá The Wall Street Journal og svo bara núna um helgina hringdi The Observer og tók ítarlegt viðtal við mig.“

Flickr-samfélagið er að sögn Rebekku ekki óskylt MySpace-netsamfélaginu, en þar koma saman fjórar milljónir ljósmyndara og deila myndum og hugmyndum. „Flickr virkar líka svipað og MySpace að því leyti að þú bætir fólki við á kontakt-lista byggir upp hóp af fólki sem fylgist með þér. Þú fylgist með þeim líka og finnur aðra kontakta í gegn um þá. Fólk er að setja inn ljósmyndir og umræðan er um ljósmyndun, þar sem allt frá áhugafólki til atvinnuljósmyndara taka þátt,“ segir Rebekka.

Erlendu fjölmiðlarnir hafa ekki sparað stóru orðin um Rebekku og kallaði The Wall Street Journal hana meðal „Web's Top Photographer“ og setti hana á topp tuttugu lista yfir þá sem vert væri að líta eftir á netinu. Flickr-síða Rebekku sýnir líka glöggt hversu mikilla vinsælda hún nýtur því tugir manna hafa lýst skoðunum sínum á hverri einustu mynd sem hún hefur sett á síðuna. Á nýlegum opinberum lista segist Rebekka líka hafa séð að hennar síða væri vinsælasta Flickr-síða allra tíma. „Þetta kom mér svolítið á óvart enda áttaði ég mig ekki á því hvað þetta væri orðið stórt. Þetta er svo rosalegur fjöldi fólks og mikið af myndum þarna inni. Maður er bara svo mikill Íslendingur, jarðbundinn og hógvær, að manni finnst þetta eiginlega bara fyndið,“ segir hún.

Í viðtali The Guardian við Rebekku kemur fram að hún sé búin að landa samningi við bílaframleiðandann Toyota. „Ég get ekki rætt nein smáatriði um þetta enda er allt bara í vinnslu,“ segir Rebekka um samninginn. Hún viðurkennir þó að eitthvað sé í startholunum og segir að von sé á frekari fréttum innan skamms.

Aðspurð um hvað annað sé á döfinni hjá henni segist hún vera að vinna að sölu á myndunum sínum á netinu. „Það hefur verið mikil eftirspurn eftir að kaupa myndirnar mínar erlendis frá svo ég fór að íhuga verslun á netinu. Töluverð vinna fylgir að setja það upp svo það gerist bara þegar ég hef tíma til þess og ég fæ einhvern með mér í vinnuna,“ segir Rebekka.

Áhugasamir geta litið á myndir Rebekku á síðunni www.flickr.com/photos/rebba.

**annat@frettabladid.is**



**LETTING GO…** Rebekka tekur helst myndir úr sínu nánasta umhverfi og er eldri sonur hennar myndefnið á þessari mynd.



# Við erum Mazda

mazda




## sóltilboð



**Mazda6 Touring 2,0i**
**4 dyra, sjálfskiptur***
**Sóltilboð 2.525.000 kr.**
Bílasamningur 34.726 kr.
Rekstrarleiga 46.100 kr.



**Mazda6 Touring 2,0i**
**5 dyra, sjálfskiptur***
**Sóltilboð 2.575.000 kr.**
Bílasamningur 35.414 kr.
Rekstrarleiga 47.100 kr.



**Mazda6 Touring 2,0i**
**Wagon, sjálfskiptur***
**Sóltilboð 2.625.000 kr.**
Bílasamningur 36.102 kr.
Rekstrarleiga 48.700 kr.

## Sumarið er komið í Brimborg. Vertu Mazda.

Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríið á sérstöku sóltilboði Brimborgar. Gerðu samanburð á japönskum gæðum. Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring, 4 dyra, sjálfskiptum og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.525.000 kr. á sérstöku sóltilboði til þín. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.860.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda - á sérstöku sóltilboði Brimborgar.

**Það sem er umfram í Mazda6 Touring:**

- *2,0 lítra vél*
- *5 þrepa sjálfskipting*
- *16" Álfelgur*
- *Hraðastillir*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.mazdabrimborg.is

## Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Við erum Mazda. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda á sóltilboði Brimborgar.

## Skoðaðu úrval Mazda á sóltilboði.



**Mazda2 Core 1,4i**
**5 dyra, 5 gíra***
**Sóltilboð 1.590.000 kr.**
Bílasamningur 19.670 kr.
Rekstrarleiga 31.900 kr.



**Mazda3 Touring 1,6i**
**4 dyra, 5 gíra***
**Sóltilboð 1.920.000 kr.**
Bílasamningur 26.307 kr.
Rekstrarleiga 35.200 kr.



**Mazda5 Touring 2,0i**
**7 manna, 5 gíra***
**Sóltilboð 2.390.000 kr.**
Bílasamningur 32.748 kr.
Rekstrarleiga 43.400 kr.

## Við erum Mazda

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.**

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: sóllúga. Skv. verðlista Toyota 07/06. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Boy George kominn í öskuna

Fyrrverandi söngvari Culture Club, Boy George, var í síðustu viku dæmdur til að sinna samfélagsskyldu í New York. Í gær hóf hann síðan störf hjá sorphreinsun borgarinnar en dómarinn Anthony Ferrara sagði George geta valið hvort vinnan yrði „niðurlægjandi eða auðmýkjandi“. George þarf að mæta til vinnu næstu fimm daga og vakti fyrsti dagurinn óskipta athygli fjölmiðla sem fylgdust með tónlistarmanninum sópa göturnar og tæma ruslatunnur.

Boy George er eitt af táknum hins víðfræga „eighties“-áratugar en hann sló í gegn með lögum á borð við Do You Really Want To Hurt Me og Karma Chameleon. Hann hefur að undanförnu starfað sem plötusnúður og býr um þessar mundir í New York. George hefur lengi átt í erfiðleikum vegna fíkniefnaneyslu og bað um lögregluaðstoð í október síðastliðnum af því að hann taldi ljóst að brotist hefði verið inn hjá sér. Þegar lögreglan gerði leit í húsinu fannst töluvert magn af kókaíni og innbrotið var aldrei upplýst. Hann var síðan dæmdur til samfélagsþjónustu en mætti ekki til vinnu. Dómarinn Ferrara gaf því út handtökuheimild á George en þegar hann mætti í réttarsalinn tíu dögum síðar var hún dregin tilbaka. Boy George var hins vegar gerð grein fyrir því að hann gæti ekki skorast undan skyldu sinni.

Boy George fékk sjálfur tækifæri til að koma með hugmyndir að samfélagsþjónustu og meðal þess sem hann nefndi var plötusnúðastarf á HIV-fjáröflunarsamkomu eða opið tísku- og förðunarnámskeið.



**BOY GEORGE** Hóf störf hjá sorphreinsun New York-borgar og lét sitt ekki eftir liggja í vinnunni. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

# Magni syngur Starman



**MAGNI** Ætlar að syngja lagið Starman eftir David Bowie.

Spennan magnast í Rock Star: Supernova því nú eru einungis átta keppendur eftir í þáttunum en í síðustu viku gerðist sá fáheyrði atburður að tveir þátttakendur voru sendir heim, þau Josh og Jill. Magni „okkar“ Ásgeirsson hyggst flytja Starman eftir David Bowie en þetta er í annað sinn sem hann flytur lag eftir þennan áhrifamikla tónlistarmann því hann söng Heroes við misjafnar undirtektir Supernovaliða. Starman reynir ögn meira á raddböndin heldur en Heroes og verður forvitnilegt að sjá hvernig Magna tekst til í þetta sinn.

Keppendurnir flugu til Las Vegas í fylgd með Supernovamönnum og skoðuðu þar tónleikastað þar sem áætlað er að Supernova spili um áramótin. Á heimasíðu þáttarins má sjá myndir úr ferðinni og er augljóst að keppendurnir hafa skvett ærlega úr klaufunum í spilaborginni víðfrægu.



**BOWIE** Er greinilega mikill áhrifavaldur Magna enda í annað sinn sem söngvarinn frá Borgarfirði eystri syngur lag eftir hann.



**FJÖLMENNI** Talið er að um þrjátíu þúsund manns hafi komið til Dalvíkur á Fiskidaginn mikla á laugardaginn var.

# Þar sem hádegisverðurinn er ókeypis

Um þrjátíu þúsund manns lögðu leið sína á Fiskidaginn mikla á Dalvík á laugardaginn var. Hátíðin þótti takast með eindæmum vel og skemmtu ungir sem aldnir sér saman langt fram á kvöld.

Þetta er í þriðja sinn sem Fiskidagurinn mikli er haldinn á Dalvík og eins og undanfarin ár er gestum boðið upp á ókeypis fiskrétti af ýmsu tagi. Meðal þess sem boðið var upp á var fiskisúpa, elduð í stærsta súpupotti sem um getur hér, fiskborgarar, hrefnusushi og saltfiskvöfflur. Gestir hátíðarinnar átu flestir á sig gat.

Dalvíkingar, bæði heimamenn og brottfluttir, sáu um skemmtiatriðin en kynnir á hátíðinni var Júlíus Júlíusson sem jafnframt er framkvæmdastjóri hennar.

Á föstudagskvöld, daginn fyrir Fiskidaginn mikla, var Fiskisúpukvöldið mikla haldið. Þá opna Dalvíkingar hús sín upp á gátt og bjóða gestum og gangandi rjúkandi fiskisúpu. Gunnar Aðalbjörnsson, frystihússtjóri á Dalvík, var meðal þeirra sem bauð upp á fiskisúpu. Þegar blaðamann Fréttablaðsins bar að garði taldi Gunnar að um 350 manns hefðu komið og gætt sér á gómsætri súpu á sólpallinum í garðinum hans.



**FRAMKVÆMDASTJÓRINN** Það var í nógu að snúast hjá Júlíusi Júlíussyni á Fiskideginum mikla enda er hann framkvæmdastjóri hátíðarinnar og kynnir.



**FJÖR Í ELDHÚSINU** Það var fjör í eldhúsinu hjá Gunnari frystihússtjóra enda margir sem vildu bragða á súpunni góðu. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN HJÁLMARSSON-ÞÓRHILDUR KRISTJÁNSDÓTTIR



**LJÚFFENG SÚPA** Það var margt um manninn á sólpallinum hjá Gunnari frystihússtjóra á föstudagskvöldið.



**SKEMMTILEGAR SKREYTINGAR** Dalvíkingar skreyttu bæinn á skemmtilegan hátt og tóku þessir heykarlar á móti gestum klæddir í frystihúsgallann.

LOKAÐ Í DAG OG
Á MORGUN
VEGNA BREYTINGA

TAKTU FIMMTUDAGINN FRÁ!

OPNUM

FIMMTUDAGINN 17. ÁGÚST

GLÆSILEGRI,
ÞÆGILEGRI OG
SKEMMTILEGRI VERSLUN

DEBENHAMS
SMÁRALIND

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 33758 08/2006



LATÓ
HAGKERFIÐ
Þú færð LATÓ vörurnar í verslunum Hagkaupa
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
Latabæjar Orkubrauð
100 LATÓ
Dreitill
100 LATÓ
Ávextir
100 LATÓ
Skyr.is
100 LATÓ
Grænmeti
100 LATÓ
Tannkrem
100 LATÓ
Orkuvatn
100 LATÓ
Latabæjar Ostur
Osta- og smjörsalan sf
100 LATÓ
Hagkerfið er opið frá
1. júlí til 19. ágúst.
LATI BÆR
www.glitnir.is/latibaer
GLITNIR
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
Colgate
EIMSKIP
skyr.is
iceland spring




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| MIAMI VICE | kl. 5, 8 og 10.50 B.I. 16 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 10.50 |
| THE SENTINEL | kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 14 ÁRA |
| ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ÍSL. TAL | kl. 4 og 6 |
| SILENT HILL | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |
| OVER THE HEDGE ÍSL. TAL | kl. 4 og 6 |
| OVER THE HEDGE ENSKT TAL | kl. 4 og 8 |
| STICK IT | kl. 8 og 10.20 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| A PRAIRIE HOME COMPANION | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ÍSL. TAL | kl. 6 og 8 |
| SILENT HILL | kl. 8 og 10.40 B.I. 16 ÁRA |
| CLICK | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 10 ÁRA |
| DA VINCI CODE SÍÐ. SÝNINGAR | kl. 5 og 10 B.I. 14 ÁRA |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| MIAMI VICE | kl. 8 og 10.40 B.I. 16 ÁRA |
| THE SENTINEL | kl. 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ÍSL. TAL | kl. 6 |
| STORMBREAKER | kl. 6 |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Simpsons í kuldanum í Kína

Kínversk yfirvöld hafa lagt blátt bann við að teiknimyndaþættirnir The Simpsons og Mikki mús verði sýndir á besta tíma í kínversku sjónvarpi. Ástæðan er sögð sú að þættirnir geti haft slæm áhrif á atvinnuskópun þarlendra teiknara en samkvæmt fréttavef BBC eru kínversk stjórnvöld þó sögð meira uggandi yfir þeim vestrænu áhrifum sem The Simpsons og Mikki mús kunna að hafa á kínversk ungmenni.

Í tilskipun frá kínverska kommúnistaflokknum kemur fram að bannað sé að sýna erlendar teiknimyndir frá klukkan fimm á daginn til átta á kvöldin og taka þessi lög gildi frá og með fyrsta september. Þá er einnig talið að stjórnvöld ætli sér að banna allt sjónvarpsefni sem blandi saman teiknuðum persónum og „alvöru“.

Samkvæmt BBC-vefnum eru erlendar teiknimyndir ákaflega vinsælar meðal þeirra 250 milljóna barna sem búa í Kína og hafa innlendir teiknimyndahöfundar átt í stökustu erfiðleikum með að ná fótfestu í eigin heimalandi. Þá kemur einnig fram að lögin hafi ekki tekið gildi en dagblöðin í Kína hafa þegar mótmælt þessari ákvörðun. „Þetta á ekki eftir að leysa vandamál kínversks teiknimyndaiðnaðar,“ skrifar leiðarahöfundur Southern Metropolis. „Sjónvarpsáhorfendur munu því ekki hafa neitt val og styðja því við kínverska framleiðslu af hálfum huga,“ bætir leiðarahöfundurinn við.

Kínverskir teiknimyndasmiðir notast við gamlar og hefðbundnar sögur eins og Journey to the West í ævintýrunum um Monkey King. Þeir eiga því enn eftir að finna upp teiknimyndahetjur sem jafnast á við Mikka mús og japanska undrið, Pokemon. Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem stjórnvöld skipta sér af sjónvarpsefni á besta tíma því árið 2000 var þess krafist að erlendar teiknimyndir yrðu notaðar í hófi og tveimur árum síðar fyrirskipuðu yfirvöld að rúmlega 60 prósent af því efni sem sýnt væri á besta tíma væri framleitt í Kína.




**THE SIMPSONS** Kínversk stjórnvöld hafa bannað að sýna þættina á besta tíma af ótta við að þeir hafi áhrif á kínverska teiknimyndaframleiðslu.



**MIKKI MÚS** Hefur ekki fengið náð fyrir augum kínverskra stjórnvalda sem reyna allt hvað þau geta til að sporna við sýningu á erlendum teiknimyndum.

# Hneyksli í Bretlandi

Mikið hneyksli ríður nú yfir bresku pressuna eftir að upp komst að blaðamaðurinn Clive Goodman hefði „hakkað“ sig inn á síma frægra fólksins og hljóðritað samtöl þeirra án þess að fólkið vissi af því. Talið er að Goodman hafi stundað þetta frá janúarbyrjun til loka maí og segist hann sjálfur hafa hlerað símann hjá Karli Bretaprins á heimili hans í London.

Bresk lögreglufirvöld telja sig nú hafa fundið vísbendingu um að Hugh Grant og Keira Knightley kunni einnig að vera fórnarlömb símahlerana en Goodman hefur verið óvenju kokhraustur þrátt fyrir að þurfa mæta í réttarsal á morgun. „Flestar af þeim stórfréttum sem birtast á forsíðum blaðanna eru fengnar með ólöglegum hlerunum. Mér skilst að í kringum 250 blaðamenn sæti nú þessari sömu rannsókn,“ sagði Goodman.



**HUGH GRANT** Síminn hans gæti hafa verið hleraður af blaðamanninum Clive Goodman



**KEIRA KNIGHTLEY** Hefur verið vinsælt forsíðuefni hjá gulu presunni í Bretlandi.


# Gerðu **mikið** úr litlu!



Poppkorn er ekki bara gott, það er líka fallegt. Ef þú átt nál og tvinna er lítið mál að búa til flotta perlufesti.

Hjá Námsmannaþjónustu Sparisjóðsins gerir þú mikið úr litlu. Þú færð 4 x frítt í bíó í inngöngugjöf og **2 fyrir 1 í Sambíóin** alla þriðjudaga auk frábærra annarra tilboða. Fáðu góða aðstoð við fjármálin svo þú getir gert mikið úr litlu. Nánari upplýsingar á www.spar.is eða í næsta sparisjóði.

**Við hlökkum til að heyra frá þér!**

SPARISJÓÐURINN
Námsmannaþjónusta

Fíton/SÍA


# Fyrsta kókaín-þemaplatan

**[ TÓNLIST ]**

UMFJÖLLUN

Dirty Slutty Hooker Money er frumburður danstónlistarsveitarinnar Dr. Mister & Mr. Handsome sem hefur notið töluverðra vinsælda á íslenskum útvarpsstöðvum undanfarna mánuði með lögunum Kokaloca og Is It Love? Sveitin er skipuð þeim Dr. Mister (Ívar Örn Kolbeinsson), Mr. Handsome (Guðni Rúnar Gunnarsson) og Snake (Egill Tómasson), en að auki koma nokkrir gestir við sögu á plötunni, m.a. systkinin Svala og Krummi Björgvins sem syngja hvort sitt lagið.

Tónlistin á Dirty Slutty Hooker Money er hrá og skítug danstónlist. Hljómurinn er nokkuð retró; gamalt reif, euro-teknó og elektróclash koma upp í hugann, en sum lögin eru líka rokkskotin og minna á sveitir eins og The Prodigy. Textinn gengur út á klúbbalíf, subbulegan töffaraskap og kókaín. Platan fer í sögubækurnar sem fyrsta íslenska kókaínþema platan.

Það er margt ágætt á þessari plötu. Það má alveg hafa gaman af þessari bjöguðu ofurtöffara ímynd og það eru nokkur fín lög hér, sérstaklega fyrrnefndir smellir Kokaloca og Is It Love?, My Attitude



**DR. MISTER & MR. HANDSOME**

DIRTY SLUTTY HOOKER MONEY

**Niðurstaða:** Þrátt fyrir nokkur fín lög er fyrsta plata Dr. Mister & Mr. Handsome of misjöfn að gæðum til þess að hægt sé að mæla með henni.

Shoes og gamli diskó-hittarinn Was That All It Was sem Svala syngur af innlifun. Það er samt allt of mikið af drasli inni á milli, t.d. Cocaine Booty, Dirty Slut og What You Need. Hljómurinn verður líka þreytandi til lengdar. Á heildina litið er þetta þokkaleg frumraun, en of ójöfn að gæðum til þess að hægt sé að mæla með henni. Það kemur alltaf niður á gæðunum þegar gott efni er blandað með einhverjum hroða. Það ætti að vera nóg að kaupa sér bestu lögin á tónlist.is.

**Trausti Júlíusson**




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| MIAMI VICE | KL. 5-8-11 | B.I. 16 |
| MIAMI VICE VIP | KL. 2-5-8-11 | |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 2-5-7-8-10-11 | B.I. 12 |
| THE LONG WEEKEND | KL. 6:15-8:15-10:30 | B.I. 14 |
| OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 2-3-4 | LEYFÐ |
| OVER THE HEDGE enskt. tal | KL. 11 | LEYFÐ |
| SUPERMAN RETURNS | KL. 2-5-8 | B.I. 10 |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 1:45-4 | LEYFÐ |

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| MIAMI VICE | KL. 5-8-10:45 | B.I. 16 |
| *PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 5-8-11 | B.I. 12 |
| THE LONG WEEKEND | KL. 8-10-11:50 | B.I. 14 |
| *OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 4 | LEYFÐ |
| *OVER THE HEDGE enskt. tal | KL. 6 | LEYFÐ |

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MIAMI VICE | KL. 7-10 | B.I. 16 |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 7-10 | B.I. 12 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 6-9 | B.I. 12 |
| OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 6 | LEYFÐ |
| THE LONG WEEKEND | KL. 8-10 | B.I. 14 |

HÁSKÓLABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 5:30-6- 8:30-9-10:30 | B.I. 12 |
| HALF LIGHT | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| SUPERMAN RETURNS | KL. 5:30-8:30 | B.I. 10 |
| THE BREAK UP | KL. 5:30-8 | LEYFÐ |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


# Olíubað er leyndarmál Loren

Ítalska fegurðardísin Sophia Loren var fyrir skömmu kosin „náttúrulega fallegasta manneskja heims“ í netkosningunni Dare to be Bare en þar gat fólk kosið einstaklinga sem voru ekki taldir vera tákn fyrir staðaltýpur. Bandaríski leikarinn George Clooney og velska óperusöngkonan Charlotte Church fylgdu fast á hæla Loren.

Sophia Loren sagði í samtali við breska fréttavefinn BBC að leyndarmálið að langlífri fegurð væri ást á spagettíi og lífinu auk þess sem hún upplýsti að hún færi í ólífuolíubað. Loren hefur heillað karlpeninginn upp úr skónum í rúma hálfa öld og lét erkibiskupinn af Genúa hafa eftir sér að þrátt fyrir að klónun væri stranglega bönnuð samkvæmt kaþólsku kirkjunni mætti gera undantekningu með Loren.

Þeir sem komust inn á topp tíu listann voru meðal annars Catherine Zeta-Jones, Johnny Depp og Kate Winslet auk þess sem ólátabelgurinn Jack Black lenti í áttunda sæti.



**SOPHIA LOREN** Fegurð hennar hefur heillað gesti kvikmyndahúsanna í rúmlega hálfa öld.
FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

# Sama um tískuna

Leikkonan Uma Thurman hefur látið þau orð falla að henni sé sama þótt tískuspekúlöntum finnist hún ekki vera í flottum fötum. Hún velji sér föt sem geri hana hamingjusama og njóti þess að vera öðruvísi.

Uma Thurman hefur ítrekað lent í því að vera valin verst klædda leikkonan, til dæmis á Óskarsverðlaunahátíðinni fyrir tveimur árum. Ástæður þess að samband hennar við tískuheiminn er stirt segir leikkonan vera að hún hafni alfarið að vera í húmorslausum fötum. Litir og form eru það sem leikkonan sækist helst eftir, en hún gerir sér fyllilega grein fyrir því að það getur stundum komið henni í vandræði. „Það er smá uppreisn í gangi í fataskápnum mínum. Ég á í erfiðleikum með að hlýða skipunum, nema þeim sem koma frá sjálfri mér.“



**LITRÍK AÐ VANDA** Leikkonan Uma Thurman hefur stundum fengið slæma útreið vegna klæðavalsins.



**WILLIAM MUNNY** Clint Eastwood hefur túlkað ófáar andhetjur á hvíta tjaldinu og er William Munny ein af þeim eftirminnilegustu.

# Eastwood heiðraður

Clint Eastwood var á dögunum heiðraður fyrir framlag sitt til kúrekamynda á Golden Boot vestra-verðlaunahátíðinni. Eastwood hlaut hin svokölluðu Founder's verðlaun en þetta er einungis í áttunda skiptið sem þau eru veitt í 24 ára sögu hátíðarinnar. Eastwood er jafnframt annar leikstjórinn sem hlýtur þessa nafnbót en hinn var goðsögnin John Ford sem hlaut hana fyrir kvikmyndir á borð við The Searchers. Góðvinur Eastwoods, Morgan Freeman, afhenti „Íslandsvininum“ verðlaunin en þeir unnu einmitt saman við einhverja eftirminnilegustu kúrekamynd síðari tíma, Unforgiven.

Eastwood á vestrunum mikið að þakka enda sló hann í gegn á sjöunda áratugnum í kvikmyndum á borð við A Fistful of Dollars, For a Few Dollars More og The Good, the Bad and the Ugly.





*Aðalvinningar dregnir út úr öllum innsendum skeytum. Vinningar verða afhentir í BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið. Þú færð 5.mín til að svara spurningu.







## Uppselt er í sæti í kvöld

Síðustu miðarnir í sæti á vináttulandsleik Íslands og Spánar seldust í gær. Enn er þó hægt að kaupa miða í stæði.

**sport**
sport@frettabladid.is

INGVAR KALE: VAR KALLAÐUR Á ÆFINGU MEÐ ÍSLENSKA LANDSLIÐINU Á SUNNUDAGSKVÖLD

# *Við munum standa í Spánverjunum*



Ingvar Kale, markvörður Víkings, æfði með íslenska landsliðinu á Laugardalsvelli á sunnudagskvöldið en Ingvar hefur leikið vel í Landsbankadeildinni í sumar. „Maggi Gylfa hringdi í mig fyrr um daginn og ég hélt að hann væri að grínast eitthvað í mér. Svo kom það á daginn að þetta var satt og það er ekkert nema gaman að fá að taka þátt í svona. Ég bjóst alls ekki við þessu,“ sagði Ingvar.

Árni Gautur Arason, aðalmarkvörður landsliðsins, kom ekki til landsins fyrr en í gær og því var Ingvar fenginn til að æfa á sunnudaginn. Hann segist líta á þetta kall sem viðurkenningu fyrir góða frammistöðu með nýliðum Víkings í sumar en Ingvar hefur aðeins fengið á sig ellefu mörk í Landsbankadeildinni, aðeins Daði Lárusson úr FH hefur fengið á sig færri mörk.

„Ég er mjög sáttur við mína frammistöðu í sumar og er líka hæstánægður með varnarvinnuna í liðinu. Þetta hefur allt verið að smella, við erum með góðan hóp og góðan þjálfara,“ sagði Ingvar sem var gerður að aðalmarkverði í fyrra og lék frábærlega með liðinu þegar það tryggði sér sæti í Landsbankadeildinni.

„Ég fékk mikla reynslu í 1. deildinni í fyrra og þetta ár hefur verið gott. Ég er með slitin liðbönd en fer í aðgerð eftir tímabilið. Það hefur aðeins háð mér á æfingum en það voru góð tíðindi að ég gat spilað á tímabilinu og þyrfti ekki að fara í aðgerð fyrr en deildinni lýkur,“ sagði Ingvar sem lék með KS á Siglufirði í tvö ár áður en hann sneri aftur til Víkinga í fyrra.

Hann segir að stemningin á æfingunni á sunnudag hafi verið góð. „Ég held að við munum alveg ná að standa í Spánverjunum. Við markverðirnir tókum fyrst klukkutíma markmannsæfingu með Birki Kristinssyni, þar fer maður sem kann þetta allt. Svo æfðum við með öðrum í liðinu og þetta var æfing sem var nú alveg klassa fyrir ofan það sem maður hefur fengið að kynnast.“

## > ÍBV komið með þjálfara

Handknattleiksdeild ÍBV tilkynnti í gær um nýjan þjálfara fyrir karlalið félagsins en það er Gintaras Savukynas frá Litháen. Mun hann þjálfa meistara- og 2. flokk karla. Margir ættu að muna eftir honum sem leikmanni en hann lék hér á landi fyrir nokkrum árum með Aftureldingu og Gróttu/KR við góðan orðstír. Nú eru þjálfaramál félagsins fyrir komandi tímabil því komin á hreint en í byrjun maí var Einar Jónsson ráðinn þjálfari kvennaliðsins en þrátt fyrir ungan aldur hefur hann þjálfað yngri flokka Fram í dágóðan tíma.



**VEIGAR PÁLL** Segist hafa fundið fyrir ákveðinni pressu í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Veigar Páll Gunnarsson:

## Spilar í mesta lagi hálfleik

**FÓTBOLTI** Veigar Páll Gunnarsson er fullur tilhlökkunar fyrir leikinn í kvöld. „Ég hlakka til að fara að spila á móti svona góðu liði og svona góðum leikmönnum. Þetta eru nokkrir af bestu fótboltamönnum í heimi og það má ekki búast við miklu af okkur. Ísland hefur þó oft komið svona sterkum þjóðum á óvart og við getum alveg eins gert það í þessum leik,“ sagði Veigar.

Eyjólfur Sverrisson sagði í gær að Veigar myndi ekki spila meira en hálfan leik en hann hefur staðið í ströngu með liði sínu Stabæk í Noregi. Hann er markahæstur í norsku deildinni sem stendur og neitar því ekki að hafa fundið fyrir pressu. Hann segir að sú pressa hafi þó að mestu horfið þegar hann skrifaði undir nýjan samning við Stabæk.

„Ég fann fyrir pressu og fannst sem ég þyrfti að skora til að tryggja mér góðan samning hjá Stabæk. Svo var maður að hugsa um hvort það væru einhverjir njósnarar að fylgjast með manni og svona. Allir voru að búast við að ég myndi spila vel og sýna einhver tilþrif. Um leið og ég setti nafnið mitt á samninginn fann ég stóran hluta af þeirri pressu hverfa,“ sagði Veigar Páll. - egm

Ramon Calderon:

## Loforð svikin

**FÓTBOLTI** Ramon Calderon, nýkjörinn forseti spænska stórliðsins Real Madrid, hefur játað að ljóst sé að ekkert verður af loforðum hans um að fá þá Kaka, Cesc Fabregas og Arjen Robben til félagsins. Calderon var búinn að lofa því að fá þessa leikmenn ef hann fengi kosningu.

Hann segir einu ástæðu þess að hann hafi ekki keypt leikmennina sé sú að þeir falli ekki inn í framtíðaráform knattspyrnustjóra félagsins. „Þeir verða að ráða ferðinni þegar kemur að leikmannakaupum. Ef þeir telja sig ekki hafa not fyrir leikmennina verður svo að vera,“ sagði Calderon. - egm

# Eiði leið illa í gærmorgun

**Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari sagði í gær að ástæðan fyrir því að Eiði Smára Guðjohnsen var gefið frí í leiknum gegn Spáni í dag væri að honum hefði liðið illa í gærmorgun. Vildum ekki þvæla honum hingað upp, segir Eyjólfur.**

**FÓTBOLTI** Um miðjan dag í gær birtist á heimasíðu Knattspyrnusambands Íslands fréttatilkynning um að Eiði Smára Guðjohnsen landsliðsfyrirliða hefði verið gefið frí í landsleiknum gegn Spáni í gær vegna þreytu og álags. Sagt var að ákvörðun þess efnis hefði verið tekin í samráði við landsliðsþjálfara og lækna liðsins.

Eyjólfur Sverrisson þjálfari var spurður hvort ekki hefði alltaf legið fyrir að leikjaáætlun Eiðs Smára yrði ströng og hvort það skyti skökku við að draga hann úr landsliðshópnum daginn fyrir leik. „Það gat alltaf orðið þannig að Eiður gæti ekki spilað með okkur og þess vegna völdum við stóran hóp,“ sagði Eyjólfur í gær. „Hann vildi fá að sofa á þessu í nótt og honum leið illa í morgun, þá sáum við enga ástæðu til að þvæla honum hingað upp eftir og hann væri bara hálfur maður. Honum yrði enginn greiði gerður með því. Ástandið var metið þannig ásamt okkar lækni.“

Eiður Smári lenti á sunnudagskvöldið í Barcelona eftir æfingaferð liðsins í Mið- og Suður-Ameríku og á fimmtudag á liðið leik gegn Espanyol í Ofurbikarnum, leik meistaranna á Spáni. Þrír leikmenn Barcelona voru valdir í spænska landsliðið og forfölluðust tveir þeirra eftir að hafa gengist undir læknisskoðun í Madríd í gær en sá þriðji, Andrés Iniesta, kom til Íslands í gær.

Leikurinn átti upphaflega að fara fram á morgun en var færður fram um einn dag vegna Ofurbikarsins á fimmtudag. Eyjólfur hefur áður sagt við Fréttablaðið að tími landsliðsins í undirbúningnum fyrir undankeppni EM 2008 sé lítill og var því spurður í gær hvort hann sæi eftir þeim tíma sem hann yrði af með sínum mönnum þar sem leikurinn var færður til. „Að sjálfsögðu hefði það hentað okkur betur að spila á miðvikudag. Það voru margir á Norðurlöndunum að spila á sunnudagskvöldið og þar af leiðandi verða þeir ekki 100 prósent klárir í þennan leik. Veigar Páll mun til dæmis í mesta lagi spila hálfan leik gegn Spáni.“



**ÞJÁLFARINN OG FYRIRLIÐINN** Eyjólfur Sverrisson og Hermann Hreiðarsson á blaðamannafundi landsliðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hann sagði þó að leikurinn myndi nýtast sér vel. „Þetta er æfingaleikur og við viljum prófa ákveðna hluti ásamt því að gefa öðrum strákum tækifæri. Það getur gerst að Eiður Smári meiðist í framtíðinni eða geti ekki verið með liðinu af öðrum ástæðum og þá kemur maður í manns stað. Við þurfum á stórum hópi leikmanna að halda.“

Ísland er í sama riðli og Spánn í undankeppni EM 2008 og sagðist Eyjólfur því ekki vilja leggja „öll spil“ landsliðsins á borðið í leiknum í dag. „Þetta verður svolítið leyndardómsfullt.“

Uppselt er í sæti á leikinn en alls voru fimmtán þúsund miðar í boði. Aðspurður hvort fjarvera Eiðs Smára myndi ekki valda þessum hópi vonbrigðum neitaði Eyjólfur því. „Alls ekki. Íslenska landsliðið samanstendur ekki af einum leikmanni og Eiður verður með okkur í næstu tveimur heimaleikjum, gegn Dönum og Svíum þar sem þjóðin getur barið hann augum og dáðst að honum. Ég vona að við getum notið hans krafta þá og reiknum við með því.“ eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



**RÁNDÝRT** Miðaverð á nýja völlinn hjá Arsenal er ansi hátt. NORDICPHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

## Okurverð á leiki Arsenal

**FÓTBOLTI** Stuðningsmenn Arsenal eru allt annað en sáttir við miðaverð félagsins á heimaleiki. Bestu sætin kosta 94 pund eða tæpar þrettán þúsund íslenskar krónur. Þess má geta að Englandsmeistarar Chelsea rukka 60 pund í bestu sætin hjá sér og Manchester United aðeins 39 pund eða rétt rúmar fimmþúsund íslenska krónur.

„Þetta er ótrúlega hátt verð og ekki í samræmi við sögu félagsins. Það er rándýrt fyrir hefðbundinn verkamann að fara með krakkann sinn á völlinn,“ sagði talsmaður stuðningsmannafélags Arsenal. - egm

Ole Gunnar Solskjær:

## Á mótorhjóli á fjölmiðlafund

**FÓTBOLTI** Ole Gunnar Solskjær vakti mikla athygli á blaðamannafundi á Ullevaal-leikvanginum í Osló í gær en norska liðið mætir því brasilíska á morgun. Solskjær var valinn í norska liðið eftir margra ára fjarveru sem vakið hefur sterk viðbrögð í Noregi en í gær kom hann keyrandi á mótorhjóli ásamt félagi sínum, Kristofer Hæstad. „Það var rétt svo að ég þorði að stija á hjólinu,“ sagði Solskjær brosandi eftir atvikið. - esá

Hermann Hreiðarsson verður fyrirliði íslenska liðsins í fjarveru Eiðs Smára Guðjohnsen í kvöld:

# Ekki hægt að fá betri prófraun en þetta

**FÓTBOLTI** „Við erum að fara að keppa gegn einu besta fótboltaliði í heimi, þeir láta boltann ganga vel og það er ljóst að við verðum að vera þéttir og verjast vel gegn þeim. Það er mjög líklegt að þeir koma til með að vera með boltann töluvert meira en við en þegar við fáum hann þá verðum við að reyna að nýta það sem allra best,“ sagði varnarmaðurinn Hermann Hreiðarsson í gær en hann mun bera fyrirliðabandið í kvöld í fjarveru Eiðs Smára Guðjohnsen.

Eyjólfur Sverrisson sagði á blaðamannafundi í gær að Hermann væri ávallt fyrirliði á vellinum en nú yrði bandinu bara bætt við. „Það er alltaf jafnmikill heiður að spila fyrir Íslands hönd, sérstaklega þegar maður er með fyrirliðabandið. Það á eftir að reyna vel á hvern einasta mann í þessum leik því mótherjarnir eru allir í heimsklassa. Betri prófraun fáum við varla áður en í alvöruna er komið og því gott að fá þennan leik,“ sagði Hermann.

Hermann leikur eins og kunnugt er með enska liðinu Charlton en keppni í deildinni hefst um næstu helgi. „Langt og strangt undirbúningstímabil er loksins að baki og mikil tilhlökkun eftir því að sjálft tímabilið byrji,“ sagði Hermann en önnur ensk lið hafa sýnt honum áhuga. „Ég hef heyrt af því að einhverjar fyrirspurnir séu að berast en ég er ekkert að láta það hafa nein áhrif á mig, ef það gerist þá gerist það bara. Ég er að minnsta kosti sáttur hjá Charlton.“

Hann segist vona að félagið muni núna ná að enda tímabilið með stæl. „Það eru alltaf þessi fimm lið sem verða í efstu sætunum og svo eru önnur tíu lið sem setja stefnuna á fimmta til sjötta sætið. Ég vona að við náum að enda í efri helmingnum og banka eitthvað í Evrópusæti.“



LÆGRA LÁNTÖKUGJALD LÆGRI VEXTIR
BÍLALÁN
Finndu bara bílinn sem þig dreymir um og við sjáum um fjármögnunina. Reiknaðu lánið þitt á www.frjalsi.is, hringdu í síma 540 5000 eða sendu okkur línu á frjalsi@frjalsi.is. Við viljum að þú komist sem lengst!
FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN

veidihornid.is

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 • Síðumúli 8 - Sími 568 8410

VEIÐIHORNIÐ

# BESTU BYSSUKAUPIN

## Vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða



**Aðeins 14.203 á mánuði.**

### Beretta Extrema2

Taska, þrengingar, skeftishallaplötur og fleira fylgir.

**Staðgreitt aðeins 154.755 eða aðeins 14.203 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Aðeins 13.082 á mánuði.**

### Beretta Teknys

Taska, þrengingar, skeftishallaplötur og fleira fylgir.

**Staðgreitt aðeins 142.405 eða aðeins 13.082 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Aðeins 11.529 á mánuði.**

### Beretta Urika Standard

Taska, þrengingar, skeftishallaplötur og fleira fylgir.

**Staðgreitt aðeins 125.305 eða aðeins 11.529 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Aðeins 10.666 á mánuði.**

### Beretta Urika Synthetic

Taska, þrengingar, skeftishallaplötur og fleira fylgir.

**Staðgreitt aðeins 115.805 eða aðeins 10.666 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Aðeins 8.423 á mánuði.**

### Beretta ES 100 Standard White

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 89.900 eða aðeins 8.423 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Aðeins 7.906 á mánuði.**

### Beretta ES 100 Synthetic White

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 84.900 eða aðeins 7.906 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Aðeins 7.560 á mánuði.**

### Beretta ES 100 Synthetic Black

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 81.900 eða aðeins 7.560 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Aðeins 5.318 á mánuði.**

### Stoeger Model 2000 Standard

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 56.900 eða aðeins 5.318 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Aðeins 5.835 á mánuði.**

### Stoeger Model 2000 Camo

Þrengingar og ólarfestingar fylgja

**Staðgreitt aðeins 61.900 eða aðeins 5.835 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Aðeins 5.145 á mánuði.**

### Stoeger Model 2000 Synthetic

Þrengingar og ólarfestingar fylgja

**Staðgreitt aðeins 54.900 eða aðeins 5.145 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Aðeins 3.420 á mánuði.**

### Stoeger P350 Synthetic.

Þrengingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 35.900 eða aðeins 3.420 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Aðeins 3.765 á mánuði.**

### Stoeger P350 Camo

Þrengingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 39.900 eða aðeins 3.765 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í vaxtalausum mánaðagreiðslum.**



## Munið vinsælu gjafabréfin okkar

**Veiðihornið er opið alla daga vikunnar.**

**Já, líka á sunnudögum.**

**Meira úrval skotvopna er í Veiðihorninu Síðumúla 8**





**FARA ÞEIR?** Talið er líklegt að annaðhvort Adriano eða Obafemi Martins hverfi á braut frá Inter. NORDICPHOTOS/GETTY

Ítalíumeistarar Inter:

## Nú er komið að því að selja

**FÓTBOLTI** Massimo Moratti, eigandi Inter, hefur viðurkennt að nú sé komið að því að selja leikmenn eftir að félagið hefur farið hamförum í leikmannakaupum í sumar. Auk þess að kaupa stórstjörnurnar Patrick Vieira, Zlatan Ibrahimovic og Fabio Grosso hafa Ítalíumeistararnir fengið mörg smærri nöfn til sín.

„Inter er mjög metnaðarfullur klúbbur en við þurfum líka að passa upp á veskið. Það er augljóst að við getum ekki keypt leikmenn á fullu án þess að selja einhverja,“ sagði Moratti. Sóknarmennirnir Adriano og Obafemi Martins eru taldir líklegastir til að vera seldir. - egm



**LEHMANN** Vill spila eitt tímabil í Þýskalandi áður en hann hættir. NORDICPHOTOS/GETTY

Markvörðurinn Lehmann:

## Fer hann eftir tímabilið?

**FÓTBOLTI** Jens Lehmann hefur gefið það til kynna að hann gæti farið frá Arsenal eftir tímabilið áður en hann leggur hanskana á hilluna þegar Evrópumótinu 2008 lýkur. Lehmann er að hefja sitt fjórða tímabil hjá Arsenal og lék hann lykilhlutverk í því að Arsenal komst í úrslitaleik meistaradeildarinnar á síðasta tímabili. Þá lék hann frábærlega með Þýskalandi á heimsmeistaramótinu í sumar.

„Ég er orðinn 36 ára og stefni á að geta klárað Evrópumótið eftir tvö ár. Eftir það held ég að það gæti verið sniðugt að segja þetta gott. Það gæti verið gaman að ná að spila eitt tímabil í Þýskalandi áður en ég hætti. Við skulum sjá hvernig þetta tímabil fer,“ sagði Lehmann. - egm



**ROBERT GREEN** Einn besti markvörður sem England á í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

Félagaskipti á Englandi:

## West Ham mun kaupa Green

**FÓTBOLTI** Úrvalsdeildarliðið West Ham ætlar að kaupa markvörðinn Robert Green frá Norwich sem leikur í 1. deildinni. Norwich tók tilboði frá Hömrunum upp á tvær milljónir punda en leikmaðurinn var einnig á óskalista Charlton. Green er 26 ára og hefur verið viðriðinn enska landsliðið en gat ekki verið með á HM vegna meiðsla.

West Ham á aðeins eftir að ganga frá nokkrum lausum endum við Green sem hefur leikið 241 leik fyrir Norwich í deild og bikar en hann kom upp úr unglingastarfi félagsins. - egm

Bandaríski milljarðamæringurinn Randy Lerner hefur keypt Aston Villa:

# Vill koma Villa í fremstu röð

**FÓTBOLTI** Bandaríski auðkýfingurinn Randy Lerner er að kaupa enska úrvalsdeildarliðið Aston Villa. Það mun binda enda á veru hins umdeilda Dougs Ellis á formannsstóli félagsins. Lerner vann þar með baráttu við fjóra aðra fjárfesta um kaupin á félaginu. Um tíma leit út fyrir að hann væri hættur við kaupin en annað kom síðan á daginn. Lerner á einnig liðið Cleveland Browns í NFL-deildinni.

„Það hefur verið mér mikil ánægja að fá að tengjast Aston Villa öll þessi ár, bæði sem stjórnarformaður og meirihluta-eigandi. Félagið hefur verið mjög stór og skemmtilegur hluti af mínu lífi. Ég vil nota tækifærið og þakka öllu starfsfólkinu hjá Aston Villa um árin fyrir að gera félagið að því sem það er í dag. Ég er viss um



**LERNER** 44 ára auðkýfingur sem á m.a. greiðslukortafyrirtæki og bandarískt ruðningslið. NORDICPHOTOS/GETTY

að þessi skipti verða upphafið að nýjum kafla í sögu Aston Villa,“ sagði Doug Ellis í tilkynningu í gær.

Lerner segist vera ákveðinn í að gera Aston Villa að stórliði á evrópskan mælikvarða en stærsti titill sem það hefur unnið var Evrópubikarinn 1982. „Ég hef fulla trú á því að Villa geti náð mun hærra en það er í dag og það er ástæða mín fyrir tilboðinu. Félagið á sér stórmerkilega sögu og stuðningsmenn sem hafa fylgt því í blíðu og stríðu,“ sagði Lerner í gær.

Samkvæmt heimildum breska ríkisútvarpsins hyggst Lerner bjóða Martin O'Neill, knattspyrnustjóra Aston Villa, nýjan samning. Sá samningur yrði sá lengsti sem knattspyrnustjóri í deildinni hefur gert. O'Neill samdi við Aston Villa í ágúst og var það aðeins til tólf mánaða. - egm

# Komum hingað til að vinna

**Luis Aragones, landsliðsþjálfari Spánar, sat fyrir svörum blaðamanna á Nordica hóteli í gær. Hann fagnaði Íslandsförinni en bjóst engu að síður við að margir leikmanna yrðu þreyttir á morgun vegna mikils álags undanfarið.**

**FÓTBOLTI** Spænska landsliðið í knattspyrnu kom hingað til lands í hádeginu í gær. Fljótlega eftir komu liðsins á Nordica hótel var haldinn blaðamannafundur þar sem landsliðsþjálfarinn, Luis Aragones, sat fyrir svörum. Hann sagðist vera kominn hingað til lands til að vinna leikinn.

„Það er gott að vera kominn hingað til Íslands. Hingað vildi ég mæta með liðið og við ætlum okkur að gera vel í leiknum og helst vinna hann líka,“ sagði Aragones. Eins og alkunna er hefur aðdragandi leiksins verið skrautlegur í meira lagi og nú síðast forfallaðist landsliðsfyrirliði Íslands, Eiður Smári Guðjohnsen. Þrír aðrir leikmenn Barcelona voru valdir í spænska landsliðið en tveir þeirra, Carles Puyol og Xavi Hernandez, forfölluðust eftir að hafa hitt lækni spænska landsliðsins í Madríd. Þriðji leikmaðurinn, Andrés Iniesta, var í spænska hópnum sem kom til Íslands í gær. Einn leikmaður til úr röðum Barcelona spilar með landsliði sínu í vikunni, Edmilson með brasilíska landsliðinu gegn Noregi á morgun.

Á fimmtudag mætir Barcelona Espanyol í leik meistara síðasta tímabils en einn leikmaðurinn sem spilar á Laugardalsvelli í kvöld



**LUIS ARAGONES** Kveðst ánægður með að vera kominn hingað til lands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**VINSÆLIR** Þó nokkur ungmenni biðu á Nordica hóteli eftir spænsku landsliðshetjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

sem er á mála hjá öðru þeirra liða er Iniesta. Aragones sagði ekki um annað að ræða en að mæta til Íslands með sterkt spænskt landslið.

„Knattspyrnusambönd landanna voru búin að gera samning þess efnis að leikurinn færi fram og verður að efna það. En þar fyrir utan er alltaf gott að spila landsleiki. Það gerir liðinu aðeins gott að hittast og æfa saman, það er alltaf hægt að læra eitthvað nýtt.“

Undirbúningstímabil liða í Evrópu hefur náð hámarki undanfarna daga og vikur og er skammt stórra högganna á milli hjá mörgum leikmönnum. Aragones valdi sterkasta lið Spánar til að mæta Íslandi en bjóst engu að síður við að leikmenn yrðu þreyttir.

„Það er viðbúið að leikmenn verði þreyttir í leiknum á morgun,“ sagði Aragones. „Þetta gæti því orðið erfitt fyrir marga.“

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Forráðamenn Molde í Noregi vongóðir um að fá Marel Baldvinsson:

# Reiknað með að Marel fari til Noregs

**FÓTBOLTI** Norska úrvalsdeildarliðið Molde er á höttunum eftir Marel Baldvinssyni, leikmanni Breiðabliks, eins og Fréttablaðið greindi frá á sunnudag. Oystein Neerland, yfirmaður íþróttamála hjá félaginu, sagði í samtali við norska fjölmiðla í gær að hann væri afar vongóður um að Marel kæmi til félagsins. Hann skilji þó afstöðu Breiðabliks sem vill helst tryggja sæti sitt í Landsbankadeildinni áður en Marel fer.

„Hann er besti leikmaður liðsins og með hann innanborðs á Breiðablik mestu möguleikana á að tryggja sæti sitt í deildinni,“ sagði Neerland. „Við erum tilbúnir að leigja eða kaupa Marel þegar félagið er tilbúið að sleppa honum. Kannski verður hann kominn til okkar áður en við mætum Brann á útivelli,“ bætti hann við en sá leikur fer fram sunnudaginn 27. júlí, sama dag og Breiðablik mætir FH í Landsbankadeildinni.

En fyrir þann leik tekur Breiðablik á móti KR á heimavelli og vinni liðið þann leik er staða liðsins í deildinni orðin góð. Það mun því velta mikið á útkomu þess leiks.

Einar Kristján Jónsson, formaður Breiðabliks sagði að félagið hefði ekki svarað tilboði Molde. „Við höfum nokkra daga til þess. Það er að mörgu að huga, líka hagsmunum Marels,“ sagði Einar. „En þetta mál verður leyst fyrir mánaðamótin en ég get ekkert sagt til um hver sú lausn verður.“

Alþjóðlegi félagaskiptaglugginn lokar um mánaðarmótin og því öruggt að Molde muni leggja ofurkapp á að fá Marel til liðsins fyrir þann tíma. - esá



**GONZALEZ** Fagnar sigurmarki sínu á Anfield. NORDICPHOTOS/GETTY

Maccabi Haifa - Liverpool:

## Kænugarður fyrir valinu

**FÓTBOLTI** Seinni leikur Liverpool og ísraelska liðsins Maccabi Haifa í forkeppni meistaradeildar Evrópu mun fara fram í Kænugarði í Úkraínu, á heimavelli Dynamo Kiev. Leikurinn verður ekki í Ísrael vegna ástandsins í landinu og tilkynnti knattspyrnusamband Evrópu að leikið yrði á hlutlausum velli.

Liverpool vann fyrri leikinn 2-1 en það var Mark Gonzalez sem skoraði sigurmarkið á lokamínútunni á Anfield. Rafael Benítez, knattspyrnustjóri Liverpool, sagði að það yrði ósættanlegt af öryggisástæðum ef liðið þyrfti að leika í Ísrael og varð honum að ósk sinni. - egm



**FRAMTÍÐARMARKVÖRÐUR** Scott Carson leikur með Charlton á næsta tímabili. NORDICPHOTOS/GETTY

Enska liðið Charlton:

## Fær Carson lánaðan

**FÓTBOLTI** Scott Carson, markvörður Liverpool, hefur verið lánaður til Charlton út tímabilið. Þessi tvítugi leikmaður var þriðji markvörður enska landsliðsins á HM. Hann er samningsbundinn Liverpool til ársins 2011 en á síðasta tímabili lék hann á lánssamningi hjá Sheffield Wednesday.

Charlton reyndi að fá Robert Green en sú tilraun mistókst og því sneri félagið sér að Carson. Hann er annar markvörður Liverpool sem lánaður er, en Chris Kirkland er kominn á tímabundinn samning hjá Wigan. - egm



**LAUREN** Er hér í baráttu við Mikel Arteta, leikmann Everton. NORDICPHOTOS/GETTY

Leikmannamál Arsenal:

## Enn langt í Lauren

**FÓTBOLTI** Kamerúnski varnarmaðurinn Lauren segist ekki reikna með því að snúa aftur til Arsenal fyrr en í september. Þessi 29 ára hægri bakvörður hefur ekkert getað spilað síðan hann fór í aðgerð í janúar vegna sífelldra meiðsla á hné.

„Þetta er allt á réttri leið. Á þessari stundu er einn og hálfur mánuður, í mesta lagi tveir, þangað til ég get spilað á ný,“ sagði Lauren sem þarf að berjast fyrir sæti sínu þegar hann snýr aftur því Emmanuel Eboue frá Fílabeinsströndinni, hefur leikið vel í fjarveru hans.

- egm

GOTT FÓLK McCANN

BYGGT Á ERLENDUM ÞÁTTUM SEM HAFA FARIÐ SIGURFÖR UM HEIMINN

515 6100 I SYN.IS I SKÍFAN I OG VODAFONE

Síminn
Styður við bakið á KF Nörd

## HEFST 31. ÁGÚST

# KF NÖRD

### ER HÆGT AÐ BREYTA MESTU NÖRDUM LANDSINS Í ALVÖRU KNATTSPYRNULIÐ?

**Hvað gerist þegar 16 nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta eru þjálfaðir í þrjá mánuði af einum besta þjálfara landsins? KF Nörd eru nýir raunveruleikaþættir þar sem fylgst er með liðinu frá fyrstu æfingu fram að loka leiknum við sjálfa Íslandsmeistarana í meistaraflokki karla í knattspyrnu.**

KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ NÖRD

sýn
besta sætið



## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„You know, Norman, you really are the sweetest man in the world, but I'm the only one who knows it.“**

Svar: Ethel úr On Golden Pond frá 1981.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON VEIT EKKERT Á HVAÐ HANN Á AÐ HORFA

## *Fáum aftur sjónvarpslausa fimmtudaga*

Sumrin eru án efa einhver alleiðinlegasti tími ársins til þess að vera að glápa á sjónvarpið. Þar að auki virðist maður hafa mun minni tíma til sjónvarpsgláps á sumrin. Nýjar sónvarpsþáttaraðir geta þannig farið algjörlega fram hjá manni auk þess sem maður missir þráðinn í þeim þáttaröðum sem maður hafði eitthvað verið að fylgjast með áður en sumarið skall á með sínu haustveðri.

Af einhverjum ástæðum er samt eitthvað sem togar mann að skjánum aftur sem er auðveldast að útskýra út frá ótta við það að maður sé að missa af einhverju. Hvað ef þetta eru akkúrat þættirnir fyrir þig? Kannnski eru þetta fyndnustu þættir sem þú hefur séð eða þeir mest spennandi. Og hver þorir eiginlega að hætta á að vera að missa af því sem gæti orðið uppáhalds sjónvarpsþátturinn? Ég, persónulega, þori það reyndar



eða réttara sagt ég er löngu búinn að gefast upp.

Núna eru nefnilega komnar fjórar sjónvarpsstöðvar sem sýna frambærilega sjónvarpsþætti auk þess sem maður þarf regulega að horfa á ákveðna leiki á Sýn og nokkrar kvikmyndir á Bíórásinni. Hvernig í veröldinni er eiginlega hægt að gera upp á milli allra þessara þátta? Þegar sjónvarpsdagskráin er skoðuð fallast manni einfaldlega hendur. Bara við það að skoða dagskrána missi ég alla löngun til þess að horfa á sjónvarpið og fer þess vegna bara á netið. Ætli það sé ekki bara best að taka upp sjónvarpslausa fimmtudaga á ný. Þá fær fólk með valkvíða eins og ég að minnsta kosti smáfrí frá sjónvarpsdagskránni.

**SUMARIÐ** Getur blessunarlega alveg farið með sjónvarpsglápið hjá sumum.



▶ 22.25 *Spenna*

MURPHY'S LAW



▶ 21.35 *Spenna*

NCIS



▶ 19.30 *Drama*

TWINS



▶ 21.30 *Brúðkaup*

BRÚÐKAUPSÞÁTTURINN JÁ



▶ 19.40 *Umræða*

HRAFNAÞING

### SJÓNVARPIÐ

**16.10** Kóngur um stund (9:12) **16.40** Út og suður **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Fræknir ferðalangar (48:52) **18.25** Andlit jarðar (5:16)

**18.30 Gló Magnaða (63:65)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**19.55 Landsleikur í fótbolta** ÍSLAND-SPÁNN. Bein útsending frá vináttulandsleik í knattspyrnu karla á Laugardalsvelli. Það er gríðarlegur fengur að fá landslið Spánverja hingað til lands en með liðinu leika nokkrir af snjöllustu knattspyrnumönnum Evrópu.
**22.00 Tíufréttir**
▶ **22.25 Lögmál Murphys (5:6)** (Murphy's Law) Breskur spennumyndaflokkur um rannsóknarlögreglumanninn Tommy Murphy og glímu hans við glæpamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20** Íslandsmótið í vélhjólaakstri (3:4) **23.50** Kastljós **0.10** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Sisters

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement (20:25) **13.30** Meistarinn **14.15** Numbers **15.00** Amazing Race **16.00** Shin Chan **16.25** Mr. Bean **16.45** He Man **17.10** Nornafélagið **17.35** Músti **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons (9:22)**
**20.05 The Apprentice (6:14)** (Lærlingurinn)
**20.50 Las Vegas (22:23)** (Fidelity, Security, Delivery
▶ **21.35 NCIS (6:24)** (Glæpadeild sjóhersins) Glæpadeildin rannsakar sérkennilegt morð á eiginkonu sjóliða sem myrt var í beinni útsendingu á netinu. Bönnuð börnum.
**22.20 Curb Your Enthusiasm** Larry býst við því að þurfa að gefa Richard Lewis annað nýrað sitt og fer því að huga að því að hann þurfi sjálfur að finna sér góðan nýrnagjafa.

**22.55 Eleventh Hour** (Á elleftu stundu)
**0.05** Bones (16:22) (Bönnuð börnum) **0.50** Auto Focus (Stranglega bönnuð börnum) **2.35** Spy Hard (e) **3.55** David Bowie: Sound and Vision **5.20** Fréttir og Ísland í dag **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
▶ **19.30 Twins (11:18) (e)** (Musical Chairs)
**20.00 Seinfeld (16:22)** (The Stand-In)
**20.30 Sushi TV (10:10)**
**21.00 Bernie Mac (19:22)** (That Old Mac magic)
**21.30 Invasion (20:22)** (Run And Gun) Smábær í Flórída lendir í miðjunni á heiftarlegum fellibyl sem leggur bæinn í rúst. Eftir storminn hefst röð undarlegra atvika sem lögreglustjóri staðarins ákveður að kanna nánar. Kemur þá ýmislegt dularfullt í ljós sem engar rökréttar skýringar virðast á.

**22.20 Falcon Beach (11:27) (e)** (Trust This)
**23.10** Rescue Me (9:13) **23.55** Seinfeld (16:22)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Brúðkaupsþátturinn Já (e)

**16.20** Surface – NÝTT! (e) **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Beverly Hills 90210**
**19.45 Melrose Place** Hver man ekki eftir Jane og Michael Mancini, töffaranum Jake, hommanum Matt, hinni lánlausu Allison og góða gæjanum Billy?
**20.30 Whose Wedding is it Anyway?** Ný raunveruleikasería þar sem fylgst er með fólkinu sem undirbýr brúðkaup ríka og fræga fólksins.
▶ **21.30 Brúðkaupsþátturinn Já** Nú er komið að því að Elín María fer í gang í sjöunda árið í röð með Brúðkaupsþáttinn Já.
**22.30 Love Monkey** Tom fær tækifæri til þess að kaupa verk söngvara sem brotnaði undan álaginu í tónlistarbransanum fyrir mörgum árum.

**23.20** Jay Leno **0.05** Law & Order (e) **1.00** Rock Star: Supernova – tónleikarnir og kosningin **2.00** Beverly Hills 90210 (e) **2.45** Melrose Place (e) **3.30** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30 Kvöldfréttir**
**19.00 Ísland í dag**
▶ **19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.20 Brot úr fréttavakt**
**20.30 Örlagadagurinn (10:12)**
**21.00 Fréttir**
**21.10 48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hrafnaþing

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Emil og grísinn **8.00** Two Family House **10.00** James Dean **12.00** How to Lose a Guy in 10 Days **14.00** Emil og grísinn **16.00** Two Family House **18.00** James Dean **20.00 How to Lose a Guy in 10 Days** (Losnað við gæja á 10 dögum) Rómantísk gamanmynd sem sýnir að vegir ástarinnar eru óútreiknanlegir. Aðalhlutverk: Kate Hudson, Matthew McConaughey, Kathryn Hahn, Annie Parisse. Leikstjóri: Donald Petrie. 2003. Leyfð öllum aldurshópum. **22.00 People I Know** (Kunningjar) Dramatísk kvikmynd sem kemur verulega á óvart. Aðalhlutverk: Al Pacino, Kim Basinger, Ryan O'Neal, Téa Leoni. Leikstjóri: Daniel Algrant. 2002. Bönnuð börnum. **0.00** In America (Bönnuð börnum) **2.00** Pendulum **4.00** People I Know (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** E! Entertainment Specials **15.00** 50 Cutest Child Stars: All Grown Up **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Lionel & Nicole Richie **20.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **21.00** Wild On Tara **21.30** Wild On Tara **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** THS Lionel & Nicole Richie **1.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **2.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15





REYKJAVÍK SÍÐDEGIS
16-18.30 ALLA VIRKA DAGA

HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?
Bylgjan er vinsælasta útvarpsstöð landsins skv. nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup. Það eru sérlega ánægjuleg tíðindi á afmælisárinu sem eru okkur hvatning til frekari afreka.

BYLGJAN 20 ÁRA
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Ísland-Spánn Sjónvarpið kl. 19.55

*Vináttulandsleikur í knattspyrnu*



Liðið sem íslenska knattspyrnulandsliðið fær í heimsókn að þessu sinni er svo sannarlega eldra en tvævetra, en það eru engir aðrir en Miðjarðarhafspiltarnir frá Spáni sem munu heiðra Íslendinga með nærveru sinni. Leikurinn verður fyrsta viðureign Spánverja síðan þeir féllu úr leik á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi fyrir sterku liði Frakka. Leikurinn er einnig merkilegur fyrir þær sakir að þjóðirnar tvær, Ísland og Spánn, eru saman í undanriðli fyrir Evrópumótið og þess vegna eiga liðin eftir að spila tvo leiki í viðbót á næstunni. Þó að nokkrar af stórstjörnum liðanna sjái sér ekki fært að mæta ætti leikurinn að verða hin besta skemmtun.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | 8 | | | 5 | |
| | | 7 | | | 9 | | | 4 |
| | | 4 | | 6 | | 3 | | |
| | 4 | | | | | 2 | | 1 |
| | | | | | | | | |
| 1 | | 5 | | | | | 9 | |
| | | 1 | | 3 | | 5 | | |
| 2 | | | 5 | | | 4 | | |
| | 6 | | | 1 | | | 8 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 7 | 6 | 3 | 1 | 8 | 4 | 9 | 5 |
| 1 | 4 | 3 | 6 | 9 | 5 | 2 | 7 | 8 |
| 8 | 9 | 5 | 4 | 2 | 7 | 3 | 1 | 6 |
| 4 | 3 | 9 | 1 | 6 | 2 | 5 | 8 | 7 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 7 | 3 | 1 | 2 | 4 |
| 7 | 1 | 2 | 5 | 8 | 4 | 6 | 3 | 9 |
| 6 | 5 | 7 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 3 | 8 | 4 | 2 | 5 | 9 | 7 | 6 | 1 |
| 9 | 2 | 1 | 7 | 4 | 6 | 8 | 5 | 3 |



▶ **19.00**

*Lyftingar*

STERKASTI MAÐUR HEIMS '86

SÝN besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Kóngur um stund (6:16)**

▶ **19.00 World's Strongest Man** (Sterkasti maður heims) Nú er röðin komin að keppninni 1986.

**20.00 Steven Gerrard: Ár í líf** (Steven Gerrard – A Year In the Life) Nýr þáttur um enska landsliðsmanninn Steven Gerrard hjá Liverpool.

**21.00 Einvígið á Nesinu** (Einvígið á Nesinu) Árlega fer fram óvenjulegt en skemmtilegt golfmót til styrktar góðu málefni á Nesvellinum á Seltjarnarnesi.

**21.30 Ensku mörkin 2006-2007**

**22.00 HM leikur endursýndur 2006** Upptaka frá leik á HM í Þýskalandi.

**23.40** KB banka mótaröðin í golfi 200

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.03** Hádegisútvarp **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Einn, tveir, þríri **15.03** Hið ómótstæðilega bragð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Litla flugan **19.40** Laufskálinn **20.20** Óvissuferð – allir velkomnir **21.10** Eitt sinn lifði ég guðanna sæld **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **22.30** Kvöldsagan **23.00** Eiginkonur gömlu meistaranna **23.05** Viðeyjarferjan **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **20.00** Fótboltarásin **22.10** Rokkland **0.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson **12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis **18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður


# Prentarar fyrir skólann og á skrifborðið

## Gæði, hraði og hagkvæmni með Canon

### Canon iP2200 bleksprautuprentari

**Hraðvirkur og notendavænn**

- Prentar 10x15 blæðandi myndir í ljósmyndagæðum á u.þ.b. 55 sek.
- Prentar allt að 22 A4 bls. á mín. í svarthvítu og 17 A4 bls. á mín. í texta og grafík.
- 4800x1200 dpi prentupplausn. Tvö blekhylki.
- ChromaLife100 kerfið frá Canon lengir líftíma útprentaðra mynda.



**Verð 9.900 kr.**

### Canon iP4200 bleksprautuprentari

**Mikil afköst**

- 9600x2400 dpi prentupplausn.
- Prentar beint á DVD/CD, sjálfvirk tvíhliða prentun, tvær pappírsskúffur.
- ChromaLife100 kerfið frá Canon lengir líftíma útprentaðra mynda.
- Prentar allt að 30 A4 bls. á mín. í svarthvítu og 24 A4 bls. á mín. í texta og grafík.
- Single Ink blekhylkjakerfi Canon stuðlar að lægri rekstrarkostnaði.



**Verð 16.900 kr.**

### Canon MP170 fjölnota prentari

**Sameinar hágæða prentun af myndavél og minniskorti ásamt litaskönnun og ljósritun**



- 4800x1200 dpi prentupplausn með Canon FINE tækninni.
- Prentar 10x15 cm myndir í lit í ljósmyndagæðum á 55 sek.
- Prentar allt að 22 A4 bls. á mín. í svarthvítu og 17 A4 bls. á mín. í texta og grafík.
- Ljósritar 22 bls. á mín. í svarthvítu og allt að 17 bls. á mín. í lit.
- ChromaLife100 kerfið frá Canon lengir líftíma útprentaðra mynda.

**Verð 14.900 kr.**

### Canon iP5200 bleksprautuprentari

**Fyrsta flokks ljósmyndagæði og mikill prenthraði**

- Prentar 10x15 blæðandi myndir í ljósmyndagæðum á u.þ.b. 36 sekúndum.
- Prentar allt að 30 A4 bls. á mín. í svarthvítu og 24 A4 bls. á mín. í texta og grafík.
- Prentar beint á DVD/CD, sjálfvirk tvíhliða prentun, tvær pappírsskúffur.
- 9600x2400 dpi prentupplausn.
- ChromaLife100 kerfið frá Canon lengir líftíma útprentaðra mynda.
- Single Ink blekhylkjakerfi Canon stuðlar að lægri rekstrarkostnaði.



**Verð 19.900 kr.**

### Canon iP5200R bleksprautuprentari

**Engar snúrur**

- Þráðlaus prentun gerir öllum á heimilinu kleift að nota einn prentara án þess að snúrur flækist fyrir.
- 9600x2400 dpi prentupplausn.
- Prentar allt að 30 A4 bls. á mín. í svarthvítu og 24 A4 bls. á mín. í texta og grafík.
- Prentar 10x15 cm myndir í lit á aðeins 36 sek. í gæðum sem jafnast á við framköllunarþjónustuna.
- Hægt að prenta á DVD/CD.
- ChromaLife100 kerfið frá Canon lengir líftíma útprentaðra mynda.
- Single Ink kerfið tryggir lægri rekstrarkostnað.



**Verð 29.900 kr.**

### Canon MP500 fjölnota prentari

**Með 6.3 cm LCD litaskjá – Einnig DVD/CD prentun og sjálfvirk prentun beggja megin**

- 9600x2400 dpi prentupplausn.
- Prentar 10x15 blæðandi myndir í ljósmyndagæðum á u.þ.b. 51 sek.
- Prentar allt að 22 A4 bls. á mín. í svarthvítu og 17 A4 bls. á mín. í texta og grafík.
- Ljósritar 29 bls. á mín. í svarthvítu og 19 bls. á mín. í lit.
- ChromaLife100 kerfið frá Canon lengir líftíma útprentaðra mynda.
- Einfalt að skoða og prenta út með því að nota 6.3 cm LCD litaskjá.
- Skýr skönnun með 1200x2400 dpi prentupplausn.
- Fjölnota prentari með DVD/CD prentun og sjálfvirk tvíhliða prentun – duplex.
- Single Ink blekhylkjakerfi Canon stuðlar að lægri rekstrarkostnaði.



**Verð 26.900 kr.**

þú þekkir Canon

Söluaðilar um land allt
www.nyherji.is/canon



## HRÓSIÐ FÁ...

*Hugrún Árnadóttir og Magni Þorsteinsson en búðin þeirra KronKron var valin ein af sjö flottustu búðum heims af danska tímaritinu Eurowoman.*

# Frímann Gunnarsson aftur á skjáinn

„Við erum akkúrat á fyrsta tökudegi í dag. Við erum búnir að sitja við handritsskrif í allt sumar og þetta verða alls átta þættir til viðbótar,“ segir Gunnar Hansson leikari um nýja þáttaröð af Sigtinu með Frímanni Gunnarssyni sem verður á dagskrá Skjás eins í vetur.

Sigtið sló í gegn í fyrravetur, öllum að óvörum satt best að segja. Um var að ræða grínþætti sem Gunnar gerði í félagi við leikarana Halldór Gylfason og Friðrik Friðriksson, auk Ragnars bróður síns. Það virtist taka Íslendinga smá tíma að ná húmornum í þáttunum en þegar það hafðist urðu flestir tryggir aðdáendur. Gunnar segir að í nýju þáttaröðinni verði öðruvísi sjónarhorn á líf Frímanns. „Þeir munu heita Sigtið án Frímanns Gunnarssonar, enda gloprar hann þáttunum sínum út úr höndunum í fyrsta þættinum. Hver þáttur verður sjálfstæð saga um ævintýri Frímanns þegar hann reynir að fóta sig í lífinu. Ég get alveg sagt það að hann er ekkert mikið sleipari á þeim vettvangi,“ segir Gunnar.

Auk þeirra sem áður eru nefndir koma nokkrir gestaleikarar við sögu í nýju seríunni, til að mynda Helga Braga, Álfrún Örnólfsdóttir, Jón Gnarr, Siggi Sigurjóns og Eggert Þorleifsson. „Og svo Dóra Jóhanns sem var að útskrifast. Við gefum henni fyrsta sénsinn og ætlum að búa til nýja stjörnu.“ Tökur á Sigtinu standa út ágústmánuð en sýningar hefjast svo í október. Á næstunni verður gefinn út veglegur DVD-diskur með fyrstu þáttaröðinni en með fylgir heill diskur með aukaefni. **-hdm**



**FRÍMANN GUNNARSSON** Sjónvarpsstjarnan snýr aftur í október en er reyndar búin að tapa sjónvarpsþáttunum sínum.



**SIGTIÐ** Varð óvænt afar vinsæll gamanþáttur á Skjá einum í fyrravetur. Önnur sería verður sýnd næsta vetur. Frá vinstri eru leikararnir Halldór Gylfason, Gunnar Hansson og Friðrik Friðriksson.



**LÁRÉTT** 2 flík 6 ógrynni 8 innri forstofa 9 þukl 11 hljóta 12 uppskrift 14 rjál 16 sjó 17 samhliða 18 vitfirring 20 í röð 21 titra.

**LÓÐRÉTT** 1 lás 3 skammstöfun 4 sendir 5 rá 7 heimska 10 útsæði 13 angan 15 innyfli 16 haf 19 hreyfing.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 pels, 6 of, 8 hol, 9 kát, 11 fá, 12 afrit, 14 ræni, 16 sæ, 17 með, 18 æði, 20 tu, 21 riða.

**LÓÐRÉTT:** 1 loka, 3 eh, 4 loftnet, 5 slá, 7 fáfræði, 10 træ, 13 ilm, 15 iður, 16 sær, 19 ið.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Kronkron
2. Tíu þúsund áhorfendur
3. Apocalypto






HALLUR HELGASON: GERÐI GÓÐAN TÚR TIL NOREGS

# Vann Golf í norsku skafmiðahappdrætti

Athafnamaðurinn Hallur Helgason gerði heldur betur góðan túr til Noregs um helgina. Hallur var gestur í fertugsafmæli vinar síns, kvikmyndagerðarmannsins Friðriks Hilmarssonar, sem búið hefur í Noregi um árabil. Þegar laus stund gafst frá hátíðahöldunum brá Hallur sér út í næstu verslun til að verða sér úti um helstu nauðsynjar. Fyrir algjöra tilviljun keypti hann sér svo skafmiða en Hallur er ekki mikill happdrættismaður þótt happahrólfur sé. Áður en Hallur vissi af hafði hann unnið glænýjan Volkswagen Golf.

„Mér finnst þetta nú lítið fréttaefni og algjör óþarfi að hampa þessu,“ sagði Hallur þegar Fréttablaðið náði tali af honum á flugvellinum í Ósló í gærdag. „Er ekki fólk alltaf að vinna eitthvað í happdrættum, alls kyns vitleysingar að vinna alls kyns vitleysu,“ sagði hann ennfremur.

Bíllinn sem um ræðir er Volkswagen Golf af nýjustu gerð. Slíkir bílar voru auglýstir til sölu hjá umboðsaðila á um tvær milljónir hérlendis í síðustu viku. Verðlag á bílum í Noregi er nokkuð annað og verðmæti vinningsbíls Halls er um fjórar milljónir íslenskra króna. Ekki alslæmur happdrættisvinningur það, þó væntanlega þurfi að greiða skatt af vinningnum.






**HALLUR HELGASON** Keypti sér skafmiða í Ósló um helgina og vann glænýjan Golf. Hann ætlar að selja bílinn og nota ágóðann til að borga skuldir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hallur var alveg með það á hreinu hvað yrði um Golfinn þegar hann var spurður í gær. „Ég hef ekki séð þennan bíl og mun ekki gera það. Hann verður bara seldur og svo notar maður ágóðann í að borga einhverjar skuldir,“ sagði Hallur Helgason, kátur á flugvellinum í Ósló á heimleið. **hdm@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fréttir af Morrissey í þessum dálki hafa farið fyrir brjóstið á dyggustu aðdáendum tónlistarmannsins. Ýmsar sögusagnir hafa verið á kreiki um hvort **Morrissey** hafi komið til Íslands að degi til eða um kvöld. Ákaflega dyggur aðdáandi sagðist vera þess fullviss um að hann hefði keypt sér skyrtur í Kringlunni og elti hann á röndum til að fullvissa sig um að þetta væri örugglega söngvarinn. Annar var mjög öruggur um að Morrissey hefði verið með sér í kvöldvél frá Ósló og var með eiginhandaráritun þessu til sönnunar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hvíldi hins vegar mikil leynd yfir komu Morrissey og blandaði hann ekki geði við fólkið í sínum hópi heldur hélt sig til hlés. Hvort sem Morrissey var í Ósló eða Kringlunni er ljóst að hann var trúr hinni miklu goðsögu sem ríkir um þennan breska tónlistarmann.



Mikið fjölmenni var á Dalvík þegar Fiskidagurinn mikli var haldinn með pompi og prakt eins og sjá má í blaðinu í dag. Flestir gestanna tóku hraustlega til matar síns enda ýmiss konar góðgæti á boðstólum. Mesta athygli vöktu saltfiskvöfflur sem eitt borgarbarnið gat ekki látið inn fyrir sínar varir. Fjöldi tónlistarmanna lagði sitt af mörkum til að halda uppi stuðinu og vakti mikla athygli hvernig Brain Police var kynnt í dagskránni. „**Jónbi Rikka** og hinir rokkararnir í Brain Police.“ Það var því greinilegt að ekki var sama hvort var, Dalvíkingur eða ekki Dalvíkingur.



**Björk Guðmundsdóttir** er í góðum hópi tónlistarmanna sem hafa valið lög á afmælispakka Rough Trader-útgáfunnar en hún fagnar þrjátíu ára afmæli um þessar mundir. Platan kemur út í byrjun september og samkvæmt tónlistarvefnum poppland.is er Björk í hópi með Bobbie Gillespie, forsprakka Primal Scream, og Jarvis Cocker, söngspíru Pulp. Björk valdi lagið Stupid Fambaloo með hljómsveitinni Matmos en hún á síðan sjálf lag á þessum tvöfalda pakka, lagið Where Is The Line sem Richard Russell valdi. **-fgg**








# Jónsi og Grána fallegustu hænsnin

Haninn Jónsi á svörtum fötum og hænan Grána sigruðu í samkeppni um fallegustu landnámshænsnin á árlegri sýningu Eigenda- og ræktendafélags landnámshænsna sem haldin var á Hrafnagili í Eyjafirði um helgina.

„Það var alveg ótrúlega mikil ásókn gesta á sýninguna en ekki eins margir sýnendur og áður,“ segir Jóhann Harðardóttir, formaður Eigenda- og ræktendafélags landnámshænsna, en þetta var í fyrsta sinn sem sýningin er haldin utan Reykjavíkur.

Það kom í hlut áhorfenda að velja fallegustu hænsnin og bárust um 700 atkvæði. „Það er með hænsnin, eins og önnur íslensk dýr, að þau eru litskrúðug og með fallegar litasamsetningar. Fólk sem hefur ekki mikið vit á þessu velur oftast eftir fegurð hænsnanna,“ segir Jóhanna. „Jónsi er ofsalega flottur hani, með fallega litasamsetningu, svartur, hvítur og svolítið rauður. Hann heillaði fólk með litunum. Grána er hins vegar steingrá, sem er mjög óvanalegt. Í því tilviki voru þeir sem höfðu vit og ekki vit sammála enda fékk hún mjög góða kosningu.“

Aðrir verðlaunahafar voru Toppur frá Laxamýri og Kraftur frá Bringu, Doppa frá Laxamýri og Rjúpa Einars Gíslasonar á Brúnum.

Þá var leitað að raddsterkasta hananum og reyndist sá vera Bubbi en gal hans mældist 96 desibil í návígi. **- kh**



**FALLEGUSTU HÆNSNIN** Verðlaunahaninn Jónsi er í eigu Einars Gíslasonar á Brúnum, en Atli Vigfússon á Laxamýri er eigandi Gránu.


Ótrúlegt verð
á skólavörum
Úlpa
svört, dökkblá,
dökkgrá
st. 7/8-13/14
3.999kr
Úlpa
dökkgræn, svört,
hvít
st. 7/8-13/14
3.999kr
Kanvas skór
margar gerðir
st. 24-45
verð frá 2.999kr
1kr/stk
aðeins 2 stk.
á mann
Límstifti
Vinsælar skólavörur í úrvali
1kr/pk
aðeins 2 pk.
á mann
Vaxlitir 16 stk. í pakka
Vandaðar skólatöskur í úrvali
Gildir til 16. ágúst eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS




**BAKÞANKAR**


ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


## Gangan langa

Í mínu ungdæmi var lífseigur orðrómur á sveimi um að viss persóna í hverfinu væri kynvillingur. Allir vissu hver og hvar hann bjó en því miður tókst mér aldrei að sjá neitt afbrigðilegt í fari þessa hversdagslega manns. Kannski vegna þess að ég var bara svona átta ára og hélt að kynvillingar ættu allir að vera jafn afgerandi og Gulli, rakarinn hans pabba. Í samanburðinum varð hverfiskynvillingurinn rosalega dauflegur og við misstum fljótlega áhugann á að njósna um hann en snerum okkur að fyllibyttunni í blokkinni í staðinn.

**SÁ** viðsnúningur sem orðið hefur á lífsgæðum samkynhneigðra síðan blóðþyrstur krakkaskarinn lá á gluggum er ekkert minna en kraftaverk. Viðurkenning samfélagsins á tilvist homma og lesbía og stuðningur við kröfu þeirra um jöfn lífsgæði er orðinn svo almennur að tugþúsundir hafa sig í bæinn í hina árlegu gleðigöngu. Þótt fjöldi samkynhneigðra sem í gegnum tíðina hefur þjáðst vegna þröngsýni og fordóma sé ótalinn og enn bíði áfangar, þá gefur fjöldi þeirra sigra sem unnist hafa á stuttum tíma öðrum hópum von.

**KANNSKI** liggur árangur homma og lesbía í viðhorfinu. Í stað þess að bara væla og skæla um óréttlæti og kúgun dressa þau sig upp í jafn fjölbreytta búninga og hugmyndaflugið leyfir og leggja bæinn undir sig. Ákveða sitt réttlæti sjálf. Syngja, dansa og gleðjast yfir sjálfum sér og öðrum svo jafnvel þeir algagnkynhneigðustu hrífast með.

**HVORT** sem barist er fyrir réttindum kvenna, öryrkja, aldraðra eða náttúru landsins virðist það ekki skila sérlegum árangri að standa feimin og fá með músarleg slagorð á spjaldi. Samtökin ´78 gætu hinsvegar haldið námskeið um árangursríka réttindabaráttu því aðrir hópar gætu lært sitthvað af aðferðum þeirra. Ég er ekki endilega að hvetja ellilífeyrisþega til að dansa niður Laugaveginn með fjaðraskúfa og vængi eða skora á öryrkja að fletta sig klæðum á almannafæri. Galdurinn gæti hinsvegar falist í því hugarfari að jafnrétti sé eðlilegt, ekki í fjarlægri framtíð, heldur hér og nú. Jafnrétti er ekki einkamál þeirra sem það skortir. Það kemur öllum við sem vilja búa í almennilegu samfélagi.


www.volkswagen.is




Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

